



SKÓLI ÁN AÐGREININGAR OG SÉRSTAKUR STUÐNINGUR VIÐ NEMENDUR Í GRUNNSKÓLUM

Skóli án aðgreiningar og sérstakur stuðningur við nemendur
Stefna skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar

Útgefandi: Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Ábyrgðamaður: Ragnar Þorsteinsson, sviðsstjóri SFS

Ritstjórn: Hrund Logadóttir, Steinunn Ármannsdóttir og Sara Björg Ólafsdóttir

Október 2012

*Skóli án aðgreiningar byggir á viðurkenningu og þátttöku allra nemenda.
Námskráin er merkingarbær fyrir alla nemendur og námsumhverfið einkennist af
margbreytileika. Allir nemendur njóta virðingar og ná besta mögulega árangri.
Skólastarf án aðgreiningar er ferli í sífelldri þróun, allt skólastarfið er heildstætt
og samþætt og stuðningur er veittur eftir þörfum hvers og eins.*



Samantekt stefnupáttta

Leiðarljós stefnunnar:

Grunnskólar Reykjavíkur eru án aðgreiningar þar sem allir nemendur eru virkir og fullgildir þátttakendur í skóla- og námssamfélaginu á jafnréttisgrunni.

Sveigjanlegt nám, fjölbreyttir kennsluhættir og sérstakur stuðningur:

- *Allir grunnskólar leggi áherslu á sveigjanlega og fjölbreytta náms- og kennsluhætti til að mæta þörfum allra nemenda í almennu námsumhverfi.*
- *Í hverjum skóla sé árlega unnin heildaráætlun um skipulag sérstaks stuðnings við nemendur, þar sem fram kemur hvernig margbreytilegum hópi nemenda verði mætt náms- og félagslega í skólastarfinu.*
- *Í hverjum skóla sé gerð móttökuáætlun vegna nemenda sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda og sé hún aðgengileg á heimasíðu skólans.*
- *Í hverjum skóla sé metið hvort í skólanum eru nemendur sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda og brugðist við með viðeigandi hætti.*
- *Sérstakur stuðningur við einstaka nemendur sé hluti af almennu skólastarfi og sé markmið hans að styðja við nemandann í skóla án aðgreiningar, tryggja honum jákvæðar námsaðstæður, besta mögulega námsárangur og líðan.*
- *Þegar grunur vaknar hjá kennurum og/eða foreldrum um að styðja þurfi nemanda sérstaklega til aukinna framfara náms- og/eða félagslega, skal annars vegar skoða hvort kennslan, markmiðin og námsumhverfið eru við hæfi og hins vegar meta hvort nemandinn hafi þörf fyrir sérstakan stuðning eða þjónustu.*
- *Þegar styðja þarf nemanda til aukinna framfara og þátttöku með sérstökum viðbrögðum, breytingum á námsaðstæðum og/eða kennsluaðferðum skal, í samstarfi við foreldra, gera rökstudda einstaklingsnámskrá sem byggð er á heildaraðstæðum nemandans.*
- *Þegar styðja þarf nemanda til aukinna framfara og þátttöku með sérstökum viðbrögðum, breytingum á námsaðstæðum og/eða kennsluaðferðum skal skólinn stofna til samstarfs við þá fagaðila og stofnanir sem að málum nemandans koma.*
- *Þegar nemandi, sem nýtur sérstaks stuðnings, lýkur grunnskólanámi og hefur nám í framhaldsskóla skal gera sérstaka áætlun um skólaskil.*
- *Í hverjum skóla sé starfrækt ráðgjafar- og stuðningsþjónusta við nemendur og starfsfólk.*

Sérskólar og sérdeildir í heildstæðu skólasamfélagi:

- *Sérskólar, sérdeildir og aðrir grunnskólar borgarinnar efli með sér markvisst samstarf og gagnkvæm tengsl nemenda og starfsfólks.*
- *Stofnað verði til fjögurra þátttökubekkja undir stjórn Klettaskóla. Fyrsti þátttökubekkurinn taki til starfa haustið 2013 og hinir með tveggja ára millibili þannig að allir bekkirnir verði farnir að starfa haustið 2019.*
- *Brúarskóli annast þjónustu við grunnskóla borgarinnar vegna nemenda í 1.-3. bekk, annars vegar með ráðgjöf til kennara og starfsfólks skóla og hins vegar með beinni handleiðslu við kennara og starfsfólk í viðkomandi grunnskóla.*
- *Allir nemendur Brúarskóla á miðstigi, í 4.-7. bekk, stundi nám sitt í þátttökubekkjum í sínum heimahverfum. Stofnaðir verði þrír nýir þátttökubekkir, í Grafarvogi, Grafarholti/Árbæ og vestan Elliðaána þannig að fyrsti þátttökubekkurinn taki til starfa haustið 2013. Allir bekkirnir hafi tekið til starfa í síðasta lagi haustið 2017.*
- *Þegar nemandi, að lokinni skólavist í Brúarskóla, á við svo alvarlegan atferlisvanda og geðrænan vanda að etja að hann stofnar sjálfum sér og/eða öðrum í hættu, nýtur ekki skólagöngu sinnar og tekur ekki framförum í námi þrátt fyrir sértækan stuðning, vinnur heimaskóli, Brúarskóli og frístund í samstarfi við sérfræðiþjónustu við skóla og/eða barnavernd og aðra fagaðila að heildstæðu, sértæku úrræði fyrir nemandann.*
- *Brúarskóli vinni, í samstarfi við Velferðarsvið, SÁÁ, Barnaverndarstofu og heilbrigðisþjónustu að samþætту skóla- og meðferðarúrræði fyrir nemendur í alvarlegum vímuefnavanda.*
- *Grunnskólar með sérdeildir fyrir nemendur með einhverfu hafi samstarf um að vinna markvisst að þróun deildanna í skóla án aðgreiningar.*
- *Hlíðaskóli vinni markvisst að því að verða tvítyngdur skóli þar sem íslenskt táknmál og íslenskt talmál eru jafnréttá.*

Ráðgjöf við starfsfólk skóla, nemendur og foreldra:

- *Stofnað verði til Miðlunartorgs þekkingar, reynslu og verkefna sem tryggi sambærilega ráðgjafarþjónustu fyrir alla skóla í borginni, nemendur og foreldra. Miðlunartorgið verði samstarfsvettvangur skólaþjónustu á þjónustumiðstöðvum og ráðgjafarþjónustu sérskóla og sérdeilda.*
- *Hlutur kennsluráðgjafar í sérfræðiþjónustu við skóla verði aukinn til jafns við sálfræðiráðgjöf svo og fjölbreytni þjónustunnar með því að fá fleiri fagstéttir til starfa s.s. talmeinafræðinga og þroskaþjálfar.*
- *Sérfræðiþjónusta við skóla vinni markvisst að auknu samstarfi við sérhæfð greiningar- og meðferðarúrræði á vegum ríkisins vegna einstakra nemenda eða málaflokka.*

- **Ráðgjafarþjónusta sérskóla og sérúrræða við grunnskóla verði efld og færð eins og kostur er inn á vettvang nemenda og kennara. Sérskólar og sérdeildir hafi með sér samstarf um ráðgjöf og þjónustu við nemendur og kennara.**
- **Ráðgjafarsvið Brúarskóla vinni í samstarfi við sérfræðiþjónustu skóla á þjónustumiðstöðvum, hafi samstarf við félagsþjónustu, barnaverndaryfirvöld og heilbrigðisþjónustu, bæði varðandi einstaka nemendur og málaflokkinn í heild.**

Úthlutun fjármagns:

Úthlutun fjármagns til grunnskóla vegna sérstaks stuðnings við nemendur verði með þrennum hætti:

- a) **Skóli fær úthlutað fjármagni til stuðnings við nemendur með almenna og sértæka námserfiðleika, svo sem í lestri, íslensku og stærðfræði, vegna raskana á hreyfifærni og mál- og talörðugleika. Úthlutun tekur mið af nemendafjölda í skóla. Skólar skipuleggi stuðning í samræmi við stefnu um skóla án aðgreiningar og sérstakan stuðning við nemendur í grunnskólum Reykjavíkur.**
- b) **Skóli fær úthlutað fjármagni til þjónustu og sérstaks stuðnings við mikið fatlaða nemendur og nemendur með alvarlegar raskanir. Skólar geri heildaráætlun, sbr. 10. gr. reglugerðar um nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010, um þá þjónustu sem þeir hyggjast veita og skal áætlunin vera í samræmi við stefnu borgarinnar um skóla án aðgreiningar og sérstakan stuðning við nemendur. Í áætluninni skal annars vegar gera grein fyrir fyrirkomulagi sérstaks stuðnings vegna fatlaðra nemenda og hins vegar sérstaks stuðnings vegna hegðunar, tilfinningalegra og félagslegra örðugleika. Auk heildarskipulags skal koma fram fjöldi nemenda og greiningar þeirra sem njóta sérstaks stuðnings innan áætlunarinnar og hvernig þörfum einstakra nemenda verður mætt. Stuðst er við þau viðmiðunarstig um fatlanir og þroska- og geðraskanir sem Jöfnunarsjóður sveitarfélaga styðst við í vinnureglum sínum.**
- c) **Þegar nemendahópur skóla vikur verulega frá því sem almennt er í skólum s.s. varðandi fjölda nemenda af erlendum uppruna, nemenda með þroskaraskanir, erfiðar félagslegar aðstæður og fjölda barnaverndartilkynninga getur skóli sótt um sérstakt fjármagn á grundvelli áætlunar um viðbrögð.**

Innleiðing, framkvæmd og mat:

Innleiðing stefnu þessarar fer fram í samstarfi allra aðila skólasamfélagsins í borginni

Skóla- og frístundasvið, grunnskólar og sérfræðiþjónusta við leik- og grunnskóla hafi með sér samstarf um skipulag og framkvæmd kynninga og samræðu um stefnu þessa meðal aðila skólasamfélagsins með það að markmiði að byggja upp gagnkvæmt traust og virðingu milli skóla og samfélags og sameiginlegan skilning á stefnunni. Áætlun verði unnin og samræðan fari af stað á haustönn 2012.

- a) **Skóla- og frístundasvið, í samstarfi við símenntunarstofnanir, móti áætlun um leiðir til þjálfunar og símenntunar fyrir stjórnendur, kennara og annað starfsfólk skólanna varðandi mannréttindi, jafnrétti, nám án aðgreiningar, vinnu í skóla án aðgreiningar og leiðtogaþæfni í skóla án aðgreiningar.**
- b) **Skóla- og frístundasvið, í samstarfi við sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla, vinni áætlun um leiðir fyrir skóla og starfsfólk þeirra til að endurskoða starfs- og kennsluhætti með tilliti til stefnu um skóla án aðgreiningar.**
- c) **Skólar endurskoði skólanámskrár sínar með tilliti til stefnu um sérstakan stuðning við nemendur í grunnskólum Reykjavíkur fyrir 2015. Í endurskoðuðum skólanámskrám skal koma fram hvernig hugmyndafræði skóla án aðgreiningar birtist í skólastarfinu, hvernig skólinn hyggst bregðast við margbreytileika nemendahópsins, stuðla að besta mögulega námsárangri allra nemenda og viðbrögð gagnvart fordómum. Endurskoðunin skal fara fram í samráði við alla aðila skólasamfélagsins.**
- d) **Á skóla- og frístundasviði verði unnin viðmið og ferlar til að meta og skoða framkvæmd og áhrif stefnu um skóla án aðgreiningar og sérstakan stuðning við nemendur í grunnskólum Reykjavíkur. Viðmið og ferlar verði tilbúin í upphafi skólaárs 2013-2014**
- e) **Mat á framgangi og framkvæmd stefnunnar fari fram í skólum borgarinnar árlega frá og með vori 2014 og niðurstöður kynntar öllum aðilum skólasamfélagsins.**

Efnisyfirlit

Inngangur	11
Heildarstefnumörkun og hugmyndafræði.....	14
Skóli margbreytileikans – án aðgreiningar	15
Leiðarljós stefnunnar.....	19
1. Sveigjanlegt nám, fjölbreyttir kennsluhættir og sérstakur stuðningur	20
1.1. Sérstakur stuðningur við nemendur í skólastarfi	21
1.1.1. Heildaráætlun skóla um sérstakan stuðning við nemendur	21
1.1.2. Móttökuáætlun	21
1.2. Sérstakur stuðningur við einstaka nemendur eða nemendahópa	22
1.2.1. Sérstakur stuðningur við einstaka nemendur:	22
1.2.2. Mat á þörfum nemanda fyrir sérstakan stuðning	22
1.2.3. Einstaklingsnámskrá	23
1.2.4. Samstarf við fagaðila vegna einstakra nemenda.....	24
1.2.5. Útskrift nemenda sem njóta sérstaks stuðnings úr grunnskóla	25
1.3. Ráðgjafar- og stuðningsþjónusta í skóla án aðgreiningar	26
2. Sérskólar og sérdeildir í heildstæðu skólasamfélagi	27
2.1. Klettaskóli – grunnskóli fyrir nemendur með þroskahömlun.....	27
2.2. Brúarskóli – grunnskóli fyrir nemendur með hegðunar-, félags- og tilfinningalegan vanda. 28	
2.3. Sérúrræði innan grunnskóla fyrir nemendur með einhverfu	29
2.4. Táknmálssvið	30
3. Ráðgjöf við starfsfólk skóla, nemendur og foreldra	31
3.1. Sérfræðiþjónusta við leik- og grunnskóla á þjónustumiðstöðvum	31
3.2. Ráðgjafarþjónusta sérskóla og sérúrræða.....	32
4. Úthlutun fjármagns	34
5. Innleiðing, framkvæmd og mat	37
Heimildir	39
Fylgiskjöl	41

Inngangur

Menntaráð Reykjavíkur ákvað á fundi sínum 8. september 2010 að fela fræðslustjóra að stofna starfshóp um endurskoðun á stefnu fræðsluráðs Reykjavíkur um sérkennslu frá 2002. Hópnum var ætlað að skoða stefnuna með tilliti til nýrra laga um grunnskóla nr. 91/2008, reglugerðar um nemendur með sérþarfir nr. 585/2010, reglugerðar um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla nr. 584/2010, nýrrar aðalnámskrár grunnskóla og með tilliti til niðurstaðna starfshópa menntasviðs um málefni sem varða nemendur með sérþarfir. Hópurinn starfaði samkvæmt erindisbréfi (sjá fylgiskjal 1).

Fulltrúar í starfshópnum voru:

Hrund Logadóttir, verkefnastjóri sérkennslu á grunnskólaskrifstofu Menntasviðs/skóla- og frístundasviðs, formaður starfshópsins.

Hildur Eggertsdóttir, aðstoðarskólastjóri Öskjuhlíðarskóla, fulltrúi Félags skólastjórna í Reykjavík.

Þórður Kristjánsson, skólastjóri Seljaskóla, fulltrúi Félags skólastjórna í Reykjavík.

Þorgerður Diðrikisdóttir, grunnskólakennari í Grandaskóla, fulltrúi Kennarafélags Reykjavíkur.

Bergþóra Valsdóttir, fulltrúi Samfoks

Inga Þóra Geirlausdóttir, sérkennsluráðgjafi á Þjónustumiðstöð Breiðholts, fulltrúi Þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar

Arthur Morthens sérfræðingur sérkennslumála á skrifstofu fræðslustjóra, Menntasviði.

Sara Björg Ólafsdóttir, sérfræðingur á Tölfræði- og rannsóknarþjónustu Menntasviðs, starfsmaður hópsins.

Steinunn Ármannsdóttir, verkefnastjóri á grunnskólaskrifstofu Menntasviðs, starfsmaður hópsins.

Helstu verkefni hópsins voru samkvæmt erindisbréfi:

Að endurskoða stefnuna með tilliti til:

- Laga um grunnskóla nr. 91/2008
- Reglugerðar um nemendur með sérþarfir nr. 585/2010
- Reglugerðar um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla nr. 584/2010
- Reglugerðar um um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011
- Nýrrar aðalnámskrár grunnskóla.
- Skýrslu starfshóps um sérfræðipjónustu skóla frá janúar 2008.
- Annarra skýrslna starfshópa Menntasviðs sem varða nemendur með sérþarfir.
- Athugana og kannana Tölfræði- og rannsóknarþjónustu Menntasviðs varðandi nemendur með sérþarfir.
- Að gera tillögur að nýrri og endurskoðaðri stefnu um þjónustu við nemendur með sérþarfir. Þar með talið tillögur að reglum um úthlutun fjármagns vegna nemenda með sérþarfir í almennum grunnskólum, sérdeildum og sérskólum
- Að gera tillögur að útfærslu stefnunnar með tilliti til aðgengis að upplýsingum varðandi réttindi, ferla og reglur, m.a. fyrir foreldra.

Fundir starfshópsins:

Auk þess að fjalla um ný lög, reglugerðir, aðalnámskrá og önnur gögn sem starfshópnum var ætlað að vinna út frá fékk hópurinn til sín fræðimenn á sviði fötlunarfræða, skólafólk og starfsmenn stofnana sem fara með málefni nemenda með sérþarfir. Eftirfarandi gestir komu á fundi hjá starfshópnum:

- Friðrik Sigurðsson, framkvæmdastjóri Þroskahjálpar, og Atli Lýðsson, varaformaður Þroskahjálpar. Rætt var um áherslur Þroskahjálpar varðandi skólagöngu, nám og kennslu nemenda með þroskahömlun.
- Kristín Axelsdóttir, deildarstjóri sérkennslu í Álftamýrarskóla. Rætt var um mat á sérkennslu og endurskipulagningu kennsluhátta og sérkennslu í skóla án aðgreiningar.
- Anna Kristín Sigurðardóttir, lektor í skólaþróun og deildarforseti Kennaradeildar Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Rætt var um nálgun á hugmyndafræði skóla án aðgreiningar í kennaranáminu.
- Embla Ágústsdóttir, vefstýra Rannsóknarseturs í fötlunarfræðum við HÍ og varaformaður stjórnar NPA miðstöðvarinnar. Rætt var um félagslegan skilning á fötlun og upplifun nemanda sem greindur er með „sérþarfir“ í skólakerfinu.
- Guðni Olgeirsson, sérfræðingur í Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Rætt var um tengsl lagasetningar og stefnumótunar um skóla án aðgreiningar við stefnumótun og alþjóðlega samninga í menntamálum í Evrópulöndum.
- Dóra S. Bjarnason, prófessor í félags-, fötlunar og sérkennslufræðum og námsbrautarstjóri Uppeldis- og menntunarfræðideildar Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Rætt var um þróun umræðu og breyttar áherslur á undanförunum árum varðandi sérkennslu í skóla án aðgreiningar.
- Hafdís Guðjónsdóttir, dósent í kennslufræði og sérkennslufræði við Kennaradeild Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Rætt var um menntun án aðgreiningar. Skóli fyrir alla?
- Helgi Viborg, deildarstjóri, Bryndís Guðmundsdóttir, kennsluráðgjafi, Helgi Hjartarson, deildarstjóri og Una Björg Bjarnadóttir, kennsluráðgjafi; starfsmenn við sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla á þjónustumiðstöðvum. Kynning á sjónarmiðum starfsfólks í skólaþjónustu á þjónustumiðstöðvum.
- Hanna Unnsteindóttir, móðir drengs með sérþarfir. Rætt var um reynslu foreldris af grunnskólagöngu barns með sérþarfir í almennum skóla og sérdeild.

Einnig hélt hópurinn samstarfsfund með skólastjórnendum og starfsfólki sérfræðiþjónustu skóla þar sem helstu áherslurættir voru til skoðunar (sjá fylgiskjal 3). Á fundinum komu fram nokkrir þættir sem skólastjórar og deildarstjórar á þjónustumiðstöðvum töldu að leggja þyrfti mikla áherslu á, þar á meðal að mikið skorti á fræðslu og umræðu um skóla án aðgreiningar. Á grundvelli þessara niðurstaðna voru skólastjórar beðnir um að stýra sambærilegri umræðu með kennurum í sínum skólum og senda gögn frá umræðufundunum til starfshópsins. Alls héldu skólastjórar slíka fundi með kennurum í 10 skólum (sjá fylgiskjal 4).

Stefna borgarinnar í skólamálum birtist ár hvert í stefnu og starfsáætlun sviðs skólamála, nú skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Þar er sett fram leiðarljós skólamála ásamt stefnumiðum skóla- og frístundaráðs og þau verkefni sem unnin verða á komandi ári. Stefna og starfsáætlun skólamála þarf á hverjum tíma að vera í samhljómi við lög og reglugerðir um

grunnskóla og stefnu borgarinnar í mannréttindamálum. Á sama hátt er stefna sú sem hér er sett fram í samhljómi við stefnu borgarinnar í skólamálum og mannréttindamálum.

Meginmarkmið þeirrar stefnumörkunar sem hér birtist er fjórþætt:

- Jafnræði allra nemenda til þátttöku í öllu skólastarfi og til náms óháð líkamlegu og andlegu atgervi
- Að stuðla að sem bestri þjónustu við alla nemendur í grunnskólum Reykjavíkur þannig að allir nemendur nái sínum besta mögulega árangri
- Að uppfylla markmið laga, reglugerða og aðalnámskrár
- Að nýta fjármagn til stuðnings nemendum sem best

Í ljósi laga um grunnskóla nr. 91/2008, reglugerðar um nemendur með sérþarfir nr. 585/2010, reglugerðar um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla nr. 584/2010, nýrrar aðalnámskrár og stefnu borgarinnar í skólamálum, er stefna þessi sett fram undir yfirskriftinni: *Skóli án aðgreiningar og sérstakur stuðningur við nemendur í grunnskólum – Stefna skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar.*

Heildarstefnumörkun og hugmyndafræði

Stefna sú sem hér birtist, um skóla án aðgreiningar og sérstakan stuðning við nemendur í grunnskólum í Reykjavík, er byggð á lögum um grunnskóla nr. 91/2008, reglugerð um nemendur með sérþarfir nr. 585/2010 og reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla nr. 584/2010, aðalnámskrá grunnskóla frá 2011, stefnu borgarinnar í skólamálum og alþjóðlegum samþykktum og sáttmálum um réttindi barna og fatlaðra. Í 17. grein laga nr. 91/2008 um grunnskóla, er kveðið á um að nemendur með sérþarfir eigi rétt á að komið sé til móts við námsþarfir þeirra í almennum grunnskóla án aðgreiningar, án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis. Hlutverk stefnu þessarar er að vera leiðarvísir við þá vinnu og leiða skólasamfélagið að sameiginlegum markmiðum í margbreytilegu samfélagi til hagsbóta fyrir skólasamfélagið allt.

Fram undir 1980 réði læknisfræðileg nálgun mestu um greiningu og vinnu með nemendum sem áttu við fatlanir og raskanir að stríða. Litið var svo á að vandinn væri af líffræðilegum toga og lægi innra með einstaklingnum og í atferli hans. Það væri síðan hlutverk sérfræðinga í skólanum að taka nemandann til meðferðar og draga úr eða laga vandann (Skidmore, 2004; Armstrong, Armstrong and Spandagou, 2010; Thomas and Loxley, 2001).

Á undanförunum áratugum hefur félagsleg hugsmíðahyggja (e. social constructivism) orðið sífellt meira áberandi í skólaumræðunni. Um 1980 var farið að gera kröfu til Alþjóðaheilbrigðismála-stofnunarinnar, WHO (World Health Organisation), að breyta skilgreiningu á viðmiðunum fyrir fatlaða og taka aukið tillit til félagslegra þátta og samskipta við umhverfið (WHO, 2011). Hin félagslega nálgun leggur áherslu á fötlun sem samspil einstaklings og hindrana í umhverfi hans og þeirra viðhorfa sem þar ríkja og koma í veg fyrir fullgilda og virka þátttöku í samfélaginu á jafnréttisgrunni. Fötlun er þannig tilkomin vegna samspils samfélagslegrar aðgreiningar og einstaklings. Á grunni þess er því stefnt að breytingum í skólaumhverfi nemanda svo hann geti þroskast í samfélagi við aðra. Ábyrgðin liggur hjá skólanum og sérfræðingum hans (Armstrong, Armstrong and Spandagou, 2010; Thomas and Loxley, 2001).

Skóli án aðgreiningar á sér upphaf í baráttu foreldra fatlaðra barna fyrir því að þau fái að ganga í skóla með ófötluðum jafnöldrum sínum. Í dag er litið á skóla án aðgreiningar sem skóla- og menntastefnu sem byggir á mannréttindum og tekur til allra nemenda, hvernig sem á er statt um atgervi þeirra og stöðu. Nú er einnig litið til ýmissa jaðarhópa í samfélaginu og stöðu þeirra innan skólanna og bent er á að skólasamfélagið má ekki vera sniðið að þörfum ákveðinna samfélagshópa og einkennast af þeim viðhorfum sem ríkja meðal þeirra. Talsmenn skóla án aðgreiningar hafa því í auknum mæli lagt áherslu á þróun skólastarfs sem miðar að því að jafna stöðu allra nemenda innan skólanna. (Allan and Slee, 2008; Ainscow *et al.*, 2006; Armstrong, Armstrong and Spandagou 2010).

Stefna sú sem hér birtist tekur til allra nemenda í grunnskólum Reykjavíkur, hvernig sem á er statt um atgervi þeirra og stöðu. Markmiðið er að allir nemendur nái sínum besta mögulega árangri náms- og félagslega.

Skóli margbreytileikans – án aðgreiningar

Lög um grunnskóla nr. 91/2008 og stefnumótun í skólamálum á Íslandi eiga sér mikilvæga stoð í alþjóðlegum samningum um réttindi barna og fatlaðra sem Ísland á aðild að. Þetta er áréttað í 3. gr. reglugerðar um nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010, þar sem m.a. segir að markmið reglugerðarinnar sé að nemendur hafi jöfn tækifæri í grunnskólum í samræmi við alþjóðlega samninga um réttindi barna og fatlaðra. Stefna fræðsluráðs Reykjavíkurborgar um sérkennslu frá 2002, sem hér birtist endurskoðuð, á sér stoð í íslenskum menntalögum og alþjóðlegum samningum um réttindi barna og fatlaðra.

Með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem samþykktur var 1989 og staðfestur á Íslandi 1992, var viðurkennt að réttinda barna hefði ekki verið nægilega vel gætt í fyrri mannréttindasáttmálum og að börn ættu að njóta sérstakrar verndar umfram fullorðna. Jafnframt þessu var viðurkennt að börn væru sjálfstæðir einstaklingar með sjálfstæð réttindi. Auk víðtækra réttinda barna, kveður sáttmálinn á um skyldur aðildarríkjanna til að tryggja velferð þeirra, s.s. á sviði menntamála (*Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins*, 1989). Þó að Barnasáttmálinn hafi ekki verið lögfestur á Íslandi felur fullgilding hans í sér að Ísland er skuldbundið til að uppfylla og virða ákvæði hans.

Í Barnasáttmálanum er réttur barns til menntunar viðurkenndur og gerður skýr, en auk þess er kveðið á um að aðildarríkin skuli tryggja að barn með fötlun hafi í raun aðgang að og njóti menntunar þannig að stuðlað sé að sem allra mestri félagslegri aðlögun og þroska þess (*Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins*, 1989, 23. gr. 3). Menntunin skuli m.a. beinast að því að vekja með barninu virðingu fyrir mannréttindum og mannfrelsi og þeim grundvallarsjónarmiðum sem fram koma í sáttmálanum (*Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins*, 1989, 29. gr. 1).

Á alþjóðlegri ráðstefnu Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, í Salamanca á Spáni um menntun nemenda með sérþarfir, sem haldin var 1994, samþykktu 92 ríki yfirlýsingu og rammaáætlun um aðgerðir vegna nemenda með sérþarfir. Yfirlýsingin og áætlunin tóku m.a. mið af ályktunum og tilmælum Sameinuðu þjóðanna, s.s. mannréttindayfirlýsingunni, viðmiðunarreglum um jöfnun tækifæra fyrir fatlað fólk frá 1993 og reynslu einstakra þátttökuríkja. Skýrt er kveðið á um að skólar eigi að taka við öllum börnum og finna leiðir til að kenna þeim á árangursríkan hátt án aðgreiningar. Í yfirlýsingunni lýsa ríkin yfir þeirri sannfæringu sinni að almennir skólar séu virkasta aflið til að sigrast á hugarfari mismununar, móta umhverfi sem tekur fötluðum opnum örmum og móta þjóðfélag án aðgreiningar (*Salamanca-yfirlýsingin*, 1995).

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks var hafður að leiðarljósi Framtíðarsýnar Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk frá 2011 og er hann einnig ein af stoðum þessarar stefnu. Í 24. grein samningsins er fjallað um menntun og er réttur fatlaðs fólks til menntunar viðurkenndur. Ennfremur segir að til að réttur til menntunar án mismununar verði að veruleika, þannig að allir hafi jöfn tækifæri, skuli ríkin koma á menntakerfi án aðgreiningar á öllum skólastigum sem miðar m.a. að því að auka virðingu fyrir mannréttindum, mannfrelsi, mannlegri fjölbreytni og gera fötluðu fólki kleift að vera virkir þátttakendur í frjálsu þjóðfélagi. Í greininni er ekki fjallað um sérþarfir heldur um réttmæta aðlögun og stuðning sem nauðsynlegur er til að einstaklingurinn nái árangri í skóla. Í 24. grein er fjallað um menntun án aðgreiningar en ekki

sérkennsluþarfir út frá því sjónarhorni að vandinn búi í einstaklingnum og skuli lagfærður af sérfræðingum (*Samningur um réttindi fatlaðs fólks*, 2007).

Alþjóðleg ráðstefna UNESCO um menntun sem haldin var í Genf árið 2008 bar yfirskriftina *Inclusive Education: The Way of the Future*. Ráðstefnan var einstakur vettvangur umræðu 1.600 þátttakenda frá 153 aðildarlöndum UNESCO um stefnumótun í menntamálum. Á ráðstefnunni var fjallað um margvíslega þætti sem snertu skóla án aðgreiningar til að skapa betri skilning á mismunandi þáttum hans. Meðal annars voru settar fram í sérstakri skýrslu leiðbeiningar eða viðmið um stefnumótun skóla án aðgreiningar, „Policy Guidelines on Inclusion in Education“, þar sem áhersla er lögð á að skóli án aðgreiningar er ferli skólaumbóta sem tekur til náms- og menntunar allra barna. Markmiðið er að útrýma aðgreiningu sem er afleiðing neikvæðra viðhorfa og vanhæfni til að bregðast við margbreytileikanum. Hugmyndafræði skóla án aðgreiningar varðar gæðamenntun fyrir alla nemendur og þróun samfélags án aðgreiningar (UNESCO, 2009).

Evrópumiðstöð fyrir þróun sérkennslu er sjálfstæð stofnun sem aðildarlönd Evrópusambandsins, auk Íslands, Noregs og Sviss, komu á laggirnar sem samstarfsvettvangi þar sem unnið er að málefnum nemenda með sérþarfir. Meginmarkmið Evrópumiðstöðvarinnar er að efla menntastefnu og skólastarf sem miðar að því að koma til móts við ólíkar þarfir allra nemenda. Málefnið eru jöfn tækifæri til náms, aðgengi að námi, nám án aðgreiningar og aukin gæði menntunar fyrir alla nemendur. Eitt af verkefnum miðstöðvarinnar á undanförunum árum hefur verið þróun vísbenda fyrir nám án aðgreiningar í Evrópu. Alls tilnefndu 23 lönd 32 sérfræðinga til að taka þátt í þeirri verkefnavinnu, þar á meðal Ísland (Kyriazopoulou og Weber, 2009).

Fram kemur í skýrslu um verkefnið að afar mismunandi er hvernig nám án aðgreiningar er túlkað í Evrópu en jafnframt að innan Evrópu sé áherslan á stefnumótun sem kveður á um að nemendur með sérþarfir stundi nám án aðgreiningar í almennum skólum og að kennurum sé veittur ýmiss konar stuðningur. Í öðru verkefni Evrópumiðstöðvarinnar frá 2003 var stuðst við þá skilgreiningu að skóli án aðgreiningar sé skóli þar sem nemendur með sérþarfir stundi að mestu nám samkvæmt námskrá í almennum bekkjum með jafnöldrum sínum sem ekki eru með sérþarfir. Síðar, í verkefni frá 2007, var viðurkennt að hugtakið á við alla þá nemendur sem eiga á hættu að vera aðgreindir frá öðrum (Kyriazopoulou og Weber, 2009).

Í 17. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla er kveðið á um að nemendur eigi rétt á að komið sé til móts við námsþarfir þeirra í almennum grunnskólum án aðgreiningar, án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis. Í reglugerð nr. 585/2010 um nemendur með sérþarfir í grunnskóla eru sett fram nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar laganna og málsmeðferð. Í greinargerð með lögum kemur fram að meginstefnan sé sú að kennsla fari fram í skóla án aðgreiningar og eru það nýmæli í grunnskólalögum. Jafnframt að sú stefna hafi í raun verið hér á landi í nokkur ár þar sem Íslendingar séu aðilar að alþjóðlegum samþykktum og samningum á borð við Salamanca-yfirlýsinguna frá 1994. Fram kemur að meginatriðið í stefnunni sé að skóli sé með þjónustu við alla nemendur sína, bæði fatlaða og ófatlaða. Í 17. gr. laga nr. 91/2008 er gert ráð fyrir að hver skóli sé fær um að sinna öllum nemendum svo sem kostur er og taka á sérkennsluþörfum og erfiðleikum sem upp kunna að koma með viðeigandi stuðningi.

Í 2. gr. reglugerðar nr. 585/2010 um nemendur með sérþarfir í grunnskóla er skilgreining á hugtakinu skóli án aðgreiningar: „Með skóla án aðgreiningar er átt við grunnskóla í heimabyggð eða nærumhverfi nemenda þar sem komið er til móts við náms- og félagslegar þarfir nemenda í almennum skólastarfi með manngildi, lýðræði og félagslegt réttlæti að leiðarljósi.“

Almenn menntun á að vera hvort tveggja, einstaklingsmiðuð og samfélagsleg, og eiga starfshættir í skóla margbreytileikans að einkennast af lýðræðislegu samstarfi og virðingu fyrir manngildi hvers og eins. Í lýðræðislegum skólum læra nemendur um lýðræði í lýðræði þar sem ræktuð eru viðhorf sem fela í sér virðingu fyrir mannréttindum og viðurkenningu á gildi einstaklingsins og þroskamöguleikum hans. Einn af sex grunnþáttum menntunar, sem aðalnámskrá byggir á, er lýðræði og mannréttindi (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011).

Í stefnu og starfsáætlun Menntasviðs Reykjavíkur 2011 segir að skólastarf taki mið af alþjóðlegum sáttmálum um réttindi barna, að skólinn sé án aðgreiningar og mennti öll börn, óháð atgervi þeirra og stöðu. Nemendur séu fullgildir og virkir þátttakendur í skólastarfinu og virðing borin fyrir jöfnum réttindum þeirra. Í stefnunni birtist verkefnaáætlun Menntaráðs Reykjavíkurborgar fyrir árin 2010-2011, *10 rauðir þræðir og einn grænn*. Þar segir að sérhverju barni verði mætt í námi og félagsstarfi, óháð atgervi þess og stöðu. Fullgild og virk þátttaka allra barna og virðing fyrir réttindum þeirra er leiðarljós reykískra skóla (*Stefna og starfsáætlun Menntasviðs Reykjavíkur* 2011).

Við endurskoðun stefnu þessarar var leitað fanga í fræðileg skrif og í stefnur annarra landa varðandi skóla án aðgreiningar og í sérkennslumálum. Umræða um skóla án aðgreiningar meðal fræðimanna á sviði skólamála hefur verið mjög virk á undanfórnum áratugum. Ainscow, Booth og Dyson (2006) skilgreina skóla án aðgreiningar sem ferli er miðar að því að auka þátttöku nemenda og draga úr aðgreiningu þeirra frá almennri námskrá, menningu og samfélagi skólans. Skólar þurfi að endurskoða menningu sína, stefnu og starfsaðferðir svo þeir verði færir um að taka á móti fjölbreytilegum nemendahópi. Vinna þurfi að þátttöku og árangri allra nemenda, ekki eingöngu þeirra sem hafa fatlanir eða eru flokkaðir með sérkennsluþarfir (Ainscow, Booth og Dyson 2006).

Starfshópurinn kynnti sér stefnur annarra landa og var sérstaklega litið til Kanada og Norðurlandanna. Í New Brunswick í Kanada er litið á hugmyndafræði um skóla án aðgreiningar sem sambland af heimspekilegum og uppeldislegum aðferðum sem stuðla að því að hver nemandi upplifi sig virtan og öruggan svo hann læri og þroskist til fullnustu. Byggt er á viðhorfum og gildum sem gera ráð fyrir árangri allra nemenda, eflingu félagslegrar samkenndar, að allir nemendur finni sig tilheyra skólasamfélaginu, virkri þátttöku í námi, heildstæðri skólareynslu og jákvæðum samskiptum við jafnaldra og aðra í skólasamfélaginu. Litið er svo á að stefnan um skóla án aðgreiningar sé einungis virk í skólasamfélögum sem virða margbreytileika og setja á oddinn velferð hvers einstaklings og að stefnan sé undirstaða þess að tryggja samfélag án aðgreiningar (New Brunswick; 2009, Mackay, 2006).

Í Ontario fylki í Kanada hefur verið mótuð og innleidd sérstök stefna varðandi jafnrétti og menntun án aðgreiningar, *Ontario's Equity and Inclusive Education Strategy*. Þar eru sett fram þrjú forgangsmarkmið; hámarksárangur allra nemenda, að minnka mun á námsárangri og að auka traust almennings á hinu almenna menntakerfi. Jafnframt er litið svo á að skólakerfi án aðgreiningar, byggt á jafnrétti, sé forsenda þess að ná þessum markmiðum enda sé það alþjóðlega viðurkennt að slíkt menntakerfi sé mikilvægt til að byggja upp gæðamenntun fyrir alla nemendur (UNESCO, 2009). Í stefnunni er talað um skóla án aðgreiningar þar sem allir nemendur njóta viðurkenningar, námskráin nær til allra, margbreytileikinn er virtur og borin er virðing fyrir öllum einstaklingum (Ontario, 2009).

Í niðurstöðum Starfsháttarannsóknarinnar kemur fram að 94% þroskaþjálfarar, tæp 75% skólastjórnenda, 70% sérkennara og 49% kennara telja það mjög eða frekar mikilvægt að öll börn sæki sinn heimaskóla. Einnig kemur fram að 90% kennara telja eigin kennslu mjög góða eða yfirleitt í góðu lagi og flestir kennarar töldu að námsskipulag í námshópum/bekkjum komi vel til móts við nemendur með námsörðugleika, annað móðurmál en íslensku, bráðgera nemendur og nemendur með hegðunarörðugleika. Auk þessa kemur fram að 83% þátttakenda voru sammála því að kennarar hafi ekki þann undirbúning sem þarf til að sinna öllum börnum (Amalía Björnsdóttir og Kristín Jónsdóttir, 2010).

Frá því að stefna fræðsluráðs Reykjavíkur um sérkennslu kom fram 2002 hafa verið gerðar tvær kannanir á framkvæmd hennar. Fyrri könnunin var gerð 2005 og hin síðari 2010 og voru svarendur deildarstjórar sérkennslu. Í síðari könnuninni kemur m.a. fram að hlutfall nemenda sem fengið hefur sérkennslu hefur jafnt og þétt aukist frá 1999 úr 15% nemenda í 26% nemenda árið 2010. Jafnframt kemur fram að hlutfall nemenda sem fá tímabundna sérkennslu hefur einnig aukist, þannig að fleiri nemendur fá sérkennslu á hverju skólaári en í styttri tíma hver, sem gefur vísbendingar um aukna fjölbreytni og sveigjanleika í stuðningskerfum skólanna (Hildur B. Svavarsdóttir og fl., 2011; Sigurbjörg J. Helgadóttir, 2005). Einn af stefnuþáttum sérkennslustefnunnar frá 2002 var að leggja skyldi áherslu á sveigjanlega kennsluhætti til að mæta þörfum ólíkra nemenda í almennum bekkjum og dregið yrði úr því að nemendur væru teknir út úr bekk eða námshópi í sérkennslu. Stöðug fjölgun nemenda í sérkennslu utan bekkjar bendir til þess að leggja þurfi enn meiri áherslu á nám og starf í skóla án aðgreiningar og sveigjanlega kennsluhætti.

Starfshópnum lék einnig forvitni á að vita hvernig almennir kennarar skilgreina skóla án aðgreiningar og hvað þeim þyki mikilvægast varðandi framkvæmd stefnunnar. Sendar voru spurningar til 245 kennara og svöruðu 127 eða 52% af úrtakinu (sjá fylgiskjal 2).

Varðandi spurninguna hvernig kennarar skilgreina skóla án aðgreiningar kom m.a. fram:

- 20% sögðu að skóli án aðgreiningar væri skóli þar sem allir fái nám við sitt hæfi.
- 15% sögðu að skóli án aðgreiningar væri skóli þar sem allir hafi sömu möguleika til náms.
- 22% sögðu að skóli án aðgreiningar væri skóli fyrir alla.
- 12% sögðu að skóli án aðgreiningar væri skóli fyrir alla en tóku sérstaklega fram að það væri án tillits til fötlunar, námslegra þarfa eða annarra sérþarfa.
- 12% nefndu að skóli án aðgreiningar þurfi að koma til móts við mismunandi þarfir.

Á grundvelli þeirrar umfjöllunar sem sett er fram í þessum kafla setur starfshópurinn fram eftirfarandi meginleiðarljós stefnunnar, ásamt stefnuþáttum um verklag.

Leiðarljós stefnunnar

Grunnskólar Reykjavíkurborgar eru án aðgreiningar þar sem allir nemendur eru virkir og fullgildir þátttakendur í skóla- og námssamfélaginu á jafnréttisgrunni.

Í grunnskólum Reykjavíkurborgar:

- ráða gildi lýðræðis, jafnréttis, mannréttinda og virðingar.
- eru allir nemendur, foreldrar og aðrir aðilar skólasamfélagsins velkomnir og virtir.
- er lögð áhersla á að byggja upp sameiginlegan skilning á hugmyndafræði skóla margbreytileikans – án aðgreiningar.
- er margbreytileikinn auðlegð og áhersla er á að nýta hann en ekki að móta alla nemendur í sama far.
- ríkja þau viðhorf að allir nemendur geti lært, náð bestu mögulegu framförum í námi og að hver nemandi upplifi árangur í námi sínu.
- er það viðurkennt og virt að hver nemandi er einstakur og að nemendur læri á fjölbreyttan hátt.
- er lögð áhersla á rétt hvers nemanda til jákvæðs námsumhverfis og að allir nemendur upplifi öryggi, vellíðan og viðurkenningu.
- nær skólanámskráin til allra nemenda og sífellt er unnið að þróun hennar og þróun kennsluhátta.
- eru nemendur studdir og hvattir til árangurs og miklar væntingar eru gerðar til náms allra.
- er lögð áhersla á samræðu nemenda, samstarf, val, tækifæri til að rannsaka og að læra að læra.
- er unnið markvisst að því að koma auga á og ryðja úr vegi þeim hindrunum sem takmarka möguleika nemenda til náms, aukins þroska og virkrar þátttöku.
- er unnið að því að hámarka úrræði og leita nýrra leiða sem styðja við nám og virka þátttöku allra nemenda.
- er lögð áhersla á sameiginlega ábyrgð allra aðila skólasamfélagsins.
- er unnið markvisst að því að auka og viðhalda trausti samfélagsins á skólunum.
- er sífellt unnið að því að gera skólann betri fyrir alla nemendur.

Í stefnu þessari merkir skóli án aðgreiningar eftirfarandi:

Skóli án aðgreiningar byggir á viðurkenningu og þátttöku allra nemenda. Námskráin er merkingarbær fyrir alla nemendur og námsumhverfið einkennist af margbreytileika. Allir nemendur njóta virðingar og ná besta mögulega árangri. Skólastarf án aðgreiningar er ferli í sífelldri þróun, allt skólastarfið er heildstætt og samþætt og stuðningur er veittur eftir þörfum hvers og eins.

1. Sveigjanlegt nám, fjölbreyttir kennsluhættir og sérstakur stuðningur

Allir grunnskólar leggi áherslu á sveigjanlega og fjölbreytta náms- og kennsluhætti til að mæta þörfum allra nemenda í almennu námsumhverfi.

Í 2. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 er kveðið á um að í hverjum skóla skuli laga kennslu og starfshætti að öllum nemendum. Allir nemendur eigi þannig rétt á kennslu við sitt hæfi í hvetjandi námsumhverfi í viðeigandi húsnæði sem tekur mið af þörfum þeirra og almennri vellíðan. Jafnframt er kveðið á um í 8. gr. reglugerðar um nemendur með sérþarfir nr. 585/2010 að stuðningur við nemendur eða nemendahópa felist í sveigjanlegu og margbreytilegu námsumhverfi og kennsluháttum og skuli við skipulag stuðnings stuðla að því að hann fari fram innan skólans án aðgreiningar.

Skóla- og bekkjarnámskrá skal vera almenn, sveigjanleg, rúma alla nemendur og í samræmi við þarfir þeirra. Grundvallarþáttum jafnréttis, viðurkenningu margbreytileikans og umburðarlyndis skal komið til skila í námskránni. Ein mikilvægasta birtingarmynd skóla án aðgreiningar í námskránni er áhersla á virkni nemenda náms- og félagslega.

Sveigjanlegir náms- og kennsluhættir byggjast á þeirri hugmyndafræði að allir nemendur læri og geti lært en jafnframt að þeir læri á einstaklingsbundinn hátt. Hver nemandi búi yfir styrkleikum en takist jafnframt á við margvíslegar áskoranir. Kennari sem leggur áherslu á sveigjanlega kennsluhætti leitast við að þróa leiðir í námi til að hámarka námsárangur hvers og eins. Slíkar kennslufræðilegar nálganir skapa aðstæður fyrir örvandi námsumhverfi til hagsbóta fyrir alla.

Áhersla skal vera á að þróa mismunandi námsleiðir þannig að allir nemendur með margbreytilega getu, áhuga og námsþarfir nái sínum besta mögulega námsárangri. Jafnframt skal lögð áhersla á virka þátttöku og samskipti nemenda. Mismunandi námsleiðir geta m.a. falist í viðeigandi tækjum og tölvutækni sem getur opnað nemendum ný tækifæri til náms og til að leggja sitt af mörkum til margbreytilegs námssamfélags og nýta sér kosti þess.

Leggja skal áherslu á að námsmarkmið hvers nemanda nái til bóklegra, verklegra og félagslegra þátta og til annarra þátta sem honum eru mikilvægir, svo sem hæfileika og áhuga, þannig að hver og einn nái sínum besta mögulega árangri. Þrátt fyrir sveigjanlega náms- og kennsluhætti geta verið í hverjum námshóp nemendur sem takast á við sértækar áskoranir eða búa yfir styrkleikum sem kalla á enn frekari aðlögun og er þá brugðist við aðstæðum sem upp kunna að koma með fjölbreyttum, sértækum stuðningi.

Meginstefnan er að allir nemendur fái alla sína kennslu innan bekkjar eða almenns námshóps þar sem teymi kennara og annars starfsfólks vinnur saman. Mannauður skólanna er virkjaður til hagsbóta fyrir alla nemendur og skipulagning kennslu og skólastarfs er unnin í virku samstarfi starfsfólks og í samráði við foreldra. Aðkoma sérkennara og annarra fagaðila er mikilvæg í heildar skipulagi skólastarfs í skóla án aðgreiningar þar sem nám og kennsla nemenda sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda verður ekki slitin úr samhengi við annað skólastarf. Í grunnskólum borgarinnar er mikilvægt að allir nemendur viti að foreldrar, skóli og samfélag hafi metnaðarfullar væntingar til þeirra og vinni saman að því að hjálpa þeim að ná árangri.

1.1. Sérstakur stuðningur við nemendur í skólastarfi

Í öllum skólum borgarinnar er margbreytilegur nemendahópur, þar sem hver einstaklingur hefur sínar sérstöku þarfir, styrkleika og áhugamál. Í hverjum skóla þarf skipulagning náms, kennslu og umhverfis að taka mið af öllum þeim fjölbreyttu einstaklingum sem á hverjum tíma mynda nemendahópinn. Samhliða sveigjanlegum, fjölbreyttum kennsluháttum og námsumhverfi er markviss og fjölbreyttur stuðningur grundvöllur þess að allir í margbreytilegum nemendahópi fái notið sín náms- og félagslega. Sérstakur stuðningur ásamt sveigjanlegum og fjölbreyttum kennsluháttum er því mikilvægur grunnur að skóla án aðgreiningar.

1.1.1. Heildaráætlun skóla um sérstakan stuðning við nemendur

Í hverjum skóla sé árlega unnin heildaráætlun um skipulag sérstaks stuðnings við nemendur, þar sem fram kemur hvernig margbreytilegum hópi nemenda verði mætt náms- og félagslega í skólastarfinu.

Í 10. gr. reglugerðar um nemendur með sérþarfir nr. 585/2010 er grunnskólum gert að vinna árlega heildaráætlun um stuðning við nemendur í samræmi við ólíkar þarfir þeirra. Áætlunin er hluti af heildarskipulagi skólans og tekur til allra þátta skólastarfsins. Annars vegar er hún hluti af og styður við skóla án aðgreiningar og hins vegar er henni ætlað að tryggja nemendum sérstakan stuðning og laga aðstæður að þörfum margbreytilegs nemendahóps.

Áætlunin er lýsing á því stuðningskerfi sem skólinn hefur skipulagt vegna nemenda sem á þurfa að halda vegna sérstakra þarfa sinna. Í henni er gerð grein fyrir hvernig sérstökum stuðningi við nemendur er háttað í almennu skólastarfi án aðgreiningar og hvernig stuðningur og sérkennsla er skipulögð innan og utan námshópa. Þar kemur fram hvernig stoðkerfi skólans er uppbyggt, hverjir koma þar að, markmið þess og hvernig það tengist út í alla þætti skólastarfsins.

Við skipulag stuðnings við nemendur skal ávallt fyrst leita leiða til að aðlaga aðstæður að margbreytileika nemendahópsins, bæði náms- og félagslega, greina hindranir sem í vegi kunna að vera, ryðja þeim úr vegi eða draga úr áhrifum þeirra. Foreldrar eiga að vera upplýstir um áætlun skólans um stuðning við nemendur og skal hún vera aðgengileg á heimasíðu hans.

1.1.2. Móttökuáætlun

Í hverjum skóla sé gerð móttökuáætlun vegna nemenda sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda og sé hún aðgengileg á heimasíðu skólans.

Að hefja grunnskólagöngu eða að byrja í nýjum skóla eru mikil tímamót í lífi hvers barns og foreldra þess. Framundan er samstarf heimilis og skóla um menntun og velferð barnsins og mikilvægt er að bæði barn og foreldrar upplifi sig virt og velkomin í skólasamfélagið.

Hverjum skóla ber, samkvæmt 9. gr. reglugerðar um nemendur með sérþarfir nr. 585/2010, að gera, auk almennrar móttökuáætlunar, móttökuáætlun vegna nemenda sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda þar sem fram kemur hvernig stuðningskerfi viðkomandi skóla er byggt upp. Í áætluninni er lýst aðlögun og móttöku nemenda sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda og eru að hefja grunnskólanám að loknum leikskóla, flytja úr einum grunnskóla í annan og móttöku foreldra sem eru í leit að skóla fyrir börn sín.

Móttökuáætlun skóla skal taka til undirbúnings skólagöngu, stofnunar teyma, aðlögunar og aðgengis, hindrana og hvernig tekist er á við þær, einstaklingsnámskrárgerðar, eftirfylgni og mats á aðstæðum og samstarfs við aðila utan skólans.

Foreldrar nemenda sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda skulu ávallt upplýstir við upphaf skólagöngu um heildarskipulag og stefnu skólans og áætlun um skipulag stuðnings við nemendur. Að auki skal ávallt skoða með foreldrum hvaða aðstæður geti hindrað nemandann í almennu skólastarfi, námi, aðlögun og aðgengi og leita leiða til að ryðja þeim hindrunum úr vegi eða draga úr áhrifum þeirra á gengi nemandans í skólanum.

1.2. Sérstakur stuðningur við einstaka nemendur eða nemendahópa

Í hverjum skóla sé metið hvort í skólanum eru nemendur sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda og brugðist við með viðeigandi hætti.

Sérstakur stuðningur við einstaka nemendur eða námshópa er hluti af heildarskipulagi stuðnings í skólanum og getur tekið til hluta eða allra þátta skólastarfsins með viðkomandi nemanda eða nemendahópi. Mat á þörf einstakra nemenda fyrir sérstakan stuðning fer ætíð fram með samþykki og í samráði við foreldra.

Í hverjum skóla skal reglulega meta hvort einhverjir nemendur þurfi á sérstökum stuðningi að halda til framfara í námi eða til þátttöku og virkni í námssamfélagi námshópsins eða skólans, samkvæmt 6. gr. reglugerðar um nemendur með sérþarfir nr. 585/2010.

1.2.1. Sérstakur stuðningur við einstaka nemendur

Sérstakur stuðningur við einstaka nemendur sé hluti af almennu skólastarfi og sé markmið hans að styðja við nemandann í skóla án aðgreiningar, tryggja honum jákvæðar námsaðstæður, besta mögulega námsárangur og líðan.

Þegar stuðningur við nemanda er ákveðinn er ávallt leitað leiða til að hann fari fram innan almenns bekkjar eða þess námshóps sem nemandinn tilheyrir. Sá sérstaki stuðningur, sem valinn er, skal alltaf vera í samræmi við styrkleika og þarfir nemandans og það umhverfi sem hann er í hverju sinni. Skipulag stuðnings er þannig í samræmi við nám og verkefni hópsins og miðar að því að námið fari fram í félagslegu samspili innan hans.

Þegar um stuðning frá stuðningsfulltrúa er að ræða eru störf hans skipulögð í samstarfi umsjónarkennara, sérkennara og/eða stjórnanda ráðgjafar- og stuðningsþjónustu skólans. Markmið stuðnings skal ávallt vera að auka virkni nemandans og/eða sjálfstæði hans í námssamfélaginu.

1.2.2. Mat á þörfum nemanda fyrir sérstakan stuðning

Þegar grunur vaknar hjá kennurum og/eða foreldrum um að styðja þurfi nemanda sérstaklega til aukinna framfara náms- og/eða félagslega, skal annars vegar skoða hvort kennslan, markmiðin og námsumhverfið eru við hæfi og hins vegar meta hvort nemandinn hafi þörf fyrir sérstakan stuðning eða þjónustu.

Í 2. og 17. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla er kveðið á um að nám í grunnskóla skuli vera á forsendum hvers og eins nemanda og því þarf skipulag skólastarfs og kennslu að grundvallast á því. Fáir nemandi ekki notið skólagöngu sinnar þannig að hann nái að þroska hæfileika sína, taka

framförum í námi og vera virkur þátttakandi í námssamfélaginu skal ávallt leita leiða til að aðlaga nám og kennslu að þörfum nemandans.

Þegar mögulegar hindranir í námsaðstæðum nemanda eru metnar skal skoða bæði námslega og félagslega þætti. Meta þarf hvort námskráin, námsefnið, markmiðin, leiðirnar, námsumhverfið og kennsluhættirir henti nemandanum og hverjir möguleikar nemandans eru í félagslegu umhverfi sínu. Matið er alltaf framkvæmt í því skyni að hægt sé að taka ákvarðanir varðandi kennsluhætti og skal tryggja að þær matsaðferðir sem notaðar eru veiti upplýsingar sem nýta má í námi og kennslu.

Samkvæmt 17. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 eiga nemendur sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika og fötlunar, nemendur með leshömlun og langveikir nemendur rétt á sérstökum stuðningi í námi í samræmi við metnar sérþarfir. Standi nemandi frammi fyrir hindrunum í skólastarfi, þrátt fyrir aðlögun náms og kennslu, skal leggja mat á í hverju þörf fyrir sérstakan stuðning liggur. Meta skal líðan nemandans, náms- og félagslega virkni hans, áhugamál og sterkar hliðar. Samráð skal haft við foreldra og leita mats þeirra á þörf nemandans og leggja til grundvallar niðurstöður fyrirbyggjandi greininga á námslegum og félagslegum þörfum nemandans.

Mat á þörf nemanda fyrir sérstakan stuðning, aðlögun og úrbætur fer ætíð fram áður en til frekara þroskamats eða greininga á nemanda kemur. Þegar óskað er eftir frekara þroskamati fyrir nemanda skal það gert til að afla upplýsinga sem nýta má í námi og kennslu. Ætíð skal leita sem fjölbreyttastra leiða varðandi stuðning, aðlögun og úrbætur í eðlilegu námsumhverfi nemandans í samráði við foreldra og leita ráðgjafar innan skólans og/eða til sérfræðipjónustu skóla.

1.2.3. Einstaklingsnámskrá

Þegar styðja þarf nemanda til aukinna framfara og þátttöku með sérstökum viðbrögðum, breytingum á námsaðstæðum og/eða kennsluaðferðum skal, í samstarfi við foreldra, gera rökstudda einstaklingsnámskrá sem byggð er á heildaraðstæðum nemandans.

Almenn bekkjarnámskrá skal ná til allra nemenda í námshópi eða í bekk. Í einstaka tilvikum getur þó verið nauðsynlegt að bregða frá almennri námskrá og skal það þá gert með einstaklingsnámskrá. Einstaklingsnámskrá er mikilvæg til að mæta menntunarlegum þörfum einstakra nemenda með það markmið að tryggja réttindi, virka þátttöku og hámarksárangur þess nemanda sem hún er gerð fyrir, í samfélagi með öðrum nemendum í skóla. Líkt og skóla- og bekkjarnámskrár skulu einstaklingsnámskrár ávallt vera innan ramma almennrar námskrár og hafa skýra tengingu við bekkjarnámskrá viðkomandi námshóps eða bekkjar.

Stjórnandi ráðgjafar- og stuðningsþjónustu skóla ber ábyrgð á að gerð sé einstaklingsnámskrá fyrir nemanda sem þarf á sérstökum stuðningi að halda og er hún unnin í samvinnu umsjónarkennara, sérkennara og annarra fagaðila eftir atvikum. Námskráin er ætíð unnin í samstarfi við foreldra og í samráði við nemandann eins og kostur er og endurskoðuð reglulega, samkvæmt 11. gr. reglugerðar nr. 585/2010. Taka skal tilliti til ákvarðana þeirra teyma sem stofnuð hafa verið um nemandann.

Einstaklingsnámskrá tekur til námslegra og/eða félagslegra þátta, til hluta eða allra þátta skólaveru nemandans. Námsáherslur, námsefni og kennsluaðferðir eru aðlagðar þörfum nemandans og í tengslum við líf hans. Námsmarkmið eru skýr og skilgreind. Í námskránni kemur fram hvernig nemandanum er mætt í skóla án aðgreiningar og þar skulu koma fram þær

upplýsingar sem gagnlegar eru varðandi nám, skólagöngu og virka þátttöku hans. Í einstaka námsgreinum getur áherslan verið á félagslega færni en í öðrum geta markmið nemandans haft beina skörun við markmið bekkjar- og/eða skólanámskrár. Eftirfarandi þætti ber að hafa í huga við einstaklingsnámskrárgerð:

1. Heildaraðstæður nemandans.
2. Mat á styrkleikum nemandans og mikilvægustu áskorunum.
3. Teymi og/eða samstarf um nemandann við aðila innan og utan skólans, hverjir, hvernig.
4. Nám og námsaðstæður:
 - a) Hindranir í námsumhverfi, hvernig draga má úr áhrifum þeirra eða ryðja þeim úr vegi.
 - b) Tenging við bekkjar- og aðalnámskrá.
 - c) Námsmarkmið og leiðir.
 - d) Námslegur stuðningur, í hverju felst hann.
 - e) Námsgögn og námsumhverfi.
 - f) Námsmat og mat á framvindu.
5. Félagsstaða og félagslegt umhverfi:
 - a) Hindranir í félagslegu umhverfi, hvernig draga má úr áhrifum þeirra eða ryðja þeim úr vegi.
 - b) Félagsleg markmið og leiðir.
 - c) Námsgögn
 - d) Félagslegur stuðningur, í hverju felst hann.
 - e) Mat á framvindu.
6. Endurmat og ábyrgðaraðilar

1.2.4. Samstarf við fagaðila vegna einstakra nemenda

Þegar styðja þarf nemanda til aukinna framfara og þátttöku með sérstökum viðbrögðum, breytingum á námsaðstæðum og/eða kennsluaðferðum skal skólinn stofna til samstarfs við þá fagaðila og stofnanir sem að málum nemandans koma.

Í 5. gr. reglugerðar um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010 er kveðið á um að skólastjórar skuli hafa frumkvæði að samstarfi við sérfræðiþjónustu sveitarfélags, félagsþjónustu, barnaverndaryfirvöld og heilbrigðisþjónustu innan sveitarfélagsins vegna málefna einstakra nemenda með sérþarfir og langvinn veikindi. Einnig segir í sömu reglugerð að sérfræðiþjónustan skuli mótast af „heilðarsýn á aðstæður og hagsmuni nemenda, óháð starfsstéttum sérfræðinga og hver veitir þjónustuna.“ Í 6. gr. reglugerðar um nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010 segir að skólastjórar beri ábyrgð á að skipulagning stuðnings fari ávallt fram í samráði við foreldra og kennara og að leitað sé til annarra fagaðila og skólaheilsugæslu eftir því sem við á.

Algengt er að teymi séu stofnuð um nemendur þegar bregðast þarf við með sérstökum viðbrögðum, breytingum á námsaðstæðum og kennslu svo nemandi fái notið skólagöngu sinnar og taki framförum. Slík teymi geta verið innan skóla og milli skóla og annarra aðila sem með málefni nemandans fara. Hér er gerður greinarmunur á annars vegar stuðningsteymi um nemanda og hins vegar þverfaglegu þjónustuteymi.

Teymisvinna í þverfaglegu teymi byggir á samstarfi fagaðila og foreldra og fer það eftir þörfum nemandans hverjir sitja í teyminu hverju sinni. Skólastjóri ber ábyrgð á að velja lykilaðila

teymisins, sem er málsvári þess, heldur utan um samræmingu aðgerða og tryggir stöðug samskipti við foreldra. Mikilvægt er að stöðugleiki ríki innan teymisins og eiga foreldrar alltaf sæti í teymi um börn sín og taka fullan þátt í vinnu þess.

Tilgangur þverfaglegra teyma er annars vegar að samhæfa úrræði, tryggja skilvirka þjónustu, stytta boðleiðir og tryggja upplýsingamiðlun milli aðila og hins vegar samræming milli fagsviða, þróun nýrra leiða og uppbygging sameiginlegrar þekkingar til að ná settum markmiðum um stuðning á nýjan og sveigjanlegan hátt. Þannig er litið til ólíkra sjónarmiða fagaðila og nýjar hugmyndir og aðferðir verða til, nemandanum til góðs.

Í stuðningsteymi eiga sæti foreldrar, umsjónarkennari og aðrir þeir sem eru virkir í daglegu umhverfi nemandans og eru tilbúnir að miðla þekkingu sinni á nemandanum, auk faglegar þekkingar og nemandinn sjálfur, sé þess kostur. Tilgangur stuðningsteymis er að stuðla að sterkri sjálfsmynd og sjálfstæði nemandans í daglegu lífi í skólasamfélaginu og er ávallt leitast við að vinna út frá styrkleikum hans.

Á fundum teymisins fá allir hlutaðeigandi tækifæri til að koma á framfæri upplýsingum um styrkleika nemandans og annað sem skiptir máli í daglegu lífi hans. Mikilvægt er að meðlimir teymisins taki á sig ábyrgð og hlutverk í þeirri vinnu sem ákveðin er til eflingar sjálfstæðis nemandans. Taka skal tillit til þeirra áherslna sem teymið kemst að niðurstöðu um við gerð einstaklingsnámskrár fyrir nemandann.

Foreldrar og/eða starfsmenn skóla geta óskað eftir stofnun stuðningsteymis um nemanda og ber skólastjóra að verða við þeirri ósk. Ekki er hægt að stofna til stuðningsteymis um nemanda án samþykkis og þátttöku foreldra. Teymið setur sér starfsreglur, t.d. um stjórnun og tíðni funda.

1.2.5. Útskrift nemenda, sem njóta sérstaks stuðnings, úr grunnskóla

Þegar nemandi, sem nýtur sérstaks stuðnings, lýkur grunnskólanámi og hefur nám í framhaldsskóla skal gera sérstaka áætlun um skólaskil.

Í reglugerð um nemendur með sérþarfir nr. 585/2010 er kveðið á um að þegar nemandi njóti sérúrræða skuli gerð einstaklingsbundin tilfærsluáætlun vegna fyrirhugaðs náms í framhaldsskóla. Í reglugerðinni er þetta ákvæði bundið við þá nemendur sem njóta sérúrræða samkvæmt ákvæðum IV. kafla en það eru sérskólar eða sérúrræði innan grunnskóla, sbr. 42. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008. Í almennum grunnskólum eru nemendur með sambærilegar fatlanir og þarfir og nemendur í sérskólum sem þurfa á sambærilegum stuðningi og þjónustu að halda. Eðlilegt er því að öllum grunnskólum sé gert að móta og gera slíka áætlun vegna þessara nemenda.

Undirbúningur einstaklingsbundinnar áætlunar um skólaskil skal hefjast að minnsta kosti ári fyrir útskrift eða þegar nemandinn er í 9. bekk og skal nemandinn og foreldrar hans taka þátt í gerð áætlunarinnar. Í henni þurfa að koma fram upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna áframhaldandi náms, s.s. um skólagöngu nemandans námslega og félagslega þætti, áhugamál og áform nemandans um frekara nám.

1.3. Ráðgjafar- og stuðningsþjónusta í skóla án aðgreiningar

Í hverjum skóla sé starfrækt ráðgjafar- og stuðningsþjónusta við nemendur og starfsfólk.

Í skóla margbreytileikans – án aðgreiningar, þar sem sífellt er unnið að því að laga kennsluhætti og starf að margbreytilegum þörfum í fjölbreyttum nemendahópi er ráðgjöf og stuðningur við nemendur, kennara og starfsfólk mikilvægur þáttur í skólastarfinu. Ráðgjöfin þarf að vera aðgengileg, markviss og virk innan hvers skóla og eiga sér fastan stað í skólanámskrá. Mikilvægt er að slík ráðgjafar- og stuðningsþjónusta sé undir sérstakri umsjón eða stjórnun. Í 2. gr. reglugerðar um nemendur með sérþarfir nr. 585/2010 er sett fram skilgreining á því hvað átt er við þegar talað er um sérkennara og aðra fagaðila, en átt er við þá sem hafa sérmenntun til að veita sérstakan stuðning í námi og sinna ráðgjöf til kennara. Eðlilegt er að skólastjóri feli sérkennara eða öðrum fagaðila stjórnun og umsjón þessarar þjónustu (áður nefnt sérkennsluver eða námsver).

Hlutverk ráðgjafar- og stuðningsþjónustu er:

- Umsjón með gerð áætlunar um heildarskipulag stuðnings og þjónustu við nemendur í samvinnu við nemendaverndarráð (10. gr. reglugerðar nr. 585/2010)
- Ráðgjöf og stuðningur við kennara vegna sveigjanlegra kennsluhátta, skipulags, námsefnis o.fl.
- Ráðgjöf um samstarf og teymisvinnu kennara og starfsfólks vegna námshópa þar sem eru nemendur sem þurfa á sérstökum stuðning að halda.
- Umsjón með stofnun og virkni teyma um nemendur.
- Umsjón með gerð og endurskoðun einstaklingsnámskráa.
- Umsjón með skipulagi og framkvæmd náms-, félags- og hegðunarlegs stuðnings við einstaka nemendur eða nemendahópa innan almenns námsumhverfis.
- Umsjón með skipulagi og framkvæmd náms-, félags- og hegðunarlegs stuðnings við einstaka nemendur eða nemendahópa sem þurfa við ákveðnar aðstæður sérhæft umhverfi utan almenns námsumhverfis.
- Að halda utan um sérhæfð kennslugögn og búnað.

2. Sérskólar og sérdeildir í heildstæðu skólasamfélagi

Sérskólar, sérdeildir og aðrir grunnskólar borgarinnar efli með sér markvisst samstarf og gagnkvæm tengsl nemenda og starfsfólks

Tveir af grunnskólum borgarinnar, Klettaskóli og Brúarskóli, eru sérskólar og auk þess eru starfrækt nokkur sérúrræði innan annarra grunnskóla. Sérskólum og sérúrræðum er ætlað að veita skilgreindum nemendahópum sérhæft umhverfi til náms í lengri eða skemmri tíma, samkvæmt 42. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008. Sérskólar og sérúrræði starfa eftir starfsreglum sem fræðslufirvöld setja í samstarfi við skólastjórnendur, þar á meðal reglum um innritun nemenda og útskrift, samkvæmt 12. gr. reglugerðar nr. 585/2010.

Allir grunnskólar borgarinnar eru skólar margbreytileikans. Í sérskólum, sem og öðrum grunnskólum, er lögð áhersla á sveigjanlega og fjölbreytta náms- og kennsluhætti sem gagnast öllum nemendum skólanna og brugðist er við margbreytileika nemendahópsins. Áhersla er á að virkja mannauð skólanna til hagsbóta fyrir alla nemendur og er skipulagning kennslu og skólastarfs unnin í virku samstarfi starfsfólks og í samráði við foreldra.

Grunnskólar borgarinnar búa yfir mikilli þekkingu og reynslu á námi og kennslu við margbreytilegar aðstæður. Jafnframt er mikilvægt að tryggja starfsfólki skólanna aðgengi að sérstakri þekkingu og reynslu annarra og ólíkra skóla. Sérskólarnir eru ráðgjafarskólar og hafa sérúrræðin einnig með höndum slíkt hlutverk. Ráðgjafarhlutverkið felur í sér stuðning og kennslufræðilega ráðgjöf við starfsfólk almennra skóla, samkvæmt 42. gr. laga nr. 91/2008 og 4. gr. reglugerðar nr. 584/2010.

Mikilvægt er að tengsl almennra skóla, sérskóla og sérúrræða séu sýnileg, markviss og gagnkvæm. Hvort sem nemandi er í sérúrræði eða almennum skóla, fatlaður eða ófatlaður er mikilvægt að honum sé tryggð skólaganga með möguleikum á samskiptum og námi í fjölbreyttum nemendahópi og bestri mögulegri sérfræðipjónustu.

2.1. Klettaskóli – grunnskóli fyrir nemendur með þroskahömlun

Einn af grunnskólum borgarinnar, Klettaskóli, er sérskóli fyrir nemendur með þroskahömlun. Skólinn er fyrir nemendur í 1.-10. bekk með miðlungs, alvarlega og djúpa þroskahömlun og nemendur með væga þroskahömlun og viðbótarfatlanir, s.s. einhverfu, dauðblindu og fjölfötun.

Stofnað verði til fjögurra þátttökubekkja, undir stjórn Klettaskóla. Fyrsti þátttökubekkurinn taki til starfa haustið 2013 og hinir með tveggja ára millibili þannig að allir bekkirnir verði farnir að starfa haustið 2019.

Þátttökubekkur er sérhæft úrræði, undir stjórn sérskóla, Klettaskóla, en með aðsetur í almennum grunnskóla og er starfsfólkið ráðið við sérskólann. Þátttökubekkurinn er því sérhæft námstilboð í heimahverfi nemenda þar sem nemendur njóta faglegrar þjónustu og þekkingar sérskólans og jafnframt náms og skólastarfs í almennum skólaumhverfi. Gagnkvæmt samstarf og ávinningur er hafður að leiðarljósi milli skólanna og unnið er að markvissri og sýnilegri tengingu í víðara samhengi. Með þátttökubekk í borgarhluta er þekking og reynsla sérskólans færð til nemenda og starfsfólks almennu skólanna og nemendur þátttökubekkkjar og nemendur í öðrum grunnskólum tengjast.

Sömu reglur gilda um inntöku í þátttökubekki og í Klettaskóla og er val foreldra aldrei bindandi. Nemandi getur verið tímabundið í sérskóla eða í þátttökubekk og flust síðar yfir í almennan grunnskóla eða öfugt.

2.2. Brúarskóli – grunnskóli fyrir nemendur með hegðunar-, félags- og tilfinningalegan vanda

Brúarskóli er einn af grunnskólum borgarinnar. Hann er ráðgjafarskóli vegna nemenda í 1.- 10. bekk og sérskóli fyrir nemendur í 4.-10. bekk með svo alvarlegan geðrænan og tilfinningalegan vanda, félags- og hegðunarerfiðleika og vanda vegna fíkniefnaneyslu og/eða afbrota að þeir þurfa á öðru skólaúrræði að halda. Skólinn er tímabundið úrræði fyrir nemendur í eina til tvær annir að jafnaði. Meginmarkmið með skólavist í Brúarskóla er að skapa jákvæð og uppbyggileg skilyrði svo nemandinn geti bætt hegðun sína og félagsfærni í námi og skólastarfi og jafnframt er heimaskóli nemandans eflur til áframhaldandi starfs með honum.

Brúarskóli annast þjónustu við grunnskóla borgarinnar vegna nemenda í 1.-3. bekk, annars vegar með ráðgjöf til kennara og starfsfólks skóla og hins vegar með beinni handleiðslu við kennara og starfsfólk í viðkomandi grunnskóla.

Almennt er talið að ekki sé heppilegt fyrir svo unga nemendur að vistast í skólaúrræði fjarri heimaskóla í einsleitum hópi nemenda með atferlis- og hegðunarvanda. Vinna beri að lausnum í eðlilegu skólaumhverfi þeirra með öflugri ráðgjöf og handleiðslu sérfræðinga um kennslu og skólagöngu nemenda með slíkan vanda. Þjónusta Brúarskóla vegna þessa aldurshóps skal annars vegar vera í formi ráðgjafarþjónustu ráðgjafarteymis sem vinnur samkvæmt skilgreindu ráðgjafarferli eins og verið hefur og hins vegar í formi tímabundinnar handleiðslu inn í skóla og bekk nemandans samkvæmt sameiginlegri áætlun Brúarskóla og heimaskóla (fylgiskjal 5).

Allir nemendur Brúarskóla á miðstigi, í 4.-7. bekk, stundi nám sitt í þátttökubekkjum í sínum heimahverfum. Stofnaðir verði þrír nýir þátttökubekkir, í Grafarvogi, Grafarholti/Árbæ og vestan Elliðaána þannig að fyrsti þátttökubekkurinn taki til starfa haustið 2013. Allir bekkirnir hafi tekið til starfa í síðasta lagi haustið 2017.

Þátttökubekkur við Brúarskóla er sérhæft úrræði undir stjórn skólans með aðsetur við eða í almennum grunnskóla í heimahverfi nemanda í aðstæðum sem eru eins lítið heftandi og mögulegt er. Áhersla er lögð á félagslega styrkingu og aukna samskiptafærni í eins mikilli nánd við jafnaldra og mögulegt er. Starfsfólk þátttökubekkjanna er ráðið við Brúarskóla og starfar í nánu samstarfi við skólastjóra skólans sem hýsir þátttökubekkin, kennara og sérfræðinga, m.a. til að þjóna nemendum innan almenna skólakerfisins.

Nú þegar er starfræktur einn þátttökubekkur við Brúarskóla og er hann staðsettur við Seljaskóla í Breiðholti, Brúarsel. Almenn ánægja er bæði meðal skólanna í hverfinu og foreldra með þetta úrræði enda hefur það verið þyrnir í augum foreldra að senda ung börn sín út fyrir heimahverfið í skóla. Starfsfólk skólanna hefur einnig talið það kost að skólaúrræði sem þetta sé starfrækt í hverfinu vegna nándar við þá sérfræðiþekkingu sem þar er til staðar og að síður verði rof á tengslum nemenda við sinn heimaskóla og samnemendur þeirra þar.

Þegar nemandi, að lokinni skólavist í Brúarskóla, á við svo alvarlegan atferlisvanda og geðrænan vanda að etja að hann stofnar sjálfum sér og/eða öðrum í hættu, nýtur ekki skólagöngu sinnar og tekur ekki framförum í námi, þrátt fyrir sértækan stuðning, vinnur

heimaskóli, Brúarskóli og frístund í samstarfi við sérfræðipjónustu við skóla og/eða barnavernd og aðra fagaðila að heildstæðu, sértæku úrræði fyrir nemandann.

Brúarskóli er tímabundið úrræði og snúa nemendur að öllu jöfnu aftur í sinn heimaskóla undir handleiðslu og ráðgjöf ráðgjafarsviðs Brúarskóla. Í einstaka tilfellum er um að ræða svo alvarlegan atferlisvanda og geðrænan vanda að ekki tekst að byggja upp nægilega sértækan stuðning við nemandann þannig að hann njóti skólagöngu sinnar og taki framförum í námi, auk þess sem ekki tekst að tryggja öryggi nemandans og annarra. Í slíkum tilfellum getur verið nauðsynlegt að byggja upp sérstakt úrræði í kringum nemandann til lengri tíma.

Starfsfólk Brúarskóla hefur yfir að ráða mestri þekkingu og reynslu varðandi skólagöngu nemenda með atferlisvanda og geðrænan vanda og getur í einstaka tilfellum verið nauðsynlegt að skólinn komi að málum nemenda til lengri tíma. Um getur verið að ræða sveigjanlegt úrræði þar sem ráðgjafarsvið Brúarskóla hefur ráðgjafarhlutverk og forystu í skipulagi stuðnings í heimaskóla, skólaganga getur verið skipt milli heimaskóla og Brúarskóla eða nemandinn nýtur skólavistar í Brúarskóla til lengri tíma. Alltaf er þó stefnt að endurkomu nemandans í heimaskóla að hluta eða að öllu leyti. Í slíkum tilfellum skal ávallt leitast við að skipuleggja heildstæðan stuðning við nemandann í skóla- og frístundastarfi.

Brúarskóli vinni í samstarfi við Velferðarsvið, SÁÁ, Barnaverndarstofu og heilbrigðisþjónustu að samþætту skóla- og meðferðarúrræði fyrir nemendur í alvarlegum vímuefnavanda.

Verði vímuefnaneysla nemanda í grunnskóla til þess að nemandanum er vísað úr heimaskóla er mikilvægt að áframhaldandi nám og skólaganga séu tryggð en jafnframt að samhliða sé til staðar viðeigandi meðferðarúrræði. Í Brúarskóla hafa verið nemendur sem komnir eru í alvarlegan vanda vegna fíkniefnaneyslu og/eða afbrota og er almennt litið svo á að forðast beri samskipti milli unglinga í vímuefnaneyslu og annarra nemenda. Nauðsynlegt getur því verið að aðskilja nemendur í vímuefnavanda frá öðrum nemendum en jafnframt er nauðsynlegt að unnið sé markvisst meðferðarstarf með þeim samhliða námi og skólagöngu eða nám og meðferð fléttuð saman.

2.3. Sérúrræði innan grunnskóla fyrir nemendur með einhverfu

Grunnskólar með sérdeildir fyrir nemendur með einhverfu hafi samstarf um að vinna markvisst að þróun deildanna í skóla án aðgreiningar.

Sérúrræði fyrir nemendur með einhverfu eru til staðar í fjórum grunnskólum í borginni, í Fellaskóla, Foldaskóla, Langholtsskóla og Vogaskóla. Deildirnar eru fyrir nemendur með dæmigerða einhverfu í 1.-10. bekk. Við deildirnar starfar teymi sem í sitja skólastjórar og deildarstjórar deildanna og fulltrúi skóla- og frístundasviðs á sviði sérkennslumála. Teymið annast inntöku í deildirnar og hafa deildirnar með sér faglegt samráð.

Deildirnar eru allar staðsettar innan almennra grunnskóla þar sem áhersla er á að tryggja gagnkvæman ávinning nemenda og starfsfólks í viðkomandi sérdeild og annarra nemenda og starfsfólks í skólanum. Þær hafa allar þróað með sér faglegar áherslur og sérhæfðar starfsaðferðir sem nýtast einnig öðrum nemendum og starfsfólki. Mikilvægt er að markviss vinna fari fram varðandi þróun slíkra deilda í skólum án aðgreiningar, ásamt því að þróa tengsl þeirra við aðra grunnskóla í borginni.

2.4. Táknmálssvið

Hlíðaskóli vinni markvisst að því að hann verði tvítyngdur skóli þar sem íslenskt táknmál og íslenskt talmál eru jafnréttá.

Við Hlíðaskóla er Táknmálssvið fyrir heyrnarlausum og heyrnarskerta nemendur. Skólinn þjónar því bæði heyrnarlausum, heyrnarskertum og heyrandi nemendum þannig að allir fái kennslu við hæfi. Hugmyndafræði Táknmálssviðsins byggir á tvítyngisstefnu þar sem bæði íslenskt táknmál og íslenskt talmál eru jafnréttá og stefnt er að því að nemendur verði tvítyngdir við lok grunnskóla. Kennsla nemenda getur farið fram á Táknmálssviðinu í hópi eða einstaklingslega, í almennum bekkjum með táknmálstalandi kennara í tveggja kennara kerfi eða með táknmálstalandi stuðningsaðila. Allir nemendur á Táknmálssviði eru einnig nemendur í almennum bekkjum þar sem nám þeirra og þátttaka eru skipulögð af kennurum Táknmálssviðs og kennurum viðkomandi bekkja í samráði við foreldra.

3. Ráðgjöf við starfsfólk skóla, nemendur og foreldra

Stofnað verði til Miðlunartorgs þekkingar, reynslu og verkefna sem tryggja sambærilega ráðgjafarþjónustu fyrir alla skóla í borginni, nemendur og foreldra. Miðlunartorgið verði samstarfsvettvangur skólaþjónustu á þjónustumiðstöðvum og ráðgjafarþjónustu sérskóla og sérdeilda.

Markmið sérfræðiþjónustu við skóla er að efla skólana sem faglegar stofnanir og veita starfsfólki þeirra handleiðslu og ráðgjöf við störf sín. Stuðningur við kennara og annað starfsfólk skóla þarf að taka til flestra eða allra þátta skólastarfsins og getur hann annars vegar verið vegna almennra þátta skólastarfsins, s.s. vegna kennsluhátta, þróunarstarfs, forvarnarstarfs og stjórnunarþátta og hins vegar vegna einstakra nemenda eða nemendahópa, samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 584/2010.

Starfshópur um sérfræðiþjónustu skóla benti á í skýrslu sinni frá 2008, að auka þyrfti fjölbreytni sérfræðiþjónustu og sérfræðiþekkingar sem skólum stæði til boða, efla og skýra ráðgjafarhlutverk sérskóla og sérdeilda og tryggja sambærilega þjónustu í öllum hverfum borgarinnar. Þar kom fram að skólar í borginni hefðu ekki aðgang að sambærilegri þjónustu, m.a. þegar kemur að sértækum fötlunum nemenda (Hrund Logadóttir og fl., 2008).

Starfshópur um samhæfða þjónustu við nemendur með einhverfu lagði til í skýrslu sinni frá 2010 að stofnað yrði til sérhæfðs ráðgjafarteymis vegna barna með einhverfu með það að markmiði að viðhalda þekkingu og færni starfsfólks og samræma þjónustu við nemendur og foreldra. (Ragnheiður Axelsdóttir og fl., 2010)

Starfshópur um skólaþjónustu á þjónustumiðstöðvum lagði til í skýrslu sinni frá 2011 að stofnað yrði Miðlunartorg þekkingar, reynslu og verkefna þar sem þekkingu yrði miðlað milli þjónustumiðstöðva. Hlutverk slíks Miðlunartorgs yrði að jafna aðgengi barna og skóla í borginni að sérfræðiþjónustu og tryggja bestu mögulegu þjónustu hverju sinni (Þorsteinn Hjartarson og fl., 2011).

Sérfræðiþjónusta við skóla á þjónustumiðstöðvum sinnir veigamesta ráðgjafarhlutverkinu sem kennarar og annað starfsfólk skóla hefur aðgang að í borginni. Að auki búa sérskólar og sérúrræði yfir viðamikilli, sérhæfðri þekkingu um kennslu og nám nemenda með ýmsar fatlanir og hafa ráðgjafarhlutverk gagnvart almennum grunnskólum. Í öllum skólum borgarinnar er margbreytilegur nemendahópur, m.a. nemendur með sambærilegar fatlanir og nemendur í sérskólum, auk þess sem kennarar þurfa margvíslega ráðgjöf vegna ólíkra þarfa nemenda sinna. Mikilvægt er að tengja saman ráðgjöf sérfræðiþjónustu og sérskóla og sérdeilda og leiða hana saman á skipulögðum vettvangi, Miðlunartorgi, til að tryggja öllum skólum og nemendum sambærilega þjónustu.

3.1. Sérfræðiþjónusta við leik- og grunnskóla á þjónustumiðstöðvum

Sérfræðiþjónusta við leik- og grunnskóla í Reykjavík er staðsett á þjónustumiðstöðvum borgarinnar. Hún starfar samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008, reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010 og stefnu yfirstjórnar fræðslumála í borginni og er framkvæmd hennar samkvæmt sérstökum þjónustusamningi sem fyrst var gerður milli Menntasviðs og þjónustu- og rekstrarsviðs 2005.

Hlutur kennsluráðgjafar í sérfræðipjónustu við skóla verði aukinn til jafns við sálfræðiráðgjöf svo og fjölbreytni þjónustunnar með því að fá fleiri fagstéttir til starfa, s.s. talmeinafræðinga og þroskajálfa.

Mikilvægt er að skólar hafi aðgang að fjölbreyttri ráðgjafarþjónustu sem tekur til margbreytilegra verkefna sem skólar standa frammi fyrir. Verkefnin geta tekið til einstaklingsmála og skólamála, s.s. varðandi skipulag, stjórnun og einstaka áherslupætti í skólastarfi. Auk þess er mikilvægt að skólar hafi aðgang að kennsluráðgjöfum með sérþekkingu á framkvæmd og starfsháttum í skóla án aðgreiningar.

Starfshópur um sérfræðipjónustu skóla frá 2008 lagði m.a. áherslu á að auka þyrfti fjölbreytni þjónustunnar, bæði vegna margbreytileikans í nemendahópum skólanna og vegna faglegrar þekkingar á skólastarfi og skólaþróunar (Hrund Logadóttir og fl., 2008). Jafnframt er sérfræðipjónustunni ætlað aukið hlutverk, s.s. varðandi þroska- og félagsfræðilega þekkingu og forvarnarstarf, með nýrri reglugerð um sérfræðipjónustu við leik- og grunnskóla, nr. 584/2010.

Í skýrslu mennta- og menningarmálaráðuneytisins frá 2012 um stöðu barna og ungmenna með tal- og málþroskaröskun kemur fram óánægja foreldra með fyrirkomulag þjónustu vegna tal- og málörðugleika og kalla þeir eftir meiri þjónustu og samstarfi við skólana. Einnig kemur fram að mörg sveitarfélög hafi ráðið talmeinafræðinga til að sinna sérfræðipjónustu en jafnframt að enginn talmeinafræðingur hefur verið ráðinn til þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar. Auk þess er bent á að sveitarfélögum beri að leggja áherslu á forvarnarstarf og þar með að skima og greina málþroska þar sem hann er grundvöllur fyrir lestur.

Sérfræðipjónusta við skóla vinni markvisst að auknu samstarfi við sérhæfð greiningar- og meðferðarúrræði á vegum ríkisins vegna einstakra nemenda eða málaflokka.

Í 5. gr. reglugerðar nr. 584/2010 um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla er sveitarfélögum gert að hafa frumkvæði að samstarfi sérfræðipjónustu á eigin vegum við aðila sem annast sérhæfð greiningar- og meðferðarúrræði á vegum ríkisins vegna einstakra nemenda. Markmið slíks samstarfs er að tryggja gagnkvæma upplýsingamiðlun og skapa samfellu í þjónustu sem til dæmis getur bæði náð til meðferðar og kennslu.

3.2. Ráðgjafarþjónusta sérskóla og sérúrræða

Ráðgjafarþjónusta sérskóla og sérúrræða við grunnskóla verði eflað og færð sem kostur er inn á vettvang nemenda og kennara. Sérskólar og sérdeildir hafi með sér samstarf um ráðgjöf og þjónustu við nemendur og kennara.

Í 42. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 segir að sérskólum og sérúrræðum sé ætlað að leggja áherslu á að veita starfsfólki almennra grunnskóla stuðning og kennslufræðilega ráðgjöf. Í skýrslu starfshóps um sérfræðipjónustu skóla kemur einnig fram mikilvægi þess að efla ráðgjöf sérskóla og sérdeilda og færa hana í auknum mæli inn í skólana þar sem nemendur með fatlanir og alvarlegar raskanir stunda nám (Hrund Logadóttir og fl., 2008).

Í skólum borgarinnar er margbreytilegur nemendahópur, þar á meðal nemendur með fatlanir á borð við þroskahamlanir og/eða einhverfu á mismunandi stigum. Í sérskólum og sérúrræðum er til staðar mikil sérþekking varðandi kennslu nemenda með fatlanir, eina eða fleiri. Breið ráðgjöf vegna kennslu nemenda með flóknar og samsettar fatlanir og raskanir er mikilvæg, bæði fyrir starfsfólk almennra skóla og sérskóla. Þegar þörf er á slíkri ráðgjöf er mikilvægt að gott aðgengi

sé að margþættri ráðgjöf sérfræðinga. Sérskólarnir og sérúrræðin hafa ráðgjafarhlutverk við kennara og annað starfsfólk grunnskóla og er mikilvægt að þeir hafi með sér samstarf um ráðgjöf varðandi kennslu og skólagöngu nemenda með samsettar fatlanir og raskanir.

Ráðgjafarsvið Brúarskóla vinni í samstarfi við sérfræðipjónustu skóla á þjónustumiðstöðvum, hafi samstarf við félagsþjónustu, barnaverndaryfirvöld og heilbrigðisþjónustu, bæði varðandi einstaka nemendur og málaflokkinn í heild.

Ráðgjafarsvið Brúarskóla hefur verið að styrkjast og eflast á undanförunum árum og er hlutverk þess í meginatriðum:

- Ráðgjöf og handleiðsla til almennra grunnskóla vegna nemenda sem útskrifast úr Brúarskóla og vegna nemenda sem hafa fengið samþykki fyrir skólavist í Brúarskóla en bíða skólavistar. Ráðgjöfin fer fram eins og kostur er á starfsvettvangi kennara og nemenda.
- Ráðgjöf til grunnskóla vegna einstakra nemenda með alvarlegan hegðunar- eða félagslegan vanda. Ráðgjöfin fer fram eins og kostur er á starfsvettvangi kennara og nemenda.
- Annast þjálfun, námskeið og fræðslu starfsfólks á starfsstöðvum Brúarskóla og starfsfólks almennra grunnskóla sem vinnur með þessum nemendum þar.

Mál flestra, ef ekki allra, nemenda sem fá skólavist í Brúarskóla eða leitað er eftir ráðgjöf vegna til skólans, eru til umfjöllunar hjá fleiri stofnunum, svo sem félagsþjónustu, barnaverndaryfirvöldum og heilbrigðisþjónustu. Auk þess má ætla að skólar allra þessara nemenda nýti sérfræðipjónustu skóla hjá þjónustumiðstöðvunum vegna þeirra. Í 5. gr. reglugerðar um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla nr. 584/2010 segir að sveitarfélög skulu hafa frumkvæði að samstarfi við aðila sem annast sérhæfð greiningar- og meðferðarúrræði og einnig að skólastjórar skuli hafa frumkvæði að samstarfi við ofangreinda aðila. Almenn er litið svo á að samhæfing og samfella í þjónustu skili meiri og betri árangri í meðferð þessara mála.

4. Úthlutun fjármagns

Úthlutun fjármagns til grunnskóla vegna sérstaks stuðnings við nemendur verði með þrennum hætti:

- a) Skóli fær úthlutað fjármagni til stuðnings við nemendur með almenna og sértæka námserfiðleika, svo sem í lestri, íslensku og stærðfræði, vegna raskana á hreyfifærni og mál- og talörðugleika. Úthlutun tekur mið af nemendafjölda í skóla. Skólar skipuleggi stuðning í samræmi við stefnu um skóla án aðgreiningar og sérstakan stuðning við nemendur í grunnskólum Reykjavíkur.*
- b) Skóli fær úthlutað fjármagni til þjónustu og sérstaks stuðnings við mikið fatlaða nemendur og nemendur með alvarlegar raskanir. Skólar geri heildaráætlun, sbr. 10. gr. reglugerðar um nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010, um þá þjónustu sem þeir hyggjast veita og skal áætlunin vera í samræmi við stefnu borgarinnar um skóla án aðgreiningar og sérstakan stuðning við nemendur. Í áætluninni skal annars vegar gera grein fyrir fyrirkomulagi sérstaks stuðnings vegna fatlaðra nemenda og hins vegar sérstaks stuðnings vegna hegðunar, tilfinningalegra og félagslegra örðugleika. Auk heildarskipulags skal koma fram fjöldi nemenda og greiningar þeirra sem njóta sérstaks stuðnings innan áætlunarinnar og hvernig þörfum einstakra nemenda verður mætt. Stuðst er við þau viðmiðunarstig um fatlanir og þroska- og geðraskanir sem Jöfnunarsjóður sveitarfélaga styðst við í vinnureglum sínum (fylgiskjöl 18 og 19).*
- c) Þegar nemendahópur skóla víkur verulega frá því sem almennt er í skólum, s.s. varðandi fjölda nemenda af erlendum uppruna, nemenda með þroskaraskanir, erfiðar félagslegar aðstæður og fjölda barnaverndartilkynninga, getur skóli sótt um sérstakt fjármagn á grundvelli áætlunar um viðbrögð.*

Fjármagni til skóla er ætlað að tryggja skólum aðstæður til að starfrækja kennslu og þjónustu til að mæta þörfum allra nemenda. Jafnframt skulu skólar fylgja lögum, stefnu fræðslufyrivalda í hverju sveitarfélagi og viðmiðunum sem sett eru og sjá til þess að fjárveitingum sé varið á skilvirkan og árangursríkan hátt. Mikilvægt er að reglur um úthlutun fjármagns styðji við og séu í samræmi við stefnu borgarinnar í skólamálum og að grundvöllur úthlutunar fjármagns til skóla byggji á jafnrétti, sveigjanleika og ábyrgð. Jafnframt er mikilvægt að skólum sé skapaður sveigjanleiki til að móta úrræði sín innan stefnunnar.

Í þeim vestrænu löndum sem við höfum litið til varðandi skólamál er fjármagni til sérkennslu og stuðnings í grundvallaratriðum úthlutað eftir fjórum leiðum. Úthlutað er miðað við ákveðið hlutfall af útlögðum kostnaði, eftir metnum sérþörfum nemenda, stöðugildum kennara og starfsmanna og heildarfjölda nemenda í skóla (Deluca and Stillings, 2008; Alberta, 2008). Yfirleitt er um að ræða mismunandi samsetningu þessara leiða eins og verið hefur í Reykjavík þar sem annars vegar er úthlutað miðað við heildarfjölda nemenda í skóla og hins vegar eftir greiningum einstakra nemenda.

Vaxandi gagnrýni hefur verið meðal stjórnenda og kennara í grunnskólum á að úthlutun vegna fatlaðra nemenda sé oft ekki í samræmi við raunverulega þörf þeirra fyrir þjónustu og stuðning. Þannig sé úthlutað vegna fatlaðs nemanda sem ekki þarf á mikilli þjónustu að halda í skóla en ekki vegna annars nemanda með flóknar þarfir sem þarf á miklum stuðningi að halda þó ekki sé

um skilgreinda fötlun að ræða. Fötlun gefur ekki alltaf tilefni til sérkennslu eða sérstaks stuðnings en þörf fyrir slík úrræði getur verið til staðar þó ekki sé um skilgreinda fötlun að ræða.

Í flestum löndum Evrópu er verið að hverfa frá mati sem tengist „sjúkdóms“ greiningu og taka upp aðferðir sem varða fremur nám og kennslu. Þannig er megináherslan ekki lengur á að flokka sérþarfir heldur að skilgreina þann stuðning sem þörf er á. Áherslan hefur einnig færst frá því að líta á sérkennslu sem sérstaka kennslu yfir í að líta á hana sem hluta af almennri kennslu. Fjármagn sem úthlutað er til sérkennslu og sérstaks stuðnings er þannig ætlað fyrir nemendur sem þurfa viðbót við þann stuðning sem kennari/kennarar nemandans geta veitt í daglegu skólastarfi.

Sé fjármagni vegna sérkennslu og stuðnings úthlutað til skóla miðað við þörf skólans til að veita sérkennslu og stuðning, þarf áætlun hvers skóla að vera markviss og skýr. Hún þarf að skýra sérkennslu- og stuðningsþörf skólans, hvaða sérhæfða starfsfólk skólinn hefur eða ætlar að ráða, áætlun og stefnu skólans varðandi kennslufyrirkomulag, hvað þarf til viðbótar við sveigjanlega kennsluhætti og nám til að nemendur geti náð besta mögulega árangri náms- og félagslega og hvernig það verði metið. Slíka áætlun þarf að endurmeta árlega þar sem annars vegar eru metnar framfarir og breytingar á stuðningsþörf nemenda og hins vegar lagt mat á virkni þeirra úrræða sem skipulögð voru og hversu viðeigandi þau hafa reynst náms- og félagslega í heildarskólastarfinu.

Í þeim reglum sem hér eru settar fram um úthlutun fjármagns til skóla vegna sérstaks stuðnings við nemendur er annars vegar um að ræða sérþarfir í námi sem dreifast jafnt á skóla og er þeim mætt með almennri úthlutun sem byggð er á heildarnemendafjölda hvers skóla. Hins vegar er um að ræða alvarlegar fatlanir og raskanir sem geta dreifst misjafnt niður á skóla og er brugðist við þeim með sérstakri úthlutun. Skólum er ætlað að móta heildaráætlun stuðnings annars vegar vegna fatlana og hins vegar vegna hegðunar og félags- og tilfinningalegra örðugleika og er úthlutun fjármagns ákveðin á grunni þeirra áætlana. Áætlunin er síðan metin út frá skipulagi úrræða í heildarskólastarfinu, s.s. skipulagi stuðnings í bekkjum og almennu skólastarfi, aðlögun í námsumhverfi, einstaklingsnámskrám, áætlun um mat á árangri, fjölda nemenda sem þarfnast stuðnings og í hverju stuðningsþörf í skólanum felst.

Hér er lagt til að áfram verði stuðst við viðmiðunarstig um fatlanir og þroska- og geðraskanir sem Jöfnunarsjóður sveitarfélaga styðst við í vinnureglum sínum þar til sérstakt mat á stuðningsþörf barna með fötlun, sem nú er í undirbúningi, verði tilbúið. Matskerfinu, *Mat á stuðningsþörf* (Supports Intensity Scale, SIS), er ætlað að finna stuðningsþörf einstaklings með fötlun. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga nýtir nú þetta kerfi fyrir úthlutun úr sjóðnum vegna fullorðinna einstaklinga en í undirbúningi er sérstakt mat á stuðningsþörf barna. Ráðgert er að Jöfnunarsjóður muni nýta það mat til grundvallar úthlutunum úr sjóðnum vegna fatlaðra grunnskólanemenda, þegar það verður tilbúið. Lagt er til að forsendur úthlutunar til skóla vegna fatlaðra nemenda í grunnskólum borgarinnar verði þá endurskoðaðar.

Foreldrar mikið fatlaðra barna hafa val um það hvort þeir senda börn sín í almenna grunnskóla eða sækja um skólavist í sérskóla. Á undanförunum árum hefur dregið í sundur milli þess fjármagns sem sérskólar hafa til ráðstöfunar vegna hvers nemanda og þess fjármagns sem almennir grunnskólar hafa til ráðstöfunar vegna mikið fatlaðra nemenda sinna. Við ákvörðun fjármagns til úthlutunar vegna mikið fatlaðra nemenda í almennum grunnskólum þurfa grunnskólar að hafa forsendur til að veita sambærilega þjónustu og nemandi fengi í sérskóla eða

sérdeild, eigi val foreldra að vera virkt. Því er hér lagt til að gætt verði að samræmingu við úthlutun fjármagns vegna nemenda með sambærilegar þarfir í sérskóla og almennum skóla.

Í grunnskólum borgarinnar er margbreytilegur nemendahópur en í sumum hverfum er aukinn fjöldi nemenda með sérstakar þarfir s.s. nemendur af erlendum uppruna, nemendur sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður og ýmis konar raskanir. Þegar slíkar aðstæður eru í hverfi getur nemendahópur viðkomandi skóla vikið verulega frá því sem almennt er í skólum og þá þarf viðkomandi skóli að bregðast sérstaklega við. Hér er lagt til að skólar geti sótt um sérstakt fjármagn, víki nemendahópurinn verulega frá því sem almennt er. Slík úthlutun fer fram á grunni áætlunar skólans um viðbrögð og er henni ætlað að styrkja skóla til að mæta sérstaklega slíkum nemendahópi náms- og félagslega.

5. Innleiðing, framkvæmd og mat

Innleiðing stefnu þessarar fer fram í samstarfi allra aðila skólasamfélagsins í borginni

Skóla- og frístundasvið, grunnskólar og sérfræðipjónusta við leik- og grunnskóla hafi með sér samstarf um skipulag og framkvæmd kynninga og samræðu um stefnu þessa meðal aðila skólasamfélagsins með það að markmiði að byggja upp gagnkvæmt traust og virðingu milli skóla og samfélags og sameiginlegan skilning á stefnunni. Áætlun verði unnin og samræðan fari af stað á haustönn 2012.

- a) Skóla- og frístundasvið, í samstarfi við símenntunarstofnanir móti áætlun um leiðir til þjálfunar og símenntunar fyrir stjórnendur, kennara og annað starfsfólk skólanna varðandi mannréttindi, jafnrétti, nám án aðgreiningar, vinnu í skóla án aðgreiningar og leiðtogaþæfni í skóla án aðgreiningar.*
- b) Skóla- og frístundasvið, í samstarfi við sérfræðipjónustu við leik- og grunnskóla, vinni áætlun um leiðir fyrir skóla og starfsfólk þeirra til að endurskoða starfs- og kennsluhætti með tilliti til stefnu um skóla án aðgreiningar.*
- c) Skólar endurskoði skólanámskrár sínar með tilliti til stefnu um skóla án aðgreiningar og sérstakan stuðning við nemendur í grunnskólum Reykjavíkur fyrir 2015. Í endurskoðuðum skólanámskrám skal koma fram hvernig hugmyndafræði skóla án aðgreiningar birtist í skólastarfinu, hvernig skólinn hyggst bregðast við margbreytileika nemendahópsins, stuðla að besta mögulega námsárangri allra nemenda og viðbrögð gagnvart fordómum. Endurskoðunin skal fara fram í samráði við alla aðila skólasamfélagsins.*
- d) Á skóla- og frístundasviði verði unnin viðmið og ferlar til að meta og skoða framkvæmd og áhrif stefnu um skóla án aðgreiningar og sérstakan stuðning við nemendur í grunnskólum Reykjavíkur. Viðmið og ferlar verði tilbúin í upphafi skólaárs 2013-2014*
- e) Mat á framgangi og framkvæmd stefnunnar fari fram í skólum borgarinnar árlega frá og með vori 2014 og niðurstöður kynntar öllum aðilum skólasamfélagsins.*

Til að stefna í skólamálum nái fram að ganga og komist til framkvæmdar er sameiginleg ábyrgð og skuldbinding allra aðila skólasamfélagsins nauðsynleg, svo og traust foreldra og almennings á skólunum og stefnu þeirra. Því er mikilvægt að stefnan sé studd og markvisst innleidd. Yfirstjórn skólamála hefur forystuhlutverk í slíkri innleiðingu og gegna stjórnendur skóla einnig mikilvægu hlutverki við innleiðingu hennar og útfærslu í hverjum skóla fyrir sig.

Innleiðing stefnu miðar að því að byggja upp sameiginlegan skilning og móta vilja og áhuga fyrir mikilvægi hennar og þar með grundvelli fyrir breyttum starfsháttum. Í slíkri innleiðingu er stefnunni komið á framfæri og hún kynnt en auk þess felur innleiðingin í sér stuðning við aðila skólasamfélagsins við að koma henni í framkvæmd. Stuðningur getur falist í opinni samræðu aðila skólasamfélagsins og í símenntun og þjálfun til að efla þekkingu og færni, t.d. í sveigjanlegum starfs- og kennsluháttum. Einnig er mikilvægt að ábyrgð sé sameiginleg og skýr svo og viðmið um árangur.

Á fundum starfshópsins með skólastjórum og sérfræðipjónustu við leik- og grunnskóla kom fram mikil áhersla á mikilvægi umræðu og fræðslu um hugmyndafræði skóla án aðgreiningar (sjá

fylgiskjal 3). Sterk áhersla kom fram á mikilvægi sameiginlegs skilnings og túlkunar á því hvað felst í hugmyndafræðinni. Í kennarahópum þeirra skóla sem tóku þátt í umræðunni komu fram sömu áherslur varðandi mikilvægi fræðslu og sameiginlegs skilnings, skýra þurfi hugtök og vinna með viðhorf (sjá fylgiskjal 4).

Tillögur þær sem hér eru settar fram um innleiðingu stefnunnar byggja á niðurstöðum af fundum með skólastjórnendum, starfsfólki sérfræðipjónustu, niðurstöðum úr verkefnum á vegum European Agency for Development in Special Needs Education (Kyriazopoulou, M. og Weber, H. 2009) og innleiðingaráætlun stefnu Ontario fylkis í Kanada um skóla án aðgreiningar og jafnrétti (Ontario, 2009). Allir þessir aðilar leggja áherslu á að hugmyndafræði stefnu sé vel þekkt og viðurkennd og að vitundarvakningu sé komið af stað til að styðja við stefnuna þannig að allir aðilar skólasamfélagsins geti verið sammála um mikilvægi hennar. Ennfremur að byggð verði upp hjá starfsfólki aukin hæfni, viðhorf og þekking sem þarf til árangursríks náms allra nemenda með símenntun í samræmi við fagleg og hugmyndafræðileg viðmið.

Skólanámskrár og starfsáætlanir skóla eru nánari útfærsla hvers skóla á því hvernig hann hyggst haga störfum sínum innan ramma laga og reglugerða, aðalnámskrár og stefnu sveitarfélagsins. Því er mikilvægt að í skólanámskrám skólanna í Reykjavík komi m.a. fram hvernig viðkomandi skóli hyggst framkvæma stefnu skóla- og frístundaráðs um skóla án aðgreiningar. Hver skóli ákveður þær leiðir sem hentar í hverjum skóla fyrir sig og þeim nemendahópi sem þar stundar nám. Fram koma áherslur skólans varðandi þá megin þætti sem stefna þessi byggir á, s.s. hvernig hlúð er að margbreytileikanum, hann boðinn velkominn, hvern sess mannréttindi, réttindi og ábyrgð skipa í skólanum, hvernig náms- og kennsluhættir eru lagaðir að og settir í samhengi við líf nemenda, hvaða svigrúm er fyrir breytileika í námi og kennslu og mismunandi menningarlegan og mállegan bakgrunn nemenda.

Heimildir

- Aðalnámskrá grunnskóla*: almennur hluti, 2011. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Ainscow, M. et al., 2006. *Improving Schools, Developing Inclusion*. London: Routledge.
- A Summary of Key Information and Issues Regarding Policy, Accountability and Funding for Special Education in Alberta*, 2008. Alberta: A.L. Charette Consulting Ltd.
- Allan, J. og Slee, R. 2008. „Doing Inclusive Education Research“. Í Gabel, S. og Danforth, S. (ritstj.), *Disability and the politics of education: An international reader*. New York: Peter Lang.
- Amalía Björnsdóttir og Kristín Jónsdóttir, 2010. „Starfshættir í grunnskólum: Fyrstu niðurstöður úr spurningakönnunum meðal starfsmanna skóla“. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt 10. apríl 2012 á:
<http://netla.khi.is/menntakvika2010/alm/001.pdf>
- Armstrong, A. C., Armstrong, D. and Spandagou, I., 2010. *Inclusive Education, International Policy & Practice*. London: Sage.
- Deluca, M. and Stillings, C., 2008. „Targeting Resources to Students with Special Educational Needs: national differences in policy and practice“. *European Educational Research Journal*, 7:3, 371-385.
- Framtíðarsýn Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk*, 2011. Sótt 2. júlí 2012 á:
<http://netla.khi.is/menntakvika2010/alm/001.pdf>
- Hildur B. Svavarsdóttir, Sara Björg Ólafsdóttir og Hrund Logadóttir, 2011. *Framkvæmd sérkennslu í almennum grunnskólum*. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.
- Hrund Logadóttir og fl., 2008. *Skýrsla starfshóps um sérfræðiþjónustu skóla*. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.
- Kyriazopoulou, M. og Weber, H. (ritstj.), 2009. *Þróun vísbenda – fyrir nám án aðgreiningar í Evrópu*, Ódinsvé, Danmörk: Evrópumidstöðin fyrir trúun í sérkennslu.
- Lög um grunnskóla*. Nr. 91/2008.
- Mackay, A. W., 2006. *Connecting Care and Challenge: Tapping Our Human Potential. Inclusive Education: A review of Programming and Services in New Brunswick*. Sótt 10. apríl 2012 á:
<http://www.gnb.ca/0000/publications/mackay/MACKAYREPORTFINAL.pdf>
- Ministry of Education, Ontario, 2009. *Ontario's Equity and Inclusive Education Strategy*. Toronto: Author.
- New Brunswick, Inclusive Education*, 2009. Sótt 10. apríl 2010 á:
<http://www.gnb.ca/0000/publications/Definition%20of%20Inclusion.pdf>
- Policy Guidelines on Inclusion in Education*, 2009. France: UNESCO.
- Ragnheiður Axelsdóttir og fl. 2010. *Nemendur með einhverfu í almennum grunnskólum. Greinargerð starfshóps um samhæfða þjónustu við nemendur með einhverfu*. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Rannsóknastofa um þroska, mál og læsi, 2012. *Skýrsla um stöðu barna og ungmenna með tal- og málþroskaröskun*. Unnið fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Sótt 3. júlí 2012 á:
<http://www.althingi.is/altext/140/s/pdf/1088.pdf>

Reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla. Nr. 585/2010.

Reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum. Nr. 584/2010.

Salamanca-yfirlýsingin og rammaáætlun um aðgerðir vegna nemenda með sérþarfir, 1995. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, 1989. Sótt 10. apríl 2012 á:
http://www.barn.is/adalsida/barnasattmalinn/barnasattmalinn_i_heild/

Samningur um réttindi fatlaðs fólks, 2007. Sótt 10. apríl 2012 á:
http://www.velferdarraduneyti.is/media/acrobat-skjol/Samningur_fatladra.pdf

Sigurbjörg J. Helgadóttir og fl., 2005. *Sérkennslukönnun í almennum grunnskólum vorið 2005*. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Skidmore, D., 2004. *Inclusion – The Dynamic of School Development*. Berkshire: Open University Press.

Stefna og starfsáætlun Menntasviðs Reykjavíkur, 2011. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Thomas, G. and Loxley, Al, 2001. *Deconstructing Special Education and Constructing Inclusion*. Berkshire: Open University Press.

UNESCO, 2009. *Inclusive Education: The way of the Future, International Conference on Education*. Geneve: UNESCO.

Þorsteinn Hjartarson og fl., 2011. *Skýrsla starfshóps um skólaþjónustu á þjónustumiðstöðvum*. Reykjavík: Velferðarsvið Reykjavíkurborgar.

Fylgiskjöl

1. Erindisbréf starfshóps um endurskoðun stefnu fræðsluráðs Reykjavíkur um sérkennslu frá 2002
2. Niðurstöður úr spurningalista til kennara um skóla án aðgreiningar og mikilvægustu áherslur í kennslu
3. Verkefni af samstarfsfundi með skólastjórum og starfsfólki sérfræðiþjónustu
4. Verkefni af fundum kennara í skólum
5. Tillaga um þjónustu Brúarskóla við skóla vegna nemenda í 1.-3. bekk
6. Umsögn Félags íslenskra sérkennara
7. Umsögn Félags skólastjórna í Reykjavík
8. Umsögn frístundahluta skóla- og frístundasviðs
9. Umsögn Kennarafélags Reykjavíkur
10. Umsögn mannréttindastjóra Reykjavíkur
11. Umsögn Rannsóknarseturs í fötlunarfræðum
12. Umsögn Sjónarhóls
13. Umsögn umboðsmanns barna
14. Umsögn Þroskahjálpar
15. Umsögn menntavísindasviðs og rannsóknarstofu um skóla án aðgreiningar
16. Umsögn SAMFOK
17. Umsögn velferðarsviðs og sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla á þjónustumiðstöðvum
18. Viðmiðunarstig fatlana vegna greiðslna úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga – Vinnureglur I
19. Viðmiðunarstig þroska- og geðraskana vegna greiðslna úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga – Vinnureglur II

Fylgiskjal 1

Heiti vinnuhóps:

Starfshópur um endurskoðun Stefnu fræðsluráðs Reykjavíkur um sérkennslu frá 2002

Ábyrgðarmaður:

Ragnar Þorsteinsson fræðslustjóri

Hlutverk:

Að vinna samkvæmt samþykkt menntaráðs frá 8. september 2010 um endurskoðun Stefnu fræðsluráðs Reykjavíkur um sérkennslu frá 2002

Helstu verkefni:

Að endurskoða stefnuna með tilliti til:

- Laga um grunnskóla nr. 91/2008
- Reglugerðar um nemendur með sérþarfir nr. 585/2010
- Reglugerðar um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla nr. 584/2010
- Væntanlegrar reglugerðar um framkvæmd 14. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008
- Væntanlegrar aðalnámskrár
- Skýrslu starfshóps um sérfræðipjónustu skóla frá janúar 2008
- Annarra skýrslna starfshópa Menntasviðs sem varða nemendur með sérþarfir.
- Athugana og kannana Tölfræði og rannsóknarpjónustu Menntasviðs varðandi nemendur með sérþarfir

Að gera tillögur að nýrri og endurskoðaðri stefnu um þjónustu við nemendur með sérþarfir þar með talið tillögur að reglum um úthlutun fjármagns vegna nemenda með sérþarfir í almennum grunnskólum, sérdeildum og sérskólum.

Að gera tillögur að útfærslu stefnunnar með tilliti til aðgengis að upplýsingum varðandi réttindi, ferla og reglur m.a. fyrir foreldra

Fulltrúar í vinnuhópi: Hrund Logadóttir, verkefnastjóri sérkennslu á grunnskólaskrifstofu Menntasviðs Arthur Morthens, ráðgjafi fræðslustjóra á sviði sérkennslu Hildur Eggertsdóttir, aðstoðarskólastjóri Öskjuhlíðarskóla, fulltrúi Skólastjórafélags Reykjavíkur Þórður Kristjánsson, skólastjóri Seljaskóla, fulltrúi Skólastjórafélags Reykjavíkur Þorgerður Diðriksdóttir, formaður og fulltrúi Kennarafélags Reykjavíkur Inga Þóra Geirlaugsdóttir, sérkennsluráðgjafi á Þjónustumiðstöð Breiðholts, fulltrúi sérfræðiþjónustu skóla Fulltrúi SAMFOK
Formaður vinnuhóps: Hrund Logadóttir, verkefnastjóri sérkennslu á grunnskólaskrifstofu Menntasviðs
Starfsmenn: Sara Björg Ólafsdóttir, sérfræðingur á tölfraeði- og rannsóknarþjónustu Menntasviðs og Steinunn Ármannsdóttir, verkefnastjóri á grunnskólaskrifstofu Menntasviðs
Ráðgjöf / samstarf: Fjármálastjórnun Menntasviðs, lögfræðingur Menntasviðs, Leikskólasvið. Umsögn: Hópurinn leiti eftir umsögn hjá sérfræðingum, hagsmuna- og félagasamtökum og stofnunum sem með málefni þessa hóps nemenda fara.
Starfstímabil: 15.09.2010 - 1.04.2011
Skil: Til fræðslustjóra.

Fylgiskjal 2

Niðurstöður úr spurningalista til kennara um skóla án aðgreiningar og mikilvægustu áherslur í kennslu

Hvað af eftirtöldu getur fært okkur nær því að mæta þörfum allra nemenda í grunnskólum borgarinnar?	Mikilvægast
Takmarkaður fjöldi nemenda í bekkjum eða námshópum	80%
Sameiginleg ábyrgð skóla og foreldra til að stuðla að árangursríkri menntun nemenda	66%
Stuðningur við nemendur inn í bekki	62%
Aukin áhersla á að vinna út frá styrkleikum og möguleikum nemenda frekar en takmörkunum (fötlunum/sérþörfum)	57%
Samstarf og teymisvinna kennara og annars starfsfólks skóla	52%
Stuðningur við kennara inn í bekki	52%
Ráðgjöf til kennara um mismunandi náms- og sérþarfir nemenda	51%
Að nýta betur sveigjanleikann innan aðalnámskrár með fjölbreyttum og sveigjanlegum námsleiðum fyrir alla nemendur	46%
Að nýta betur greiningarniðurstöður til að fjarlægja hindranir í námi	46%
Ráðgjöf til kennara um sveigjanlega og fjölbreytta kennsluhætti	46%
Stuðningur og ráðgjöf frá samkennara/um	42%
Jákvæð viðhorf skólastjórnenda til skóla án aðgreiningar	41%
Að efla kennara í að vinna með margbreytilegum nemendahópi t.d. með símenntun og/eða handleiðslu	41%
Að efla stjórnendur sem leiðtoga í skóla án aðgreiningar t.d. með símenntun og/eða handleiðslu	36%
Einstaklingsmiðuð námsmarkmið og námsmat fyrir hvern nemanda	30%
Stuðningur og ráðgjöf við kennara frá kennsluráðgjöfum og sálfræðingum á þjónustumiðstöð	30%

Skilgreining kennara á skóla án aðgreiningar

- 20% sögðu að skóli án aðgreiningar væri skóli þar sem allir fái nám við sitt hæfi.
- 15% sögðu að skóli án aðgreiningar væri skóli þar sem allir hafi sömu möguleika til náms.

- 22% sögðu að skóli án aðgreiningar væri skóli fyrir alla.
- 12% sögðu að skóli án aðgreiningar væri skóli fyrir alla en tóku sérstaklega fram að það væri án tillits til fötlunar, námslegra þarfa eða annarra sérþarfa.
- 12% nefndu að skóli án aðgreiningar þurfi að koma til móts við mismunandi þarfir.
- 8% tóku fram að skóli án aðgreiningar væri skóli þar sem öllum nemendum líði vel og að námið miðist að þeirra forsendum eða sterku hliðum.
- 8% lýstu yfir efasemdum um framkvæmanleika stefnunnar.
- 4% lýstu sérstaklega yfir áhyggjum af fjármálum og mannskap til að framfylgja stefnunni.
- 3% sögðu að allir ættu að geta verið í sínum hverfisskóla.
- 2% sögðu að skóli án aðgreiningar væri einstaklingsmiðað nám.

Fylgiskjal 3

Verkefni á samstarfsfundum með skólastjórum og starfsfólki á sérfræðipjónustu við leik- og grunnskóla á þjónustumiðstöðvum.

Verkefni 1.

Hvernig hugmyndafræðileg vinna þarf að fara fram í skólum svo að skóli án aðgreiningar geti orðið að veruleika, hjá stjórnendum, kennurum og starfsfólki og með foreldrum?

Verkefni 2.

Hvernig kringumstæður þurfum við að skapa í skólum til að hugmyndafræðin um skóla án aðgreiningar verði að veruleika varðandi skipulag, kennslu- og starfshætti og stjórnun?

Verkefni 3.

Hvert á hlutverk sérkennslu og stuðnings í skóla án aðgreiningar að vera og hvernig er best að standa að framkvæmdinni?

Verkefni 4.

Með hvaða hætti ætti úthlutun fjármagns vegna sérkennslu og stuðnings við nemendur að vera:

- til að tryggja sem besta þjónustu við nemendur,
- til að gefa skólum sveigjanleika til að skipuleggja fjölbreytta starfshætti og úrræði
- til að tryggja sem réttlátasta skiptingu fjármagns?

Verkefni 5.

Hvernig er hægt að skipuleggja sérfræðipjónustu við grunnskóla án aðgreiningar varðandi stuðning

- við starfsemi skóla,
- við kennara og starfsfólk
- vegna einstakra nemenda

Verkefni 6.

Hvernig er hægt að efla ráðgjöf frá sérskólum og sérúrræðum til almennra grunnskóla og auka samstarf milli þessara aðila?

Fylgiskjal 4

Verkefni á fundum kennara í skólum

Verkefni 1.

Hvernig hugmyndafræðileg vinna þarf að fara fram í skólum svo að skóli án aðgreiningar geti orðið að veruleika, hjá stjórnendum, kennurum og starfsfólki og með foreldrum?

Verkefni 2.

Hvernig kringumstæður þurfum við að skapa í skólum til að hugmyndafræðin um skóla án aðgreiningar verði að veruleika varðandi skipulag, kennslu- og starfshætti og stjórnun?

Verkefni 3.

Hvert á hlutverk sérkennslu og stuðnings í skóla án aðgreiningar að vera og hvernig er best að standa að framkvæmdinni?

Verkefni 4.

Með hvaða hætti ætti úthlutun fjármagns vegna sérkennslu og stuðnings við nemendur að vera:

- til að tryggja sem besta þjónustu við nemendur,
- til að gefa skólum sveigjanleika til að skipuleggja fjölbreytta starfshætti og úrræði
- til að tryggja sem réttlátasta skiptingu fjármagns?

Verkefni 5.

Hvernig er hægt að skipuleggja sérfræðiþjónustu við grunnskóla án aðgreiningar og ráðgjöf frá sérskólum og sérúrræðum varðandi stuðning

- við starfsemi skóla,
- við kennara og starfsfólk
- vegna einstakra nemenda

8. maí 2012

Tillögur um þjónustu Brúarskóla vegna nemenda í 1. til 3. bekk með alvarlegan atferlis- og hegðunarvanda

Brúarskóli er fyrir nemendur í 4. – 10. bekk með alvarlegan geðrænan og tilfinningalegan vanda, sem eiga í félags- og hegðunarerfiðleikum og fyrir nemendur sem eru komnir í vanda vegna fíkniefnaneyslu og/eða afbrota. Skólinn er tímabundið úrræði í eina til tvær annir. Alltaf er unnið að endurkomu nemenda í sinn heimaskóla. Þessi áhersla er byggð á niðurstöðum rannsókna sem benda til að ekki sé ráðlegt að nemendur séu til lengri tíma fjarri sínum félagahópi og í einsleitum hópi nemenda með atferlis- og hegðunar vanda og að skólavist nemenda í almennum skólum með sínum félagahóp hafi mest forspárgildi um gengi þeirra í samfélaginu til framtíðar.

Við stofnun þátttökubekkjar við Seljaskóla undir stjórn Brúarskóla, fyrir miðstignemendur í Breiðholti var lagt til grundvallar mikilvægi þess að nemendur sæktu skóla í sínu heimahverfi og hefðu tækifæri til að vera svo mikið sem mögulegt væri í eðlilegu skólaumhverfi. Auk þess var lögð áhersla á mikilvægi þess að nemendur væru eins og kostur er tengdir sínum heimaskóla, heimabekk, eða bekk í Seljaskóla. Nú er stefnt að þátttökubekkjum í öllum hverfum borgarinnar þannig að allir nemendur Brúarskóla á miðstigi sæki skóla í sínu heimahverfi og eins og kostur er í eðlilegur skólaumhverfi með jafnöldrum sínum.

Á undanförnum árum hafa komið fram ábendingar um að sambærileg úrræði vanti fyrir nemendur í 1. – 3. bekk sem eiga við alvarlegan atferlis- og hegðunarvanda að stríða. Í einstaka tilfellum hefur ráðgjafarsvið Brúarskóla komið að ráðgjöf til skóla vegna einstakra nemenda í yngstu bekkjunum en litið hefur verið svo á að vinna bæri lausnir vegna þeirra í heimaskólunum undir handleiðslu og ráðgjöf sérfræðiþjónustu við grunnskóla.

Það er ekki talið heppilegt fyrir svo unga nemendur að vistast í skólaúrræði fjarri heimaskóla í einsleitum hópi nemenda með atferlis- og hegðunarvanda. Vinna beri að lausnum í eðlilegu skólaumhverfi þeirra eins og kostur er hverju sinni og er mikilvægt að skólar hafi aðgang að öflugri ráðgjöf og handleiðslu sérfræðinga um kennslu og skólagöngu nemenda með slíkan vanda. Í Brúarskóla hefur á undanförnum árum orðið til mesta sérþekking, verklag og starfsaðferðir á þessu sviði í Reykjavík. Eðlilegt er að þjónusta vegna yngri nemenda með alvarlegan atferlis- og hegðunarvanda verði einnig á verkswiði skólans.

Hér er lagt til að Brúarskóli hafi í boði skilgreinda þjónustu við grunnskóla vegna þessa aldurshóps, nemenda í 1. til 3. bekk. Annars vegar er um að ræða ráðgjafarþjónustu til skóla þar sem ráðgafarteymi vinnur samkvæmt skilgreindu ráðgjafarferli og hins vegar er um að ræða tímabundna handleiðslu frá Brúarskóla inn í skóla og bekk barnsins.

Tillögur um þjónustu Brúarskóla vegna nemenda í 1. til 3. bekk með alvarlegan atferlis- og hegðunarvanda:

- Brúarskóli hefur ráðgjafarhlutverk við grunnskóla vegna nemenda með alvarlegan félagslegan og hegðunarlegan vanda í yngstu bekkjum grunnskóla, 1. til 3. bekk.
- Þegar nemandi í 1. til 3. bekk á við svo alvarlegan og stöðugan atferlis- og hegðunarvanda að stríða að vekur verulegan og stöðugan ótta í félagahópnum, stofnar sjálfum sér og/eða öðrum í hættu, nýtur ekki skólagöngu sinnar og tekur ekki framförum í námi þrátt fyrir aðlögun námsaðstæðna og ráðgjöf frá sérfræðipjónustu og Brúarskóla, getur skóli sótt um handleiðslu á vettvangi frá Brúarskóla.

Ráðgjöf frá Brúarskóla við grunnskóla vegna nemenda í 1. – 3. Bekk:

Grunnskólar geta sótt um ráðgjöf frá Brúarskóla vegna nemenda í 1. – 3. bekk. Ráðgjafarteymi skólans metur umsóknir og vísar þeim til áframhaldandi vinnslu hjá teyminu eða til vinnslu hjá sérfræðipjónustu við grunnskóla hjá viðkomandi þjónustumiðstöð.

Handleiðsla frá Brúarskóla á vettvangi nemanda:

Grunnskólar geta sótt um handleiðslu frá Brúarskóla á vettvangi nemenda og metur ráðgjafarteymi Brúarskóla umsóknir. Sé umsókn samþykkt er gerður samstarfssamningur milli Brúarskóla og heimaskóla. Kennari frá Brúarskóla vinnur í samstarfi við kennara á vettvangi nemandans og kennarans. Vinna handleiðslukennara getur tekið yfir hluta eða alls skóladags nemandans og varað í styttri eða lengri tíma. Handleiðslukennari vinnur með nemandanum og kennaranum í eðlilegum skólaaðstæðum og með nemandanum í aðlöguðum aðstæðum þegar þörf er á. Ávallt er leitast við að nemandinn sé þátttakandi í félagahópnum og stöðva og/eða bregðast við erfiðri hegðun þanni g að ekki skapist andstaða eða ótti gagnvart nemandanum í félagahópnum. Handleiðslan er unnin samkvæmt áætlun sem umsjónarkennari og handleiðslukennari gera í samstarfi. Í áætluninni kemur fram:

- Hvenær og hvar handleiðslukennari er með nemandanum
- Í hverju vinna handleiðslukennarans með nemandanum felst
- Markmið handleiðslunnar fyrir umsjónarkennarann
- Markmið handleiðslunnar fyrir nemandann
- Viðbrögð við hegðun nemandans og afleiðingar af hegðun hans
- Handleiðsla og undirbúningur með umsjónarkennara
- Til hve langs tíma er handleiðslan áætluð
- Hvenær endurskoðun áætlunarinnar fer fram
- Áætlun um lok handleiðslunnar

Markmið með handleiðslu á vettvangi:

- Þjálfka kennara og starfsfólk í gerð áætlana vegna alvarlegra atferlis- og hegðunarerfiðleika
- Þjálfun kennara og starfsfólks í að framfylgja áætlunum
- Stöðva erfiða hegðun hjá nemanda þegar hún birtist í félagahópnum
- Tryggja að nemandinn sé þátttakandi í eðlilegum aðstæðum félagahópsins eins og kostur er hverju sinni

Hrund Logadóttir, verkefnastjóri

Guðbjörg Jónsdóttir, ráðgjafi um samstarf foreldra og skóla

Fylgiskjal 6

Umsögn Félags íslenskra sérkennara (FÍS) V/ Stefnu skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur um skóla án aðgreiningar og sérstakan stuðning við nemendur í grunnskólum Reykjavíkurborgar.

Íslendingar telja sig vera langt komna í stefnu um skóla án aðgreiningar og oft er nefnt í því sambandi að aðeins ½ % nemenda grunnskólans eru í sérskólum. Ef það hefur einhvern tíma verið þörf á menntuðum sérkennurum til þess að styðja við þessi börn innan grunnskólans þá er það nú. Það kom okkur því verulega á óvart að í 35 blaðsíðna stefnuriti Reykjavíkurborgar um skóla án aðgreiningar, er hvergi minnst á mikilvægi sérkennara í kennslu barna með sérstakar þarfir í skóla án aðgreiningar.

Í drögum stefnunnar um skóla án aðgreiningar og sérstakan stuðning við nemendur í grunnskólum Reykjavíkur, er tíðrætt um sérstakan stuðning, einnig er rætt um sérstakt fjármagn, sérstök viðbrögð, fjölbreyttan sértækan stuðning og að styðja þurfi nemendur sérstaklega. Hinsvegar er ekki skilgreint sérstaklega hverjir eigi að sinna þessum sérstaka stuðningi. Ekki er minnst einu orði á sérkennara í því sambandi. Í menntun okkar felst mikill mannauður sem stjórnvöld verða að hafa kjark til að nýta af skynsemi. Við sættum okkur engan vegin við að vera á hliðarlínunni í skóla án aðgreiningar, og förum fram á að eiga okkur stað í stefnu ykkar.

Sérkennarar M.Ed. hafa tveggja ára sérhæft háskólanám í sérkennslufræðum. Þeir eru menntaðir til þess að taka að sér kennslu nemenda sem þurfa á þessum sérstaka stuðningi á að halda. Dýpri þekkingar er krafist er varðar kennslufræði, þroskafrávik og þekkingu í skóla án aðgreiningar í tveggja ára framhaldsnámi í sérkennslufræðum. Þessir þrír samvirkandi og mikilvægu þættir sem styðja fullkomlega við stefnuna um skóla án aðgreiningar eru ekki til staðar í öðru námi í framhaldsnámi HÍ eða HA. Sérkennslufræðin byggir á sérhæfðri kennslufræði og þar eru m.a. kenndar markvissari aðferðir í kennslu en gengur og gerist, sem nauðsynlegar eru að hafa að leiðarljósi í skóla án aðgreiningar.

Við í FÍS viljum standa vörð um sjálfsögð réttindi allra skólabarna sem þurfa á sérstökum stuðningi á að halda. Við viljum stuðla að jafnrétti allra barna og uppræta mismunun barna með sérþarfir. Það gerum við með því að hafa eitthvað um það að segja hvernig staðið er að kennslu og námi þeirra í samfélagi sem styður skóla án aðgreiningar. Það er því með hag nemenda fyrir brjósti þegar við segjum að það beri að leita í okkar rann eftir sérhæfðri þekkingu og kennslu nemenda í skóla án aðgreiningar og ekki síst er varðar umsjónaraðila og ráðgjafa í því að aðlaga kennslu og nám að ólíkum þörfum allra barna. Því er nauðsynlegt að skilgreina hlutverk sérkennara innan skóla án aðgreiningar.

Störf sérkennara hafa tekið breytingum á síðustu árum í kjölfar stefnunnar um skóla án aðgreiningar. Ráðgjafarhlutverk er æ stærri hluti af starfinu, einnig faglegur stuðningur við umsjónarkennara og foreldra. En við erum þó fyrst of fremst sérkennarar, kennarar barna sem þurfa meiri aðstoðar við nám, en gengur og gerist. Það er óþarfi að okkar mati að vera með einhvern feluleik þar. Aðalnámskrá grunnskóla leggur áherslu á að kennarar beiti sveigjanlegum og fjölbreyttum kennsluaðferðum til þess að koma til móts við þarfir allra nemenda. Þar er átt við kennsluúrræði sem öllum henta þó sum þeirra séu aðgreindari en önnur. Nauðsynlegt er að að vanda til verka þegar við skilgreinum nemendur og viðbrögð við þörfum þeirra. Ef til vill má líta svo á að allir hafi einhverjar sérþarfir, bara mismiklar, en þar sem frávikin eru veruleg er nauðsynlegt að leita til þeirra sem sérfræðiþekkinguna hafa.

Að öðru: Í kafla 3.2.3. um einstaklingsnámskrár. Að okkar mati fer betur að gerð einstaklingsnámskrár sé samvinnuverkefni umsjónarkennara og sérkennara/sérkennsluráðgjafa og að báðir aðillar deili með sér ábyrgð á því verkefni.

Fyrir hönd stjórnar,

Sædis Ósk Harðardóttir formaður FÍS

Fylgiskjal 7

Reykjavík 18. maí 2012

Til starfshóps um endurskoðun stefnu um skóla án aðgreiningar

Hér fylgjandi eru viðbrögð Félags skólastjórnenda í Reykjavík á drögum að endurskoðaðri *stefnu skóla og frístundaráðs Reykjavíkur um skóla án aðgreiningar og sérstakan stuðning við nemendur í grunnskólum Reykjavíkurborgar*.

Álit okkar í hnotskurn

Sú hugmyndafræði sem stefnan byggir á er orðin nokkuð vel þekkt meðal skólafólks á Íslandi. Við teljum enn fremur að hugmyndafræðin njóti góðs fylgis meðal stjórnenda og kennara. Það er okkar álit að íslenski grunnskólinn sé betri skóli en hann var áður en stefnan um skóla án aðgreiningar var innleidd. Almennu teljum við að skólum hafi gengið vel að finna lausnir sem henta miklum meirihluta þeirra barna sem sækja grunnskóla Reykjavíkur, og á það einnig við um farsælar lausnir fyrir meirihluta barna með sérþarfir.

Endurskoðun stefnunnar ber þó með sér nýja nálgun í ýmsu tilliti. Má þar helst nefna breyttar aðferðir við úthlutun fjármagns til skólanna. Nýtt fyrirkomulag kallar á skýrar áætlanir frá skólunum sjálfum, einkum hvað varðar sérstakar úthlutanir. Tryggja verður að fagfólk skólanna hafi svigrúm til að vinna slíkar áætlanir af fagmennsku. Í því sambandi er mikilvægt að minnst á þann samdrátt sem orðið hefur á stjórnunarkvóta grunnskólanna og sveigjanleika til að mæta slíkum verkefnum.

Síðustu ár hafa skólastjórnendur ekki farið í graf götur með vaxandi áhyggjur sínar af allra erfiðustu einstaklingum sem skólarnir sinna. Á það er minnst í skýrslunni bls. á 26. Lausleg athugun okkar hefur leitt í ljós að skólastjórnir í grunnskólum borgarinnar telja að þeim takist ekki að mæta þörfum um 92 nemenda¹ með alvarlegan atferlisvanda og geðraskanir. Líðan þessara nemenda, samnemenda þeirra og líðan starfsfólks er okkur mikið áhyggjuefni. Helstu orsakir teljum við vera skort á úrræðum til skemmri og lengri tíma og skort á fjármagni í heimaskólunum. Á þessum tímamótum er nauðsynlegt að gera ítarlega úttekt á því hversu margir nemendur það eru sem ekki njóta úrræða sem duga í sínum heimaskóla, og í kjölfarið að bregðast við þeim niðurstöðum með afgerandi hætti. Skýr úttekt á stöðunni nú mun einnig hjálpa til við að meta árangur af endurbættri stefnu síðar meir.

Megináhyggjur okkar lúta því ekki að stefnunni sem slíkri, þó að margt sem kemur fram í stefnunni þurfi að útfæra frekar til að hægt sé að taka skýra afstöðu. Tryggja þarf að nægilegt svigrúm – úrræði, fjármagn og húsnæði – sé til staðar til að framkvæma hana. Mikilvægt er að kostnaðargeina þá þætti sem nú koma nýir inn og þá sem fá meira vægi en áður. Í því samhengi fögnum við því sem sagt er á bls. 32 þessum drögum:

„Mikilvægt er að reglur um fjárveitingar taki mið af og styðji við þá stefnu sem sett er þannig að skýr tengsl séu milli fjárveitinga og stefnu. Reglur um úthlutun fjármagns eru þannig aðlagðar að og styðja við skólastefnuna um skóla án aðgreiningar en jafnframt er mikilvægt að skólum sé skapaður sveigjanleiki til að móta úrræði sín innan stefnunnar. Stefnumótun, fjármögnun og ábyrgð mynda síðan eina heild þar sem stefnan vísar veginn út frá sýn sem byggð er á lögum og hugmyndafræði og reglur um fjármögnun og deilingu ábyrgðar styður við og stuðlar að framkvæmd stefnunnar.“

Það mun ráða miklu hvort farið verður að þessum tilmælum svo vel sé. Ef illa tekst til er vandséð hvernig ný stefna getur brugðist við þeim vanda sem skólarnir glíma við, og getur leitt til fordóma gagnvart stefnunni og gagnvart þeim sem eiga mest undir henni komið. Skólastjórnendum er mikið í mun að hér takist vel til þar sem þeir eru ábyrgir fyrir framkvæmd stefnunnar.

¹ 18 skólastjórnir svöruðu spurningunni: *Hvað eru margir nemendur í þínum skóla með alvarlegan atferlisvanda og geðraskanir sem ekki tekst að mæta eða er erfitt að mæta eins og ástandið er nú í þínum skóla?* Í skólum umræddra skólastjóra eru 6740 nemendur. Ef gert væri ráð fyrir að sama hlutfall ætti við alla skólana væri fjöldi nemendanna í heild 189.

Mikilvægar spurningar sem vöknudú við álitsgerðina

- Við teljum að endurskoða eigi viðmiðunarreglur um inntökuskilyrði í Klettaskóli svo foreldrar hafi raunverulagt val um skóla fyrir barnið sitt, en í raun er ekki um skólaval að ræða fyrir þá nemendur sem hafa þroskaskerðingar eða sértækar fatlanir
- Við teljum að ekki eigi að setja þak á fjölda þeirra nemenda sem eiga kost á skólagöngu í einhverfudeildum vegna jafnréttissjónarmiða, foreldrar einhverfra nemenda eiga að hafa raunhæfan rétt á vali um skóla fyrir barnið sitt.
- Við teljum að endurskoða þurfi þá tillögu að einungis þeir skólar sem hafa 1/5 nemenda af erlendum uppruna fái fjárframlög til þess að sinna þessum nemendum. Áfram eigi að tryggja fé til allra barna af erlendum uppruna miðað við fjölda einstaklinga í hverjum skóla. Þá þarf að skilgreina í stefnunni hvað átt er við með hugtakinu „af erlendum uppruna“
- Skólaselið Keilufelli hefur náð miklum árangri í vinnu sinni og verið einkar mikilvægur aðili í að móta farsæla námsaðlögun og úrræði nemenda sinna. Við teljum að tillaga um slík úrræði í fleiri borgarhlutum ættu að sjást í þessari stefnu.
- Við fögnum þátttökubekkjum, en teljum að einhver skilgreind úrræði þurfi að taka við af þátttökubekkjum í þeim tilvikum þar sem markmið þeirra nást ekki. Einnig teljum við að skilgreina þurfi betur hugtakið þátttökubekkur í stefnunni.
- Við teljum að skólastjórum beri ekki að stofna til teymis um nemanda í hvert eitt sinn sem ósk um það kunni að koma upp. Þessi ætlan kann að skapa óraunhæfa kröfu í einstaka tilvikum. Skólastjórar leggja til að þetta orðalag verði mildað.
- Verður framkvæmd stefnunnar kostnaðargreind og fjármagn endurskoðað í kjölfarið?
- Verður áfram gegnsæi í úthlutun fjármagns eins og verið hefur undanfarin ár og almenn sátt ríkir um þó auka þurfi fjármagnið?
- Á að jafna kostnað milli grunn- og sérskóla á kostnað sérskólanna?
- Verður veitt fjármagn til að mæta þeirri miklu vinnu sem skólar þurfa að leggja fram ef tekin verður upp ný leið við úthlutun fjármagns til nemenda með sérþarfir?
- Á ekki að leggja fram viðmið og ferla fyrr en ári eftir að stefnan komi til framkvæmda?
- Hvað þýðir „Grunnskólar með sérdeildir fyrir nemendur með einhverfu vinni markvisst að þróun deildanna í skóla án aðgreiningar.“ Á að leggja þessar deildir niður?
- Fram kemur að í könnun á afstöðu kennara til skóla án aðgreiningar hafi 80% þeirra nefnt að takmarka þurfi fjölda í bekkjum. Hvers vegna sjást í drögunum engin merki um að reynt sé að bregðast við þessari skoðun?
- Á nokkrum stöðum er talað um „Stjórnanda ráðgjafar- og stuðningsþjónustu“, ábyrgð hans og mikið vinnuframlag. Er ætlunin að veita sérstaklega fjármagni til þessa stjórnunarstarfs?

Að lokum

Við vonum að álit okkar nýtist vel við útfærslu stefnunnar. Félag skólastjórnenda í Reykjavík lýsir sig hér með reiðubúið til að gefa álit sitt aftur þegar kemur að útfærslu stefnunnar enda um að ræða gríðarlega stórt hagsmunamál allra í skólasamfélaginu.

Fyrir hönd stjórnar Félags skólastjórnenda í Reykjavík og skólamálahóps Félags skólastjórnenda í Reykjavík,

S.Ingibjörg Jósefsdóttir

Fylgiskjal 8

Umsögn frístundahluta skóla- og frístundasviðs um drög að stefnu skóla- og frístundaráðs um skóla án aðgreiningar og sérstakan stuðning við nemendur í grunnskólum Reykjavíkurborgar.

Skipaður var starfshópur í byrjun maí 2012 innan frístundahluta skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar til þess að veita umsögn um drög að stefnu skóla- og frístundaráðs um skóla án aðgreiningar og sérstakan stuðning við nemendur í grunnskólum Reykjavíkurborgar.

Fulltrúar í starfshópnum voru:

Ásdís Sigurjónsdóttir verkefnisstjóri frístundaklúbbsins Hallarinnar
Katrín Þórdís Jacobsen deildarstjóri frítímastarfs fatlaðra barna í frístundamiðstöðinni Kringlumýri
Sigurbjörg Kristjánsdóttir deildarstjóri unglingasviðs í frístundamiðstöðinni Árseli
Þóra Melsteð deildarstjóri barnasviðs í frístundamiðstöðinni Gufunesbæ

Starfshópurinn fagnar þessari skólastefnu, hún er í alla staði mjög metnaðarfull og faglega unnin. Starfshópurinn leyfir sér þó að efast um að hún sé framkvæmanleg að öllu leyti án mikilla breytinga á núverandi uppbyggingu skólakerfisins. Í dag má sjá þess augljós merki að börn sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda m.a. vegna fötlunar eru oft á tíðum félagslega einangruð innan skólanna og standa utan heildarinnar.

Starfshópurinn telur að tryggja megi aukna þátttöku og virkni barna sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda í skólasamfélaginu með auknu samstarfi fagfólks skóla og frístundamiðstöðva. Hægt er að vinna gegn aðgreiningu á vettvangi frítímans á margvíslegan hátt og styrkja stöðu þeirra sem höllum fæti standa innan heildarinnar/skólasamfélagsins.

Starfshópurinn lítur svo á að skólasamfélagið samanstandi af öllu starfi sem skipulagt er fyrir nemendur skólanna sérstaklega, innan veggja hans og utan. Þar er átt við frístundastarf frístundamiðstöðvanna sem rekið er við alla grunnskóla borgarinnar utan Brúarskóla, í formi frístundaheimila, frístundaklúbba og félagsmiðstöðva og tilheyra nú sama sviði innan borgarkerfisins.

f.h. starfshópsins,

Katrín Þórdís Jacobsen

Fylgiskjal 9

Reykjavík, 16. maí 2012

Skóla- og frístundaráð Reykjavíkur
Ragnar Þorsteinsson
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Efni: Umsögn Kennarafélags Reykjavíkur um drög að stefnu Skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur um skóla án aðgreiningar og sérstakan stuðning við nemendur í grunnskólum Reykjavíkurborgar.

Stjórn Kennarafélags Reykjavíkur fagnar því að efla eigi stuðning og þjónustu við skóla fjölbreytileikans og að stuðningurinn verði færður sem kostur er inn í almenna grunnskóla. Þátttökubekkir undir stjórn Brúarskóla og Klettaskóla eru góð viðbót við þau úrræði sem til eru í dag.

Til þess að þetta takist sem best þarf að auka mjög fjármagn til grunnskólanna. Fjöldi nemenda í bekkjum eða námshópum verður að takmarka. Vinna kennara getur í sumum tilfellum aukist mjög og það þarf að vera tryggt hvaðan sá tími á að koma og hvernig greitt er fyrir hann. Í drögunum er talað um að mismundandi námsleiðir geti m.a. falist í viðeigandi tækjum og tölvutækni. Í dag búa margir skólar við lakan tölvukost og þar þarf að gera verulega bragarbót á svo þessi námsleið sé raunhæfur valkostur. Einnig þarf að vinna að aukinni útgáfu námsefnis fyrir blandaða námshópa. Tryggja þarf símenntun fyrir allt starfsfólk í skólum ekki bara kennara heldur alla sem vinna með nemendur. Þessi símenntun þarf að vera kostuð af Reykjavíkurborg í gegnum aukin fjárframlög til skólanna.

Stjórnin vill að lokum taka undir það sem stendur í drögunum að foreldrar barna með verulegar þroskahamlanir eigi alltaf val um það hvort að barnið fari í sérskóla eða almennan grunnskóla.

Virðingarfyllt,

F.h. Stjórnar Kennarafélags Reykjavíkur

Rósa Ingvarsdóttir.

Fylgiskjal 10



Reykjavíkurborg
mannréttindaskrifstofa

Reykjavík, 18. maí 2012
R12040075
4115

UMSÖGN

Viðtakandi: Ragnar Þorsteinsson, sviðsstjóri

Sendandi: Anna Kristinsdóttir

Umsögn um drög að stefnu skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur um skóla án aðgreiningar og sérstakan stuðning við nemendur í grunnskólum Reykjavíkurborgar

Mannréttindaskrifstofa lýsir ánægju sinni með stefnuna sem er vel og ítarlega unnin. Hún undirstrikar stefnu um skóla án aðgreiningar og skýrir þjónustuna sem stendur til boða í grunnskólum borgarinnar.

Skrifstofan vill þó koma nokkrum ábendingum á framfæri:

Það væri kostur að stefnan gæti staðið ein og sér (bls. 2-6) en til þess að svo megi verða þarf að bæta við nokkrum útskýringum s.s. á því hvað þátttökubekkur er.

Það mætti skerpa á stöðu innflytjenda í stefnunni og ráðgjöf vegna þeirra t.d. í kaflanum um ráðgjöf við starfsfólk skóla, nemendur og foreldra (bls. 3).

Við innleiðingu á stefnunni (bls 3) er getið sérstaklega að áætlun verði unnin á haustönn 2012. Mikilvægt er að aðgerðaráætlun fylgi stefnunni til þess að hún verði framkvæmanleg.

Við þjálfun og símenntun starfsfólks skólanna (bls. 4) er mikilvægt að fá að sýn hagsmunasamtaka fatlaðra auk foreldra fatlaðra barna og ungmenna.

Virðingarfyllt
Anna Kristinsdóttir
mannréttindastjóri

SKJALAVER
HÖFÐAÞORGI

21 MAÍ 2012

Mélsn: SF52011-11-0132
Bréfalýki

Fylgiskjal 11



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Rannsóknasetur í fötlunarfræðum

Umsögn um

Drög að Stefnu skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur um skóla án aðgreiningar og sérstakan stuðning við nemendur í grunnskólum Reykjavíkurborgar

Inngangur

Rannsóknasetur í fötlunarfræðum fagnar þeirri meginstefnu sem kemur fram í skjalinu. Þetta er framsækin stefna sem tekur mið af alþjóðlegum mannréttindasáttmálum (Barnasáttmála SP og Samningi SP um réttindi fatlaðs fólks), alþjóða yfirlýsingum (s.s. Salamanca-yfirlýsingunni) og íslenskum lögum og reglugerðum. Heildarstefnan skjalsins sýnir að skóla- og frístundasvið Reykjavíkur hefur það á stefnuskrá sinni að allir nemendur geti verið þátttakendur í skóla án aðgreiningar. Hér á eftir er fjallað um helstu kafla stefnunnar og fylgt fyrirsögnum í skjalinu sem sent var til umsagnar. Í lokin er fjallað stuttlega almennt um stefnuna.

Leiðarljós stefnunnar

Skjalið hefst á yfirlýsingu um að „Grunnskólar Reykjavíkur eru án aðgreiningar þar sem allir nemendur eru virkir og fullgildir þátttakendur í skóla- og námssamfélaginu á jafnréttisgrunni.“ Eftir þetta eru dregin fram þau helstu atriði sem eru áhersluatriði í skjalinu sem á eftir fer. Umfjöllunin hefst á fjallað um helstu atriði í sveigjanlegu námi, fjölbreyttum kennsluháttum og sérstakan stuðning. Þessir þættir eru allir mikilvægur grunnur að skóla án aðgreiningar.

Þegar þessi texti er lesinn vekur það bæði athygli og áhyggjur að mjög stór hluti hans – sem er Leiðarljós stefnu um skóla án aðgreiningar – fjallar um aðgreind sérúrræði; sérskóla og sérdeildir. Þessi mikla áhersla á sérúrræði virðist ekki í samræmi við stefnuna og textann sem á eftir kemur og við lýsum áhyggjum yfir þeim skilaboðum sem upphafið að stefnunni og leiðarljós um stefnu um skóla án aðgreiningar (sem allir lesa fyrst) skuli innihalda svo sterkar og umfangsmiklar áherslur á aðgreinda sérskóla, sérdeildir og sérúrræði, sem er í mótsögn við stefnu um skóla án aðgreiningar.

Inngangur

Í inngangi kemur fram að faglega hefur verið staðið að vinnu við stefnuþrögn og þau unnin í samráði við ýmsa aðila. Við bendum þó á að Rannsóknasetur í fötlunarfræðum var ekki kallað til sem ráðgefandi aðili. (Embla Ágústsdóttir, sem starfar sem vefstýra setursins í hlutastarfi, kom á fund

starfshópsins en ekki sem fulltrú rannsóknasetursins). Rannsóknasetrið lýsir ánægju með fjögur meginmarkmið stefnunnar á bls. 9.

1. Heildarstefnumörkun og hugmyndafræði

Við lýsum mikilli ánægju okkar með þennan kafla. Hugmyndafræðin og skilgreiningar eru skýrar og sterk áhersla á að öll börn sækja sinn heimaskóla án aðgreiningar. Þó teljum við að skilgreining á skóla án aðgreiningar mætti koma fram í textann og vera með áberandi framsetningu til að lesandinn fái strax upplýsingar um hvað er lykilatriðið í skóla án aðgreiningar. Þetta er mikilvægt því að fram kemur að kennarar leggja mismunandi skilning í skóla án aðgreiningar – hvað þá aðrir sem lesa stefnuna. Skólastjórar eru þeir aðilar sem bera ábyrg á að útfæra skóla án aðgreiningar innan síns skóla. Líklegt er að skólastjórar, ekki síður en kennarar, leggi mismunandi skilning í hvað felst í námi fyrir alla og skóla án aðgreiningar. Það má því spyrja hvort ekki er æskilegt að fræðsla og útfærsla verði miðlæg og yfirumsjón hjá skrifstofu skóla- og frístundaráði í samvinnu við skólastjórnendur, eins og reyndar er lagt til í kaflanum um Innleiðingu, framkvæmd og mat.

Í þessum kafla er vísað í stefnu og hugmyndafræði frá New Brunswick og Ontario í Kanada sem fyrirmynda. Eftir að hafa skoðað gögnin sem þarna er vísað til sýnist okkur að þrátt fyrir að þetta séu góð skjöl þá séu þau ekki viðeigandi sem fyrirmynd fyrir Reykjavík. Bendum við m.a. á að Ontario fylki er byggt upp af mörgum ólíkum þjóðernishópum og stefnan sem vísað er til var innleidd vegna margháttaðra vandamála tengdum því svo sem hárri tíðni hatursglæpa og kynþáttahatri. Slíkar aðstæður eru ekki fyrir hendi á Íslandi og stefnan því tæpast viðeigandi sem fyrirmynd að stefnu Reykjavíkurborgar um skóla án aðgreiningar enda snýr umrædd stefna Ontario ekki að fötluðum börnum heldur lítur til barna af erlendum uppruna.

2. Leiðarljós stefnunnar

Hér er sama fyrirsögn og í upphafi skjalsins en innihaldið allt annað. Þetta er ruglandi. Skýrt þarf að vera hver eru leiðarljós stefnunnar. Við lýsum mikilli ánægju með það sem þarna kemur fram sem leiðarljós.

3. Sveigjanlegt nám, fjölbreyttir kennsluhættir og sérstakur stuðningur

Þeir lykilþættir sem þarna eru settir fram eru lofsverðir og áhersla lögð á velferð barnsins og að „bæði barn og foreldrar upplifi sig virt og velkomin í skólasamfélagið“ (bls 18). Þarna er líka lögð áhersla á að stuðningur fari fram innan almenns bekkjar eða þess námshóps sem nemandinn tilheyrir. Við teljum líka að ákvæði um ráðgjafar- og stuðningsþjónustu innan hvers skóla sé ákaflega mikilvæg. Skóli án aðgreiningar byggir að stórum hluta á þessum þáttum.

4. Sérskóla og sérdeildir í heildstæðu skólasamfélagi

Hér koma mörg atriði sem Rannsóknasetur í fötlunarfræðum gerir alvarlegar athugasemdir við og eru, að okkar mati, í mótsögn við stefnu um skóla án aðgreiningar. Í fyrsta lagi þykir okkur allt of mikil áhersla á sérskóla og sérúrræði af ýmsum toga innan stefnu sem á að fjalla um skóla án aðgreiningar. Aðgreind sérúrræði geta, samkvæmd skilgreiningu, ekki verið hluti af stefnu um skóla án aðgreiningar nema að miðað sé að því að leggja slík úrræði niður eða að stefnan fjalli um þau sem undantekningu frá stefnu um skóla án aðgreiningar. Stefna um skóla án aðgreiningar sem felst að talsverðum hluta í því að þróa aðgreind sérúrræði er þversögn.

Sú ráðgjafar- og stuðningsþjónusta sem lögð er til virkar óþarflega flókin og óljós. Við höfum einnig miklar efasemdir um að sérskólar eigi að hafa hlutverk ráðgjafarskóla (bls 24) og bendum á að í

skóla án aðgreiningar þarf að byggja upp þekkingu innan hvers skóla ef stefnan á að ná markmiðum sínum. Í stefnunni er lagt til að þjónustumiðstöðvar, sem innna nú af hendi sérfræðiþjónustu við grunnskóla, fái fleiri fagstéttir til starfa til að sinna þjónustunni betur. Jafnframt á að byggja upp Miðlunartorg þekkingar, reynslu og verkefna milli þjónustumiðstöðva og ráðgjafarþjónustu sérskóla og sérdeilda. Allt hljómar þetta vel, en við bendum á að með öllum þessum ráðgjafar- og stuðningsúrræðum er flókið að átta sig á hver á að gera hvað og ekki er skýrt hvar ábyrgð á námi og kennsluháttum liggur eða hvert sé hlutverk hversrar einingar fyrir sig. Ráðgjafar- og stuðningsþjónusta er ákaflega mikilvæg, ekki síst í ljósi þess að flestir kennarar (83%) telja sig ekki hafa menntun eða undirbúning til að sinna öllum börnum, eins og krafist er í skóla án aðgreiningar. Það er því lyklatríði í framkvæmd stefnunnar að markviss, fagleg hágæða ráðgjöf og stuðningur sé fyrir hendi.

Þá hefur Rannsóknasetur í fötunarfræðum miklar efasemdir um þátttökubekki sem áætlað er að setja á stofn. Í stefnunni kemur fram að hugmyndin að þátttökubekkjum hafi orðið til eftir að starfshópur fór í heimsókn árið 2007 til The New England Center for Children (NECC) í Boston í Bandaríkjunum. Við könnun á þessari stofnun kemur í ljós að þetta er einkarekin stofnun sem býður upp á strangt kerfi byggðu á hegðunarmótun og atferlisfræði fyrir börn, ungmenni og fullorðið fólk með einhverfu – og er ekki ætlað til að sinna fötluðum nemendum almennt né nemendum með sérþarfir í námi. Á heimasíðu NECC er lýst afar flóknu kerfi samstarfs, útfærslu, sérfræðiþjónustu og eftirfylgni, og getum við ekki séð að þetta kerfi henti sem fyrirmynd fyrir Reykjavíkurborg. Grundvallaratriði í kerfi NECC er ströng hegðunarmótun og atferlisfræði og útfærslan byggð á sérfræðiþekkingu sem fylgir með hverjum nemanda. Í stefnu skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur er einnig óljóst hvar ábyrgðin á þátttökubekkjum liggur en nefnt að starfsmaður sem er ráðinn við Klettaskóla vinni í hverfisskólanum yfirfærslu þátttökubekkja. Slíkt fyrirkomulag, þar sem óljóst er hvaða bekk eða skóla nemandinn tilheyrir, hefur ekki komið vel út í öðrum kerfum þegar ekki er ljóst hver ber ábyrgð á kennslu barnanna. Í stefnunni er ekki er útfært hvernig þátttökubekkir verða skipulagðir og hvergi er minnst á aðalatriðið í fyrirmyndinni frá NECC, að kerfið sé hannað fyrir einhverf börn og ekki er útfært hvernig á að yfirfæra það á Reykjavík.

Við lýsum líka áhyggjum okkar af áætlunum um að þátttökubekkir eigi að vera á forræði sérskóla en innan almennra grunnskóla. Þarna virðist á ferðinni enn ein leiðin til að aðgreina nemendur með sérþarfir og ýmsar skerðingar frá almennu skólastarfi, en slíkt er ekki í anda stefnu um skóla án aðgreiningar. Aukin ráðgjafarþjónusta við starfsfólk skóla, nemendur og foreldra er ákaflega mikilvæg, eins og við höfum lagt áherslu á hér að framan, en við teljum slíkt ekki eigi að vera á forræði sérskóla heldur tengt almennu skólastarfi. Skóli ÁN aðgreiningar verður ekki byggður upp með því að þróa fleiri aðgreind sérúrræði og styrkja sérskóla í sessi.

Við leggjum til að hætt verið við hugmyndir um þátttökubekki og þess í stað lögð áhersla á að koma í veg fyrir að börn verði aðgreind með virku forvarnar-, fræðslu- og kennslustarfi inni í almennum skólum. Allar rannsóknir – bæði innlendar og erlendar – sýna að aðgreining barna leiðir til meiri aðgreiningar barnanna. Rannsóknir sýna einnig að það er yfirleitt afar erfitt og flókið fyrir nemanda að koma inn í almennan skóla eftir veru í sérskóla. Skóli án aðgreiningar kallar á að nemendur séu EKKI aðgreindir og ætti það því að vera undantekning, eða skilgreint rækilega sem leið til að stuðla að skóla án aðgreiningar. Þátttökubekkir virðast vera nýtt form aðgreiningar sem ekki er æskilegt í stefnu um skóla án aðgreiningar.

Við bendum líka á að það hljóta að vera fleiri skólar en Brúarskóli sem þurfa samstarf ýmissa fagaðila vegna nemenda í vímuefnavanda. Það skapar afar neikvæða ímynd af nemendum Brúarskóla að þetta ákvæði sé einungis tengt þeim og stimplar þá sem fíkla. Það er ekki í anda fyrirbyggjandi stefnu um skóla án aðgreiningar að auka á neikvæðar hugmyndir um ákveðinn

nemendahóp eins og hér er gert. Allir sem þekkja til vímuefnavanda ungmenna vita jafnframt að sá vandi er ekki takmarkaður við einn sérskóla.

5. Ráðgjöf við starfsfólk skóla, nemendur og foreldra

Talsvert hefur verið fjallað um þennan þátt í því sem á undan er komið og er vísað til þess.

6. Úthlutun fjármagn

Úthlutun fjármagns er alltaf vandmeðfarin en við bendum á að ef fjármagn er tengt mati eða greining á skerðingu nemenda er mikil tilhneiging til að draga upp sem dekksta mynd af nemandanum til að fá sem mest fjármagn með viðkomandi. Í lið f) er skyndilega fjallað um nemendur af erlendum uppruna, sem ekki hafa verið nefndir áður. Okkar reynsla er sú að þar sé hópur sem þarf sérstaka umfjöllun og stefnumótun og fellur ekki undir stefnuna eins og hún er nú. Það þarf að semja sérstaka fjölmenningarstefnu fyrir grunnskólana til að mæta þörfum þessa hóps. Í framhaldi má síðan samþætta stefnurnar tvær.

Á bls. 32 segir „Mikilvægt er að reglur um fjárveitingar taki mið af og styðji við þá stefnu sem sett er þannig að skýr tengsl séu milli fjárveitinga og stefnu.“ Við tökum heils hugar undir þetta, ekki síst nauðsyn þess að almennir grunnskólar fái sama fjármagn vegna hvers nemanda og sérskólar eins og lagt er til á bls. 33. Eitt af þeim atriðum sem við bendum á er að í rannsóknum sem unnar hafa verið í tengslum við Rannsóknasetur í fötlunarfræðum hefur komið fram að ein meginástæða þess að foreldrar velja sérskóla umfram almennan skóla er sú að almenni skólinn býður ekki upp á „heilsdagsskóla“ eins og sérskólar (t.d. Klettaskóli) nema í 1. – 4. bekk en ljóst er að þörf er fyrir slíka þjónustu fyrir eldri börn sem eru fötluð. Í dag eru einungis í boði frístundaklúbbar fyrir fötluð börn eftir 5. bekk en þeir byggja á aðgreiningu og hafa í för með sér að fatlað barn er tekið úr nærumhverfi sínu. Þarna er tækifæri til að stuðla að því að fjármagn styðji við það að öll fötluð börn geti gengið í almennan skóla og að praktísk atriði eins og heilsdagsskóli ráði ekki ákvarðanatöku foreldra.

Í stefnunni er almennt lögð áhersla á að einblína ekki á greiningu nemenda heldur skuli skoða allt námsumhverfi, kennsluhætti, byggingar, menningu og félagslega þætti skólastarfsins. Við tökum undir þetta en bendum jafnframt á að ýmislegt sem fram kemur í þessu kafla eru hugleiðingar um sjúkdómsgreiningar og viðmið sem ekki er séð að eigi á nokkurn hátt heima í þessari stefnu. Hér er m.a. átt við vísan í ICD-10 flokkunarkerfið á bls. 32, sem, eins og segir á sömu blaðsíðu, hefur ekkert með nám eða félagslega þætti að gera. Sama á við um hugleiðingar um SIS matið. Það á heldur ekkert skylt við börn, nám eða nemendur því það er ekki ætlað fyrir skólastarf og er einungis ætlað fullorðnu fólki með þroskahömlun (og þróað fyrst og fremst í tengslum við búsetuþjónustu). Vísað er í að nú sé verið að þróa SIS mat fyrir börn. Það mat verður heldur ekki viðeigandi því það mun ekki beinast að skólastarfi og mun, eins og SIS matið fyrir fullorðna, fjalla um þann hóp sem er skilgreindur með þroskahömlun. Auk þess er SIS matskerfið afar umdeilt á Íslandi og mörg samtök fatlaðs fólks og fatlaðir einstaklingar hafa hafnað því eða mótmælt notkun þess. Það er erfitt að átta sig á af hverju hugleiðingar um þessar ónothæfu sjúkdómsgreininga- og matsaðferðir eru teknar með í stefnuna. Við leggjum til að þetta verði fellt út.

7. Innleiðing og framkvæmd

Þessi atriði ráða úrslitum um hvort stefnan kemst í framkvæmd. Það er því afar brýnt að vel sé að þessu staðið. Hér segir „Yfirstjórn skólamála hefur forystuhlutverk um innleiðingu en skólastjórnendur gegna afgerandi hlutverki við innleiðingu og útfærslu í hverju skóla fyrir sig.“ (bls. 35). Hér er skólastjórnendum gefið mikið vald ekki síst með hliðsjón af því að í lið l) á bls. 34 kemur

fram að mat á framgangi og framkvæmd stefnunnar fari fram í skólum borgarinnar árlega. Þessi setning verður ekki skilin á annan veg en þann að skólarnir sjálfir meti hvernig gengur. Við bendum á að það er alltaf mikilvægt að óháðir aðilar meti innleiðingu og framkvæmd – sama á hvaða sviði er og við leggjum eindregið til að ákvæði um það verði sett inn.

Þá er ekki síður mikilvægt að vel verði staðið að því að vinna viðmið og ferla til að meta og skoða framkvæmd og áhrif stefnunnar (sbr. lið k) bls. 34). Almennt má segja að skólastjórnendum sé veitt ákaflega mikið vald varðandi skólanámskrár, starfsáætlanir, framkvæmd og mat fjölmargra þátta. Í stefnunni kemur fram að afar mismunandi skoðanir, þekking, skilningur og viðhorf varðand skóla án aðgreiningar er að finna meðal skólafólks. Það hlýtur einnig að eiga við um skólastjórnendur. Ef stefnan á að komast í framkvæmd er því, að okkar mati, mikilvægt að yfirstjórn skólamála í Reykjavík hafi forystu og leiði þessa þróun með markvissum hætti.

Almennt um stefnuna

Að lokum viljum við hjá Rannsóknasetri í fötlunarfræðum draga fram tvö atriði. Í fyrra lagi bendum við á að stefnan er löng og mikið af textanum eru hugleiðingar og vangaveltur um ýmsa þætti, sem frekar ættu heima í greinargerð með stefnunni. Stefnan sjálf þarf að vera styttri, markvissari og hnitmiðaðri – og henni þarf að fylgja framkvæmdaáætlun um hvernig skuli innleiða hana. Nú er þar, að okkar mati, of mikið af ýmsum hugleiðingum, niðurstöðum úr könnum og fleira sem ekki á heima í stefnunni sjálfri. Það þarf að aðgreina stefnuna frá þessum hugleiðingum og upplýsingum sem eru bakgrunnur stefnunnar. Og sumt á ekki heima í stefnunni eins og við höfum bent á (og kemur líka fram í skjalinu sjálfu).

Í síðara lagi þykir okkur þversögn í stefnunni sem felst í mikilli áherslu á aðgreind sérúrræði af ýmsum toga. Við teljum hina umfangsmikla umfjöllun um sérskóla, sérdeildir og önnur aðgreinandi úrræði vera í mótsögn við þá meginstefnu um skóla án aðgreiningar sem sett er fram í skjalinu. Aðgreinandi sérúrræðum er gert hátt undir höfði, þau treyst í sessi og ný úrræði boðuð sem við álítum vera aðgreinandi svo sem þátttökubekki. Okkar tillaga er því að umfjöllun um aðgreinandi sérúrræði verð endurskoðuð.

Að lokum viljum við ítreka að í meginatriðum lítum við á þessa stefnumótun sem afar jákvæða og mikilvæga og vonum að vel gangi að innleiða hana og framkvæma.

22. maí 2012

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum

Rannveig Traustadóttir, forstöðumaður

Netfang rannvt@hi.is

Fylgiskjal 12



Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 23. maí 2012

Borgartún 12 – 14

105 Reykjavík

Umsögn

um drög að stefnu skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur um skóla án aðgreiningar og sérstakan stuðning við nemendur í grunnskólum Reykjavíkurborgar.

Sjóðarhóll – ráðgjafarmiðstöð hefur tekið til umsagnar drög að stefnu skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur um skóla án aðgreiningar og sérstakan stuðning við nemendur í grunnskólum Reykjavíkurborgar.

Sjóðarhóll fagnar drögum að nýrri stefnu og telur að þau hafi í för með sér úrbætur fyrir þá nemendur sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda í grunnskólum Reykjavíkur. Sérstaklega lýsum við yfir ánægju með að viðurkennt sé að sum börn geta ekki nýtt sér skólagöngu í almennum grunnskóla eins og úrræðin eru í dag og að leitast sé við að finna þeim úrræði við hæfi.

Sjóðarhóll vill þó gera eftirfarandi athugasemd við drögin:

- Í þriðja kafla er fjallað um viðbrögð innan skólans þegar styðja þarf nemanda til aukinna framfara náms- og/ eða félagslega. Gerð er góð grein fyrir námslegu umhverfi og hvernig bregðast skuli við ef um bóklegt nám er að ræða en minni áhersla lögð á félagslegt skólaumhverfi s.s. frímínútur.
- Nauðsynlegt er að skoða sérstaklega stöðu fatlaðra barna og barna með alvarlegar hegðunar- og/eða geðraskanir með tilliti til félagslegrar stöðu. Erfið félagsleg staða barnanna og vanlíðanin sem henni fylgir er oft á tíðum mesta áhyggjuefni foreldra og forráðamanna.
- Í kafla 4.2 er tekið er fram hvernig brugðist skuli við í þeim tilfellum þegar nemandi, að lokinni skólavist í Brúarskóla, ræður ekki við skólagöngu í sínum heimaskóla. Hér mætti skilgreina nánar hver það er sem er ábyrgur fyrir stöðumati og einnig hver er ábyrgur fyrir að kalla til þá aðila sem koma að því að vinna að því sértæka úrræði sem við á hverju sinni.
- Einnig viljum við vekja athygli á að í einstaka málum eru nemendur á yngsta stigi sem ekki þrífast innan almenna skólans. Mikilvægt er að gera sambærilega áætlun um viðbrögð í þeim málum. Sem betur fer er ekki um stóran hóp að ræða en hann má þó ekki gleymast.
- Mikilvægt er að horfa á þarfir einstaklingsins fremur en greiningar. Sem dæmi má nefna að í kafla 4.3 þar sem fjallað er um sérdeildir fyrir nemendur með einhverfu, virðist eingöngu

horft til einstaklinga með dæmigerða einhverfu en reynslan hefur sýnt að í sumum tilfellum er ekki um minni vanda að ræða hjá einstaklingum með ódæmigerða einhverfu.

- Ánægjulegt er að sjá að gert er ráð fyrir að færa ráðgjafarþjónustu í auknum mæli inn á vettvang nemenda og kennara, eins og fjallað er um í kafla 5.2. Gera má ráð fyrir að slík ráðgjafarþjónusta skili betri árangri þar sem oft er um mjög ólíkar aðstæður að ræða innan almenna skólans og innan sérskólanna.
- Í 6. kafla er fjallað um úthlutun fjármagns. Þar viljum við vekja athygli á að ekki má gleymast að þarfir geta verið mjög mismunandi innan sömu raskana og jafnvel geta verið miklar sérþarfir hjá einstaklingi sem ekki nær greiningarviðmiðum.
- Mikilvægt er að gera regluverkið ekki of flókið. Ferlar og ábyrgð verða að vera skýr fyrir alla sem að málinu koma og ekki síst fyrir foreldra og forráðamenn.

Að lokum langar okkur að nefna að við hefðum haft mikinn áhuga á að koma á fund starfshópsins. Þar hefðum við getað komið enn betur á framfæri þeim upplýsingum sem við höfum fengið í vinnu okkar með foreldrum.

Virðingarfyllt, fyrir hönd Sjónarhóls – ráðgjafarmiðstöðvar ses.,

Guðríður Hlíf Aðalsteinsdóttir

Guðríður Hlíf Aðalsteinsdóttir,

framkvæmdastjóri Sjónarhóls

Fylgiskjal 13

Skóla- og frístundaráð Reykjavíkur
Borgartúni 12 - 14
105 Reykjavík

Reykjavík, 25.maí 2012
UB:1205/4.1.1

Efni: Umsögn um drög að stefnu skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur um skóla án aðgreiningar og sérstakan stuðning við nemendur í grunnskólum Reykjavíkur.

Vísað er til bréf yðar dagsett 23. apríl síðastliðinn þar sem óskað er eftir umsögn umboðsmanns barna um ofangreinda stefnu.

Umboðsmaður barna gerir eftirfarandi athugasemdir við þessi drög. Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga öll börn rétt á menntun sem hámarkar möguleika þeirra og færni og allt sem dregur úr þeirri menntun eða takmarkar á einhvern hátt er ekki í samræmi við 2. og 28. gr. Barnasáttmálans. Þá er sérfræðipækking og nægjanlegur fjöldi starfsfólks mikilvægt til þess að skóli án aðgreiningar geti verið raunhæft markmið sérstaklega þegar val barna með sérþarfir milli þess að fara í sérskóla og almenna grunnskóla hefur verið takmarkað.

Umboðsmaður fagnar því að stofnað verði til þátttökubekkja sem njóti faglegrar þjónustu og þekkingar Klettaskóla og vonar að það efli enn frekar stuðning við þá nemendur sem þess þarfnast. Umboðsmaður barna hefur fengið ábendingar frá foreldrum og fagfólki um að nýlegar inntökureglur í sérskóla standi í vegi fyrir því að börn með væga þroskahömlun fái menntun við hæfi í umhverfi sem hentar þeim best félagslega. Í samræmi við þær ábendingar þætti rétt að inntökureglur í þátttökubekkina séu rýmri en þær sem gilda í Klettaskóla.

Virðingarfyllst,

Margrét María Sigurðardóttir,
umboðsmaður barna

Fylgiskjal 14



Reykjavík 21.maí 2012

Ragnar Þorsteinsson sviðsstjóri

Skóla- og frístundasvið

Borgartúni 12-14

105 Reykjavík

Landssamtökin Þroskahjálpar þakka fyrir að fá til umsagnar drög að stefnu Reykjavíkurborgar um skóla án aðgreiningar og sérstakan stuðning við nemendur í grunnskólum Reykjavíkurborgar.


Samtökin fagna þeirri meginstefnu að grunnskólar Reykjavíkurborgar skuli vera án aðgreiningar þar sem allir nemendur eru virkir og fullgildir þátttakendur í skóla- og námssamfélaginu á jafnréttisgrunni enda er sú áhersla í samræmi við stefnu Landssamtakanna Þroskahjálpar í skólamálum. Samtökin fagna þeirri áherslu sem lögð er á mannréttindasjónarmið sem grundvöll í stefnumótun borgarinnar í skólamálum og áherslu á mikilvægi margbreytileikans í skólasamfélaginu sem og samfélaginu öllu.


Þá lýsa samtökin ánægju sinni með þær áætlanir sem lagt er upp með til að ná fram markmiðum stefnunnar. Aukin fjölbreytni í sérfræðipjónustu við skóla með aðkomu fleiri fagstétta er ein leið til þess en ástæða er til að benda á mikilvægi þroskajálfa í því samhengi. Þá telja Landssamtökin Þroskahjálpar að þær fyrirætlanir borgarinnar sem kynntar eru sem þátttökubekkir þar sem sérhæfð skólaúrræði eru flutt nær heimahverfi nemenda með flóknari fatlanir skynsamlega leið til að efla námsumhverfi í heimahverfi umræddra nemenda og mikilvæga leið til að dreifa sérfræðikunnáttu vistar og draga þannig úr vægi sérskóla þegar litið er til skólagöngu barna með þroskahömlun.


Það er skoðun Landssamtakanna Þroskahjálpar að grunnskóli sem starfræktur er sem skóli margbreytileikans - án aðgreiningar sé ein virkasta leiðin til að skapa samfélag margbreytileikans þar sem allir einstaklingar eru virkir og fullgildir þátttakendur. Að slíku samfélagi ber að stefna í lýðræðisþjóðfélagi. Það er von okkar að umrædd stefna Reykjavíkurborgar í skólamálum verði lóð á þær vogarskálur.

Virðingarfyllt,

f.h. Landssamtakanna Þroskahjálpar


Gerður A. Árnadóttir formaður


Friðrik Sigurðsson framkvæmdastjóri



Fylgiskjal 15



UNIVERSITY OF ICELAND

SCHOOL OF EDUCATION

Ragnar Þorsteinsson
Sviðsstjóri
Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 12. júní 2012
Tilvísun: HII2060055/50.2.0
Yðar tilvísun: SFS2011110132

Umsögn Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og Rannsóknarstofu um skóla án aðgreiningar um Drög að Stefnu skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur um skóla án aðgreiningar og sérstakan stuðning við nemendur í grunnskólum Reykjavíkurborgar.

Höfundar: Dóra S. Bjarnason, prófessor og forstöðumaður Rannsóknarstofu um skóla án aðgreiningar og Anna Kristín Sigurðardóttir, lektor og deildarforseti Kennaradeildar.

Við þökkum Skóla- og frístundasviði fyrir að bjóða Menntavísindasviði og Rannsóknarstofu um skóla án aðgreiningar (RSÁA) að kynna þessum drögum að stefnu um skóla án aðgreiningar og veita okkur tækifæri til að segja álit okkar á þeim. Um leið biðjumst við velvirðingar á því að ekki reyndist unnt að vinna umsögn innan þeirra tímamarka sem gefin voru. Undirrituðum var falið að vinna umsögn fyrir hönd sviðsins og RSÁA.

Inngangur

Þegar litið er til þess hverjir og hversu margir nemendur fá sérkennslu á landinu öllu samkvæmt gögnum Hagstofu má sjá að fjöldi þeirra sem hafa fengið sérkennslu um lengri eða skemmri tíma hefur vaxið frá því að vera innan við 20% allra grunnskólanema árið 2004, til þess að vera meira en 26% árið 2011 (Hagstofa Íslands, 2012). Þetta á bæði við um nemendur á landinu öllu og um nemendur í Reykjavík eins og fram kemur í drögum að stefnu (bls 13). Þetta gerist á sama tíma og nemendum á hvern kennara hefur fækkað samkvæmt gögnum Hagstofu Íslands (2012). Þessar tölur benda til brotalama í sjálfru skólastarfinu og því hvernig við flokkum nemendur með sérþarfir. Því vekur þetta upp þrjár spurningar sem yfirvöld skólamála þurfa að takast á við:

- 1) Hvernig tekst skólum borgarinnar að aðlaga starfsemi sína að þeim sveigjanleika og samvinnu sem stefnan um skóla án aðgreiningar kallar á?
- 2) Hvernig má styðja við og efla kennara til að vinna saman að því að skapa lýðræðislegan skóla þar sem gæðanám, mannréttindi, félagslegt réttlæti og virk þátttaka eru í öndvegi.
- 3) Hvað hindrar skóla borgarinnar og hvað eflir þá til að vinna samkvæmt stefnunni um skóla án aðgreiningar og hvernig getur Menntasvið borgarinnar og stefnumótun þess stuðlað að hinu siðarnefnda?

Í drögnum sem hér um ræðir er leitast við að takast á við ofangreindar spurningar án þess þó að

fyrir liggi nægar rannsóknir á skólastarfi í grunnskólum Reykjavíkur og þeirri sérkennslu sem þar fer fram til þess að unnt sé að svara þeim á fullnægjandi hátt.

Hugmyndir og framkvæmd á stefnunni um skóla án aðgreiningar

Drög að stefnu Skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur um skóla án aðgreiningar og sérstakan stuðning við nemendur er þegar á heildina er litið (ekki sist frá inngangi á bls. 7 að kafla 3.3 bls. 23) einstaklega vandað og faglega unnið plagg. Höfundar hafa kynnt sér stöðu fræðilegrar og faglegrar þekkingar á sviði skóla án aðgreiningar og hvernig íslensk lög, reglur og aðalnámskrá og aðild Íslands að alþjóðlegum samningum og yfirlýsingum tengist þeirri þekkingu. Stefnumótun Reykjavíkur í menntamálum er því vönduð, metnaðarfull og í meginráttum fyllilega í samræmi við stöðu þekkingar og reynslu af skólastarfi á sviði skóla án aðgreiningar og lýðræðislegs skólastarfs. Stefnan krefst breyttra áherslna í námi og kennslu og breyttra stjórnunarháttanna í skólum og eflingar á kennslufræðilegum stuðningi við starfsfólk og stjórnendur skóla eins og kemur skýrt fram m.a. á bls. 13.

Lög um grunnskóla (nr 91/2008) og Reglugerð um um nemendur með sérþarfir í grunnskóla (nr. 585/2010) eru í anda stefnu um skóla án aðgreiningar, eins og drögin að stefnu Reykjavíkurborgar eins og henni er lýst í inngangi. Aftur á móti greinum við ákveðnar mótsagnir í stefnuþrógunum sjálfum. Annars vegar er áhersla lögð á þátttöku allra nemenda í almennum bekkjum, skólum og í lifandi skólasamfélagi án aðgreiningar og hins vegar er athygli beint að tilteknum hópum nemenda sem teljast hafa sérþarfir sem takast verði á við utan almenns bekkjar eða skóla. Fyrri sjónarhornið (félagslega sjónarhornið) beinir athygli að skipulagi skólanna, sveigjanleika og samvinnu kennara og kennslufræði fremur en að vanda einstakra nemenda. Síðarnefnda sjónarhornið (einstaklings sjónarhornið) byggist á þeirri sýn að tiltekinn vandi búi í nemendanum og að „sérkennsla“ eigi að kappkosta að uppræta vandann. Þessi tvö sjónarhorn stangast á bæði þekkingarfræðilega og í reynd (Dóra S. Bjarnason og Gretar Marínósson, 2007:47-58).

Þátttökubekkir og ráðgjafabjónusta

Hér á landi sem annars staðar eru skiptar skoðanir á því að hvaða marki sérgreind úrræði svo sem sérdeildir og sérskólar eigi rétt á sér (Allan, 2012). Því er ljóst að enn um sinn verða einhver slík úrræði í boði. Tillögur þessar ganga þó lengra en við teljum æskilegt í þeirri viðleitni að koma til móts við síðara sjónarhornið (einstaklings sjónarhornið). Í drögunum er lagt til að stofnaðir verði samtals sjö „þátttökubekkir“ sem verði nokkurs konar útibú frá Klettaskóla (fjórir) og Brúarskóla (þrír). Þótt starf þessara þátttökubekkja sé ekki útfært í stefnuþrógunum, minna þeir um margt á hugmyndir sem hafa komið upp nokkrum sinnum áður um sérdeildir og jafnvel litla sérskóla í mismunandi borgarhlutum. Þetta ber að forðast ef menn taka stefnuna um skóla án aðgreiningar, mannréttindi, lýðræði, þátttöku og gæðanám við hæfi hvers og eins, alvarlega. Rannsóknir hér og erlendis hafa leitt í ljós að sérhæfðir bekkir af þessu tagi draga úr þátttöku nemenda í almennu skólasamfélagi og geta veikt félagslega og námslega stöðu nemanda með sérþarfir innan nemendahópsins (Allan, 1999; Barton, 2005; Egelund og Tetler, 2009; Gretar L. Marínósson, 2002; 2007; Dóra S. Bjarnason, 2004, 2005, 2010; Kristín Björnsdóttir, 2009). Það að þessar deildir verði undir stjórn Klettaskóla annars vegar og Brúarskóla hins vegar, byggir frekari hindranir milli þeirra og almennu skólanna sem eiga að hýsa þátttökubekkina. Einangrun nemenda og starfsfólks þátttökubekkja mun líklega verða talsverð bæði frá sérskólunum og þeim skólum sem hýsa þátttökubekkina. Hins vegar má, ef að líkum lætur, reikna með að munur verði á starfsemi þátttökubekkja á vegum Klettaskóla annars vegar og Brúarskóla hins vegar. Klettaskóli tekur við nemendum sem ekki eru taldir geta nýtt sér almenna skóla. Það er talið ólíklegt að sá skóli skili nemendum aftur inn í almenna skóla eftir skamma dvöl. Brúarskóli hefur hins vegar það yfirlýsta markmið að skila nemendum aftur inn í almenna skóla. Skólinn stefnir að því að byggja upp sjálfstraust og fierni nemenda og styðja þá svo aftur inn í almennan skóla eftir eitt til tvö misseri (Brúarskóli: heimasíða sótt 8. júní 2012). Miðað við þetta, þá stangast stofnun þátttökubekkja á vegum Brúarskóla síður á við markmið og vinnubrögð skóla án aðgreiningar en stofnun slíkra bekkja

á vegum Klettaskóla.

Með tilkomu þátttökubekkja þarf ekki að senda nemendur langt út fyrir sín heimahverfi til þess að sækja sérskóla (bls. 26) sem vissulega er ótvíræður kostur. Kostir fylgja því einnig, eins og fram kemur, að sérfræðipjónusta hverfanna nýtist nemendum þátttökubekkja og ætla má að síður verði rof á tengslum þeirra við heimaskóla. Þetta kann að vera á rökum reist en þó ber að gæta þess að sérfræðipjónusta sé í samræmi við þarfir þeirra barna sem þjónustunnar njóta í viðkomandi skólum því annars er hætt á að aðgangur að þjónustunni og samvinna þjónustuaðila, skóla og fjölskyldna reynist of flókið (Turnbull, Turnbull, Erwin og Soodak, 2006). Hið síðarnefnda orkar einnig tvímælis. Rannsóknir hér og erlendis benda eindregið til þess að ef nemendur með sérþarfir eru færðir úr almennum bekk í sérdeild innan sama skóla einangrist þeir að öðru jöfnu frá bekkjarsamfélaginu. Slik tilfærsla skapar félagslegar og oft námslegar hindranir (Barton, 2005; Allan, 1999; Dóra S. Bjarnason, 2004; Gretar L. Marinósson, 2002) jafnvel þótt nemandanum líði vel í sérdeildinni og sé sjálfur sáttur við tilfærsluna. Aðrir nemendur þátttökubekkja, þ.e. þeir sem eiga aðra heimaskóla í sama borgarhluta, munu þurfa að flytja sig um set sem bersýnilega rýfur tengsl þeirra við fyrra skóla- og bekkjarsamfélag.

Vænlegra er til árangurs, ef skólafélagið á í raun og veru að snúast um skóla án aðgreiningar, að nýta það fjármagn sem ætlað er í starfssemi þátttökubekkja, til að efla kennslufræðilega ráðgjafarþjónustu við einstaka skóla, bekki og hópa kennara og skólafélaga, ráðgjafarþjónustu sem starfar samkvæmt stefnunni skóli án aðgreiningar. Í þessu sambandi tókum við sérstaklega undir tillögur í kafla 3.3 bls. 23 í drögunum og ítrekum að ráðgjafar- og stuðningsþjónusta sú sem þar er tiunduð þarf að vera kennslufræðilegs eðlis. Fagfólk í sérskólunum tveimur veitir ráð um kennslu einstakra nemenda ef almenni grunnskólinn kallar eftir slíku en nýleg M.Ed. og M.A. próf í sérkennslufræðum frá Kennaraháskóla Íslands og síðar Menntavísindasviði Háskóla Íslands hefur þekkingu og flest reynslu til að veita þessa þjónustu. Viða erlendis t.d. í Bretlandi, Svíþjóð og Finnlandi eru sambærilegir kennsluráðgjafar nefndir SENCO (Special Need's Education Coordinator) og hafa þeir samkvæmt rannsóknum reynst vel (sjá til dæmis Nilholm and Alm, 2010).

Grunnskólar Reykjavíkur hafa nálgast stefnuna um skóla án aðgreiningar með ýmsum hætti og það er ljóst að engin ein leið gagnast öllum, hver skóli þarf að finna leiðir sem henta þeirra nemendum og starfsfólki (sjá t.d. Ferguson, 2002, 2009). Okkur er kunnugt um að víða einnir starfsfólk við grunnskóla Reykjavíkur merkilegt starf á þessu sviði. Við hvetjum starfsfólk einstakra skóla til að deila reynslu og læra af vel heppnuðu þróunarstarfi í borginni og utan hennar. Enn fremur hvetjum við til aukinnar samvinnu og gagnkvæms náms á þessu sviði á milli starfsfólks og stofnanna Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og Skóla- og frístundasviðs. Nýlegt samvinnuverkefni Boraas Høgskole og framhaldsskóla í Essung í Suður Svíþjóð er eitt dæmi um hvernig tókst að gera skóla sem stóð illa (lágar meðaleinkunnir og hátt hlutfall nemenda með félagsleg vandamál) að skóla án aðgreiningar sem varð til fyrirmyndar í Svíþjóð á örfáum árum (2007-2010). Þótt það verkefni tengist framhaldsskóla en ekki grunnskóla má læra margt af þeirri vinnu (sjá Persson og Persson, 2012).

Úthlutun fjármagns

Tillögur í drögunum um úthlutun fjármagns vegna nemenda með sérþarfir eru í samræmi við hefðbundnar leiðir, þar sem úthlutað er sérstaklega vegna fatlaðra nemenda. Þeirri aðferð er ætlað að tryggja þjónustu til þeirra sem mest þurfa á henni að halda en hún er um leið aðgreinandi í sjálfu sér. Í drögunum kemur fram að starfshópurinn er meðvitaður um þær afleiðingar sem þessi aðferð hefur til aðgreiningar auk þess sem hún skapar eftirspurn eftir læknisfræðilegum greiningum. Hér mætti hugsa sér að gera tilraunir með önnur vinnubrögð við úthlutun fjár til eins eða fleiri tiltekinnna skóla í borginni í þeim tilgangi að stuðla betur að nýtingu mannafla og til að efla kennslufræðilegan sveigjanleika í námi einstaklinga og hópa sem ella hefði verið vísað í þátttökubekki.

Þátttökubekkir, eins og hér er lagt til, eru kostnaðarsöm úrlausn og er hætt við að útgjöld vegna hennar bitni á öðrum þáttum í þjónustu við skólana s.s. ráðgjöf, handleiðslu og símenntun. Þátttökubekkjunum er ætlað að vera viðbót við önnur sérúrræði ætluð hópum með skilgreindar skerðingar/ sérþarfir í námi eða hegðun. Með fjölgun í starfsstéttum sem vinna að greiningu á vanda

barna og með æ nákvæmari greiningartækjum má enn fremur búast við að þeim börnum fjölgi sem greinast með skilgreind frávík á næstu árum, enda fylgir viðbótar fjármagn slíkum greiningum. Þá er líklegt að kröfur frá hluta foreldra og/eða fagfólks kalli á þátttökubekki fyrir þá hópa barna sem alla jafna er ekki ætluð skólavist í þátttökubekkjum eða sérskólum. Hér er því lagt upp í vegferð sem erfitt getur reynst að stöðva, er líkleg til að verða kostnaðarsöm auk þess sem hún stangast á við stefnuna um skóla án aðgreiningar og hugmyndir henni tengdar s.s. um mannréttindi, félagslegt réttlæti, virka þátttöku og gæðanám.

Niðurlag

Þegar alls er gætt fögnum við drögum þessum að framsækinni og mikilvægri stefnu skóla- og frístundaráðs um skóla án aðgreiningar og sérstakan stuðning við nemendur í grunnskólum borgarinnar. Jafnframt vörum við eindregið við því að fjölga sérúrræðum fyrir tiltekna hópa nemenda umfram það sem virðist allra brýnast. Ef styðja á betur við framgang skólafestu borgarinnar um skóla án aðgreiningar, þarf að leitast við að styrkja grunnskóla Reykjavíkur sem faglegar stofnanir. Til að vel takist til þurfa kennarar og aðrir starfsmenn skóla að vera hluthafar í breytingum á eigin skóla, finna að á þá sé hlustað og að reynsla þeirra og þekking sé metin. Kennarar sækja faglegan styrk sinn að stórum hluta í öflugt námssamfélag og kennslufræðilega forystu í skólanum sem þeir starfa á (t.d. Louis, Dretzke og Whalstrom, 2010). Við mælum eindregið með því að fjármagni og mannafla verði beint að því að styrkja skólana, hvern fyrir sig, sem faglegar stofnanir til að takast á við þau fjölþætta verkefni sem þeim er ætlað að sinna. Við leggjum til að starfsfólk einstakra skóla verði hvatt til að leggja styrk sinn og þekkingu saman og umbunað fyrir að efla skólafarfið í anda skóla án aðgreiningar.

Starfsfólk Menntavísindasviðs og Rannsóknarstofu um skóla án aðgreiningar er reiðubúið til samstarfs við Skóla- og frístundasvið borgarinnar um ráðgjöf, símenntun, þróunarstarf eða rannsóknarvinnu.

Heimildir

- Allan, J. (2012). The Inclusion Challenge. Í Barow, T. og Östlund, D. (Ed.). *Bildning för alla!* Höskolan Kristianstad och respective författare.: 109-120
- Allan, J. (1999). *Actively seeking inclusion: Pupils with special needs in mainstream schools*. London: Falmer.
- Barton, L. (2005). *Special educational needs: an alternative look*. Unpublished discussion paper.
- Brúarskóli: heimasíða sótt 8.júní 2012
- Dóra S. Bjarnason. (2004). *New voices from Iceland: Disability and young adulthood*. New York: Nova Science Publishers Inc.
- Dóra S. Bjarnason. (2005). Disability studies and their importance for special education professionals. *Nordisk Pedagogik*, 4, 339-356.
- Dóra S. Bjarnason. (2010). Gjennom labyrinten: Hva er (spesial) pedagogikk i et inkluderende miljø? Í Reindahl, S. og Hausstätter, R.S. (ritstj.) *Spesialpedagogikk og etikk: Kollektivt ansvar og individuelle rettigheter*. Lillehammer, Høyskoleforlaget. Bls. 72-87.
- Dóra S. Bjarnason og Gretar L. Marinósson. (2008). Kenningaleg sýn. Í Gretar L. Marinósson (ritstj.). *Tálmor og tækifæri. Menntun nemenda með þroskahömlun á Íslandi*, bls. 47-58. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Egelund, N. og Tetler, S. (ed.). (2009). *Effector af specialundervisningen*. København: Danmarks Pædagogiske forlag.
- Ferguson, D. L. (2009). Honoring and celebrating diversity in educational research. *Educare*

4:9-18.

Ferguson, D. L., Ralph, G. og Sampson, N.K. (2002). From „special“ educators to educators: The case for mixed ability groups of teachers in restructured school. In W. Sailor (ed). *Whole school success and inclusive education: Building achievements and accountability*. New York, Teachers College Press.

Gretar L. Marinósson. (2002). *The responses of pupil diversity by a mainstream compulsory school in Iceland*. Óbirt PhD ritgerð, Institute of Education, University of London

Hagstofa Íslands. (2012). Talnagögn um grunnskóla. Sótt 5. júní 2012 af slóðinni:
<http://www.hagstofa.is/Hagtolur/Skolamal/Grunnskolar>.

Kristín Björnsdóttir. (2009). *Resisting the reflection: social participation of young adults with intellectual disabilities*. Reykjavík: University of Iceland, Faculty of Social and Human Sciences.

Louis K.S., Dretzke, B. og Whalstrom, K. (2010). How does leadership affect student achievement? Results from a national US survey. *School Effectiveness and School Improvement*, 21/3, p. 315-336.

Lög um grunnskóla, nr. 81/2008

Nilholm, C. og Alm, B. (2010) *An inclusive classroom? A case study of inclusiveness, teacher strategies and children's experiences*. Í Pearsson, E. Pearsson, B. (2012). Includering för ökad målpåfyllelse ur elevperspektiv. Óbirt handrit. Reglugerðar um um nemendur með sérþarfir í grunnskóla (nr. 585/2010)

Turnbull, A., Turnbull, R. Erwin, E. og Soodak, L. (2006/1986). *Families, professionals, and exceptionality*. New Jersey: Pearson, Prentice Hall. 5.útg.

Virðingarfyllst,

f.h. Menntavísindasviðs Háskóla Íslands



Dóra S. Bjarnason, prófessor
og forstöðumaður Rannsóknarstofu um skóla án aðgreiningar



Anna Kristín Sigurðardóttir, lektor
og deildarforseti Kennaradeildar

Fylgiskjal 16

Fylgiskjal 16

Reykjavík, 30. maí 2012

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur,
Ragnar Þorsteinsson sviðsstjóri,
Borgartúni 12-14,
105 Reykjavík.

Umsögn um drög að stefnu Skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur um skóla án aðgreiningar og sérstakan stuðning við nemendur í grunnskólum Reykjavíkur.

Stjórn SAMFOK þakkar fyrir að fá til umsagnar drög að stefnu Skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur um skóla án aðgreiningar og sérstakan stuðning við nemendur í grunnskólum Reykjavíkur.

Stjórnin lýsir í meginatriðum yfir mikilli ánægju með drögin og þau viðhorf sem þar koma fram.

Stjórnin hefur þó áhyggjur af því að ekki sé nægjanlega tryggt að foreldrar hafi raunverulega val um úrræði fyrir börn sín. Aldrei má missa sjónar á því að velferð hvers og eins barns er það sem skiptir öllu máli og yfirvöld menntamála verða að vera tilbúin að hika frá stefnu sinni ef og þegar aðstæður einstakra barna krefjast þess.

Stjórn SAMFOK bendir á að þótt nemendur eigi rétt á kennslu við hæfi í almennum grunnskólum þá eru fleiri þættir sem hafa áhrif á árangur og velliðan barna með fatlanir svo sem félagslegir þættir. Eins og staðan er í dag telja ekki allir foreldrar að þeir hafi val um það úrræði sem þeir vildu velja barni sínu þrátt fyrir að stefnan geri ráð fyrir því. Sumir foreldrar telja jafnvel að skólaganga í almennum skólum sé ekki rétt úrræðið fyrir þeirra barn. Það eru sjálfsgöð mannréttindi að börn þeirra hafi kost á öðrum leiðum en að ganga í almennan skóla ef einhverra hluta vegna ekki er hægt að koma til móts við þarfir þeirra svo vel sé í almenna skólanum. Þetta val þarf að virða.

Stjórn SAMFOK vill einnig leggja áherslu á að skoðaður verði sérstaklega stuðningur við nemendur af erlendum uppruna, ekki síst þeirra sem eiga íslenskan föður en erlenda móður. SAMFOK hafa borist ábendingar um að vandi þessa hóps sé oft vanmetinn. Oft standi þessi börn illa í íslensku strax í skólahyrjun þótt þau hafi fæðst og alist upp á Íslandi en skortur sé á fjármagni til þess að mæta þeim vanda þar sem þau falla utan skilgreininga á börnum af erlendum uppruna.

Stjórn SAMFOK leggur þunga áherslu á að til að stefna þessi verði meira en orð á blaði þarf að leggja vinnu í innleiðingu hennar. Skapa þarf sátt og samstöðu um stefnuna til að hún fái sem best veganesti. Ennfremur tekur stjórn SAMFOK undir og leggur áherslu á þau orð sem fram koma í drögum þessum um að „hugmyndafræði stefnunnar sé vel þekkt og viðurkennd og að vitundaráætlun sé komið af stað til að styðja við stefnuna þannig að allir aðilar skólasamfélagsins geti verið sammála um mikilvægi hennar. Ennfremur að byggð verði upp hjá starfsfólki sú hæfni, viðhorf og þekking sem þarf til árangursríks náms allra nemenda með sifeldri símenntun í samræmi við fagleg og hugmyndafræðileg viðmið.” Það væri sorglegt ef sú mikla og vandaða vinna sem lögð hefur verið í endurskoðun stefnu Skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur um skóla án aðgreiningar og sérstakan stuðning við nemendur færi forgörðum vegna þess að málinu væri ekki fylgt úr hlaði á nauðsynlegan hátt.

Með kveðju,
f.h. SAMFOK;

Bryndís Jónsdóttir,
framkvæmdastjóri

Fylgiskjal 17



Reykjavík, 23. maí 2012
2012040025
0.1.0

UMSÖGN

Viðtakandi: Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Sendandi: Velferðarsvið Reykjavíkurborgar

Efni: Umsögn um drög að stefnu skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur um skóla án aðgreiningar og sérstakan stuðning við nemendur í grunnskólum Reykjavíkur

Með bréfi dags 23. apríl 2012 óskaði Skóla- og frístundasvið eftir umsögn um drög að stefnu skóla- og frístundaráðs um skóla án aðgreiningar og sérstakan stuðning við nemendur í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Óskað var eftir umsögn sérfræðipjónustu við leik- og grunnskóla á þjónustumiðstöðvum Reykjavíkur. Þar sem þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar eru hluti af Velferðarsviði Reykjavíkur og þar sem Velferðarsvið Reykjavíkur ber ábyrgð á þjónustu við fatlað fólk í Reykjavík eftir yfirfærslu málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga er hér einnig gefin umsögn frá Velferðarsviði Reykjavíkur. Umsögnin þessi er því tvískipt. Fyrri hluti umsagnar þessarar, **A**, er almenn umsögn Velferðarsviðs um stefnuþrógin og þau atriði sem snúa almennt að þjónustu Velferðarsviðs. Meðal þeirra er þau atriði stefnuþraganna sem snúa að þjónustu Barnaverndar Reykjavíkur, en Barnavernd Reykjavíkur er hluti af Velferðarsviði. Síðari hluti umsagnar þessarar, **B**, er umbeðin umsögn deildarstjóra í sérfræðipjónustu við leik- og grunnskóla á þjónustumiðstöðvum Reykjavíkur um stefnuþrógin.

Í umsögn þessari er m.a. tekið mið af Framtíðarsýn Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk. Sum þeirra barna sem njóta munu þjónustu skv. stefnuþrógu þessum fá einnig aðra þjónustu hjá Reykjavíkurborg skv. þeirri framtíðarsýn. Einnig er tekið mið af þeim lögum og reglugerðum sem sviðið starfar samkvæmt en meðal þeirra eru: Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, Lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992, Barnaverndarlög nr. 80/2002 og Barnalög nr. 76/2003 en sum þeirra barna sem munu fá þjónustu hjá SFS skv. stefnuþrógu þessum fá einnig þjónustu hjá Velferðarsviði skv. ofangreindum lögum. Samþætting þjónustu var ein af grundvallaráherslum í flutningi þjónustu fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga og samþætt og heildstæð þjónusta er ein af þeim áherslum sem fram komu í áherslum foreldra fatlaðra barna á starfsdegi um málefni fatlaðs fólks sem haldinn var 19. september 2011 á Grand Hotel í Reykjavík á vegum Velferðarsviðs. Samþætting þjónustu var einnig ein af áherslum með stofnun þjónustumiðstöðva Reykjavíkur árið 2005. Með yfirfærslu þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga hafa aukist til muna tækifæri til samþættingu þjónustu á þjónustumiðstöðvum þar sem saman vinna sérfræðingar með margvíslegan faglegan bakgrunn og þar með möguleikar á að koma til móts við óskir notenda um heildstæða þjónustu.

A. Umsögn Velferðarsviðs Reykjavíkur um drög að stefnu skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur um skóla án aðgreiningar og sérstakan stuðning við nemendur í grunnskólum Reykjavíkur.

1. Endurskoðun stefnunnar.

Velferðarsvið Reykjavíkur fagnar því að stefna fræðsluráðs Reykjavíkur um sérkennslu frá 2002 hafi nú verið endurskoðuð. Velferðarsvið fagnar því jafnframt að við endurskoðunina hafi verið leitað til fulltrúa notenda þjónustunnar og sérfræðinga í fötlunarfræðum úr háskólasamfélaginu. Velferðarsvið þakkar jafnframt það samráð sem haft var við fulltrúa sérfræðiþjónustu skóla á Velferðarsviði. Velferðarsvið bendir þó á að ekki var haft samráð við fulltrúa annarrar þjónustu sviðsins sem veitt er til barna, þ.m.t. félagsráðgjafa á þjónustumiðstöðvum sem í mörgum tilvikum vinna með starfsmönnum sérfræðiþjónustu skóla, fulltrúa Barnaverndar Reykjavíkur og sérfræðinga sviðsins í þjónustu við fatlað fólk.

Velferðarsvið fagnar því að við gerð stefnunnar var Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks hafður til hliðsjónar ásamt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Velferðarsvið bendir þó á að skv. stefnuðrögum þeim sem send voru til umsagnar virðist stefnumörkun Reykjavíkurborgar um þjónustu við fatlað fólk ekki hafa verið höfð til hliðsjónar. Sú stefnumörkun var samþykkt einróma í borgarstjórn Reykjavíkur 18. janúar 2011 undir yfirskriftinni: Framtíðarsýn Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk. Við mótn þessarar framtíðarsýnar var samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks hafður að leiðarljósi. Í því felst viðurkenning á sjálfstæðu lífi á eigin forsendum, jöfn tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu, réttur til aðstoðar við að lifa innhaldsríku lífi og viðurkenning á fjölbreytileika mannlífsins og mannréttindum allra. Í framtíðarsýn borgarinnar felst eftirfarandi:

- Margbreytilegum þörfum borgarbúa verði mætt með sveigjanlegri og einstaklingsmiðaðri þjónustu sem veitt er af ábyrgð, virðingu og fagmennsku.
- Aðgengi að þjónustu verði tryggt í nærumhverfi borgarbúa.
- Jafnræði í þjónustu verði tryggt.
- Viðtækt samráð verði haft við notendur, hagsmunasamtök, starfsfólk og háskólasamfélagið um þróun þjónustunnar.
- Borgarbúar sem þurfa aðstoð í daglegu lífi hafi val um hvernig aðstoðinni við þá er háttað. Unnið verði að þróun notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar.

2. Leiðarljós stefnunnar og almenn stefnutök:

Velferðarsvið tekur undir leiðarljós stefnu skóla- og frístundaráðs um að grunnskólar Reykjavíkur séu án aðgreiningar þar sem allir nemendur eru virkir og fullgildir þátttakendur í skóla- og námssamfélaginu á jafnréttisgrunni.

Velferðarsvið tekur einnig undir áherslur stefnunnar um sveigjanlegt nám, fjölbreytta kennsluhætti og sérstakan stuðning sem sé hluti af almennu skólastarfi. Jafnframt er tekið undir þær áherslur að metið sé hvort nemendur þurfi á sérstökum stuðningi að halda, að það mat taki bæði mið af umhverfi og einstaklingnum, að útbúin sé sérstök einstaklingsnámskrá og að skólinn leiti samstarfs við fagaðila sem að málum nemanda koma. Velferðarsvið tekur undir mikilvægi þróunar sérstakra þjónustuúrræða til að mæta betur þörfum nemenda sem á þurfa að halda. Velferðarsvið tekur einnig undir mikilvægi aðgerða til að tryggja jafnræði í þjónustu við íbúa borgarinnar, óháð skólum eða hverfum.

Almennt bendir Velferðarsvið á þá skýru ósk foreldra fatlaðra barna sem fram kom á starfsdegi um málefni fatlaðs fólks sem haldinn var 19. september 2011 með þátttöku notenda, aðstandenda, fagfólks og sérfræðinga hjá Reykjavíkurborg og í háskólasamfélaginu að Reykjavíkurborg horfi heildstætt og samfellt á þjónustu við börnin, innan dags, innan viku, mánaðar og árs, og á milli aldursbila. Jafnframt að foreldrar þurfi ekki, nú þegar þjónustan er flutt frá ríki til borgar, að leita á marga staði vegna þjónustu við börn sín. Nauðsynlegt er því að í svo mikilvægri stefnumörkun skóla- og frístundaráðs sem umrædd drög eru komi skýrt og afdráttarlaust fram skylda skóla til samstarfs og samvinnu við allar þjónustueiningar innan borgarinnar sem veita þjónustu til barna sem og þjónustueiningar af sama toga utan borgar.

Almennt telur Velferðarsvið á ýmsum stöðum í stefnudrögunum megi skýra nánar við hvað er átt til að taka af allan vafa um að hverju er stefnt og til hvers er ætlast. Í umsögn þessari gengur Velferðarsvið almennt út frá því að með stefnudrögum þessum sé verið að leggja drög að aukinni og bættri þjónustu við börn og foreldra þeirra í grunnskólum Reykjavíkur. Gert er ráð fyrir ætlunin sé sú að bæta við þá sérfræðiþjónustu sem nú er til staðar á þjónustumiðstöðvum borgarinnar með því að efla sérfræðiþjónustu í skólum og sérskólum, enda er ljóst að það þjónustumagn af sérfræðiþjónustu grunnskóla sem fyrir er í borginni annar hvorki þörfum skóla né einstaklinga.

3. Einstakir stefnuþættir:

Stefnuþáttur 3.3.: *Í hverjum skóla sé starfrækt ráðgjafar – og stuðningsþjónusta við nemendur og starfsfólk í skóla án aðgreiningar.*

Skýra má nánar við hvað er átt hér, en Velferðarsvið gengur þó út frá í þessari umsögn að hér sé átt við skipulagsaðila innan skóla. Framkvæmd ráðgjafar og stuðnings við kennara og nemendur hefur frá 2005 verið í höndum sérfræðiþjónustu skóla á þjónustumiðstöðvum í samræmi við stefnumörkun borgarstjórnar frá þeim tíma. Þannig hefur náðst fram þjónustusambætting með félagsþjónustu til hagsbóta fyrir börn og fjölskyldur í borginni auk þess sem jafnræði í þjónustu innan hverfa hefur aukist. Sé markmiðið með stefnuþætti 3.3. hins vegar að efla ráðgjafar- og stuðningsþjónustu innan hvers skóla gengur Velferðarsvið út frá að slíkt verði ekki gert með því að draga úr núverandi sambættri sérfræðiþjónustu á þjónustumiðstöðvum sbr. almennan fyrirvara í 2. kafla þessarar umsagnar eða að slíkt sé hluti af víðtækari breytingum á skipulagi þjónustu í borginni í samræmi við stefnumörkun borgarstjórnar.

Stefnuþáttur 4.2.2: *Þegar nemandi, að lokinni skólavist í Brúarskóla, á við svo alvarlegan atferlisvanda og geðrænan vanda að etja að hann stofnar sjálfum sér og /eða öðrum í hættu, nýtur ekki skólagöngu sinnar og tekur ekki framförum í námi þrátt fyrir sértækan stuðning, vinnur Brúarskóli, heimaskóli og frístund í samstarfi við félagsþjónustu og/eða barnavernd og aðra fagaðila að heildstæðu, sértæku úrræði fyrir nemandann.*

Velferðarsvið fagnar því að áhersla sé lögð á að leysa margþættan og alvarlegan vanda nemenda á viðunandi hátt þannig að nemandi fái notið þess þroskatekifæris sem felst í skólagöngu í heildstæðu, sértæku úrræði fyrir nemanda. Þó að þjónustuveiting sé erfiðleikum bundin og vandi mikill mega kerfi sem lögbundna ábyrgð bera ekki slá af lögbundinni veitingu þjónustu við börn. Sviðið telur þó að þessi stefnuþáttur þarfnist nánari útskýringar og útfærslu og er sérstaklega tekið undir það atriði sem fram kemur í útskýringum með stefnuþættinum að alltaf sé stefnt að endurkomu nemandans í heimaskóla að hluta eða öllu leyti. Einnig er bent á að Barnavernd Reykjavíkur starfar

skv. barnaverndarlögum og að tekin er ákvörðun um aðkomu barnaverndar skv. þeim lögum í hverju tilviki fyrir sig. Ekki er því hægt að ganga út frá aðkomu barnaverndar að málum.

Stefnuþáttur 4.2.3: Brúarskóli vinni, í samstarfi við velferðarsvið, SÁÁ, Barnaverndarstofu og heilbrigðisþjónustu, að samþættu skóla- og meðferðarúrræði fyrir nemendur í vímuefnavanda.

Velferðarsvið fagnar samstarfi við fagaðila um samþætt skóla- og meðferðarúrræði fyrir nemendur í vímuefnavanda og endurtekur að þó að þjónustuveiting sé erfiðleikum bundin og vandi mikill megi kerfi sem lögbundna ábyrgð bera ekki gefast upp á lögbundinni veitingu þjónustu við börn. Nauðsynlegt er að allir nemendur fái notið þess þroskatekifæris sem í skólagöngu felst. Sviðið telur þó að þessi stefnuþáttur þarfnist nánari útskýringar og útfærslu. Velferðarsvið ítrekar einnig að aðkoma aðila sem starfa skv. barnaverndarlögum er ávallt á grundvelli þeirra laga og ekki er hægt að ganga út frá aðkomu þeirra. Velferðarsvið bendir jafnframt á að nauðsynlegt er að gera greinarmun á alvarlegum vímuefnavanda og tímabundnum vanda eða einstökum atvikum sem nemendur geta unnið úr með réttum stuðningi í sínum heimaskóla. Velferðarsvið bendir á að í samstarfssamningi sviðsins við SÁÁ felast möguleikar á stuðningi við þennan stefnuþátt.

Stefnuþáttur 5.1.1. Hlutur kennsluráðgjafar í sérfræðiþjónustu við skóla sé aukinn og fjölbreytni í þjónustunni með því að fá fleiri fagstéttir til starfa, s.s. talmeinafræðinga, þroska- og iðjuþjálfara.

Skýra má nánar við hvað átt er hér. Í umsögn þessari gengur Velferðarsvið þó út frá því sbr. almennan fyrirvara í 2. kafla þessarar umsagnar, að hér sé gert ráð fyrir aukinni heildarþjónustu. Aukinn hlutur kennsluráðgjafar leiði því ekki til þess að beinn stuðningur sérfræðiþjónustu við einstaklinga minnki. Það er fagnaðarefni að ætlunin sé að með aukinni kennsluráðgjöf að styðja betur við það skólaumhverfi sem barnið starfar innan. Bent er á í því sambandi að skólinn er ekki eina umhverfið sem börn þurfa að njóta sín í og að beinn stuðningur við börn nýtist þeim alls staðar, í skóla, í frístund, tómstundum og heima. Í lögum um grunnskóla er enda gert ráð fyrir að í sérfræðiþjónustu felst annars vegar stuðningur við nemendur og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi grunnskóla og starfsfólk þeirra. Í stefnuþætti þessum er einnig gert ráð fyrir að fjölbreytni í þjónustu verði aukin með því að fá fleiri fagstéttir til starfa. Velferðarsvið telur þó þetta afar jákvætt enda eru þarfir barna ólíkar og mismunandi hvaða þjónustuleiðir og aðstoð hentar einstaklingum. Aukin þjónusta af þessum toga er því afar mikilvæg.

Stefnuþáttur 5.2.1. Ráðgjafarþjónusta sérskóla og sérúræða við grunnskóla verði eflað og færð sem kostur er inn á vettvang nemenda og kennara. Sérskólar og sérdeildir hafi með sér samstarf um ráðgjöf og þjónustu við nemendur og kennara.

Skýra má nánar við hvað er átt hér. Í umsögn þessari gengur Velferðarsvið þó út frá því sbr. almennan fyrirvara í 2. kafla þessarar umsagnar að hér sé verið að auka við heildarþjónustu, þ.e. að ráðgjafarþjónusta sérskóla og sérúræða sé viðbót við þá þjónustu sem fyrir er á þjónustumiðstöðvum. Slíkt er verulegt fagnarefni og Velferðarsvið mjög tilbúið til mikilvægs samstarfs við þessa aðila um bætta þjónustu við börn. Verði framkvæmd þessa stefnuþátta hins vegar sú að með eflingu ráðgjafarþjónustu sérskóla og sérúræða verði dregið úr almenndi sérfræðiþjónustu skóla í hverfum hvetur Velferðarsvið til að varlega verði stigið til jarðar og gætt verði að

hagkvæmri nýtingu fjármuna og mannafla sem og jafnræði íbúa. Jafnframt bendir Velferðarsvið á að sé ráðgjafarþjónusta við börn með fatlanir eða börn sem eiga við hegðunar-, félags- og tilfinningalegan vanda sett í sérstakan ráðgjafarþjónustuhluta í einstökum skólum er mikilvægt að tryggja að ekki dragi úr því samstarfi og samvinnu við félagsþjónustu sem nú fer fram á þjónustumiðstöðvum og er í samræmi við þjónustuáherslur borgarinnar og óskir foreldra. Mikilvægt og nauðsynlegt er að gæta vel að slíku samstarfi.

Stefnuþáttur 5.2.2. Ráðgjafarsvið Brúarskóla vinni í samstarfi við sérfræðiþjónustu skóla á þjónustumiðstöðvum, hafi samstarf við félagsþjónustu, barnaverndaryfirvöld og heilbrigðisþjónustu bæði varðandi einstaka nemendur og málaflökkinn í heild.

Velferðarsvið fagnar auknu samstarfi við Brúarskóla, hvort sem er með hliðsjón af áherslum sérfræðiþjónustu skóla eða félagsþjónustu um málefni einstakra nemenda og almennt um málefni nemenda með hegðunar-, félags- og tilfinningalegan vanda.

Velferðarsvið bendir á að allir einstaklingar geta á einhverjum tíma í lífi sínu glímt við hegðunar-, félags- og tilfinningalegan vanda og Velferðarsvið tekur af þunga undir það sjónarmið sem fram kemur í stefnunni að ávallt skuli stefnt að endurkomu nemanda í heimaskóla að hluta eða öllu leyti.

Velferðarsvið bendir jafnframt á að ekki er hægt að ganga út frá samstarfi við barnaverndaryfirvöld enda þarf slíkt samstarf ávallt að vera byggt á grundvelli barnaverndarlaga.

Stefnuþáttur 6. Úthlutun fjármagns

Talsverð umræða hefur verið undanfarin ár um úthlutun fjármagns til þjónustu við börn í skólum og hvort úthlutun í samræmi við greiningar skili bestum árangri fyrir börn og skóla. Velferðarsvið bendir einnig á umræðu um að úthlutun fjármagns eftir greiningum ýti undir „stimplun“ barna. Velferðarsvið bendir á að það er reynsla sviðsins frá því að málaflokkur fatlaðra færðist frá ríki til sveitarfélaga að þau viðmiðunarstig um fatlanir og þroska- og geðraskanir sem Jöfnunarsjóður sveitarfélaga styðst við endurspeglar ekki í öllum tilvikum raunverulegar þarfir varðandi þjónustu og það fjármagn sem nauðsynlegt er til að mæta þeim þjónustuhörfum. Velferðarsvið vonast því til að sem fyrst verði tekin upp úthlutun fjármagns þar sem tekið er mið af stuðningsþörf barns eins og vísað er til í stefnudrögum þessum að stefnt sé að.

B. Umsögn sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla á þjónustumiðstöðvum Reykjavíkur um drög að stefnu skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur um skóla án aðgreiningar og sérstakan stuðning við nemendur í grunnskólum Reykjavíkur, unnin af deildarstjórum í sérfræðiþjónustu.

Í 17. gr. grunnskólalaga er kveðið á um að „Nemendur eiga rétt á að komið sé til móts við námsþarfir þeirra í almennum grunnskóla án aðgreiningar.“ Það er því auðvitað fagnaðarefni að skýrt sé kveðið á um þetta í leiðarljósi stefnu skóla- og frístundaráðs. Hins vegar er ekki ljóst hvers vegna stefnan um skóla án aðgreiningar er rædd og hún útlístuð eins og um sé að ræða val fyrir Reykjavíkurborg, þar sem skýrt er kveðið á um hana í lögum. Að mati sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla á þjónustumiðstöðvum Reykjavíkur mættu áhersluþættir stefnunnar vera mun meira tengdir því hvernig Reykjavíkurborg á að ná þessu markmiði um skóla án aðgreiningar. Það er álit sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla að mikilvægt sé að samvinna á milli sviða og stofnana varðandi þjónustu við fatlaða sé mikil og

að þessar samvinnubrautir séu vel skilgreindar á forsendum barna og fjölskyldna þeirra. Aðrar athugasemdir við stefnuþætti eru eftirfarandi:

1. Skýrar þarf að skilgreina hvaða þjónusta á að vera í boði fyrir börn með sérþarfir í grunnskólum og hvernig sérkennslu og sérúræðum er úthlutað.

Þegar sérkennslu til barna með sérþarfir er úthlutað til leikskólabarna er það gert af deildarstjóra sérfræðipjónustu á hverri þjónustumiðstöð og verkefnastjóra sérkennslu á SFS. Sérkennsluráðgjafi þjónustumiðstöðvar er til ráðgjafar. Metnar eru greiningar frá Greiningarstöð, Þroska- og hegðunarstöð, þjónustumiðstöð og öðrum aðilum ásamt mati á reynslu af vinnu með barnið á leikskólanum. Tilkynnt er um ákvörðun um úthlutun bréflaga til foreldra og leikskóla með afriti til þjónustumiðstöðvar. Þetta er stjórnsýsluákvörðun og foreldrar og leikskólastjórar geta áfrýjað henni til yfirstjórnar Skóla- og frístundasviðs.

Í grunnskólunum er ákvörðun um úthlutun sérkennslu til barna með sérþarfir hins vegar á vegum verkefnastjóra og fjármálastjóra hjá Skóla- og frístundasviði. Enginn sérfræðingur í mati á greiningum á sérþörfum barna kemur þar að. Tilkynning um ákvörðunina fer til skólastjóra en ekki til foreldra eða þjónustumiðstöðvar. Ef foreldrar leita eftir hver úthlutunin er fá þeir svör við slíkri fyrirspurn í síma. Inntaka í sérúræði á vegum Reykjavíkurborgar er með sama sniði. Í inntökuteymi í Klettaskóla, Brúarskóla og sérdeilda fyrir einhverf börn eru skólastjóri og verkefnastjóri frá SFS. Ekkert samráð er við sérfræðipjónustu um slíkar ákvarðanir þó erfitt sé annað en að túlka grunnskólalög á þann hátt að svo ætti að vera og engin tilkynning fer til þjónustumiðstöðva um ákvörðun. Ekki er hægt að sjá að foreldrar hafi almenn réttindi sbr. stjórnsýslulög gagnvart slíkri stjórnvaldsákvörðun. Mörg af þessum börnum þurfa og fá stuðningsþjónustu frá þjónustumiðstöð. Samvinna á milli Skóla- og frístundasviðs og Velferðarsviðs er ekki á forsendum barnanna og foreldra þeirra heldur á forsendum skólanna og háð því að skólinn óski eftir samvinnu. Einnig er bent á að þessi aðferð getur haft óhagræði í för með sér fyrir Reykjavíkurborg þar sem miklum fjármunum er varið til sérkennslu og hefur það aukist verulega á síðustu árum. Með betri rýni í greiningar og þarfir nemenda í samvinnu við sérfræðipjónustu skóla á þjónustumiðstöðvum og betri upplýsingum um hvernig fjármunum er ráðstafað, ætti að vera hægt að nýta fjármuni betur. Bent er á tilraunaverkefni um „hegðunarráðgjafa“ sem núna er í gangi í leikskólum í Breiðholti og Grafarvogi í þessu sambandi.

2. Samvinna á milli sviða og starfseininga Reykjavíkurborgar þarf að vera skýrari.

Fötluað börn og börn með miklar sérþarfir fá skilgreinda þjónustu bæði á vegum Velferðarsviðs og Skóla- og frístundasviðs. Þjónustu við þessi börn þarf að skoða heildrænt. Góð þjónusta við fjölskyldur á vegum Velferðarsviðs getur þýtt að sérþjónusta í skóla og/eða í frístund nýtist betur og öfugt. Eftir því sem heildarþjónustan er betri og heilðrænni hefur hún þeim mun meira forvarnargildi og eykur velferð einstaklinganna. Hugsanlega gæti umönnunarþörf minnkað þegar til lengri tíma er litið. Samvinna og heildarsýn á þarfir einstaklingsins og/eða fjölskyldunnar þarf því að vera markmið af hálfu allra sviða. Slíkt samstarf er jafnframt í samræmi við 40. gr. grunnskólalaga þar sem segir: „Sveitarfélög sem reka grunnskóla skulu hafa frumkvæði að samstarfi sérfræðipjónustu, félagsþjónustu, barnaverndaryfirvalda og heilbrigðisþjónustu innan sveitarfélagsins vegna nemenda með sérþarfir og langvinn veikindi.“

3. Hlutverk sérfræðipjónustunnar í stefnunni þarf að vera mun skýrara. Í drögunum er ekki tekið tillit til hlutverks sérfræðipjónustu í lögum, villur eru settar fram um

þjónustuna og rangfærslur eru nokkrar. Sérfræðiþjónusta leik- og grunnskóla á þjónustumiðstöðvum bendir á að í 2. mg. 17. gr. laga um grunnskóla er kveðið á um að nemendur eigi rétt á að sérþarfir þeirra séu metnar. Í 40. gr. sömu laga segir:..... „*Sérfræðiþjónusta sér um að greining fari fram, skilar tillögu til skólastjóra um hvernig við skuli bregðast, fylgist með úrbótum og metur árangur*“. Í reglugerð um sérfræðiþjónustu frá 2010 segir m.a.: „*Að fenginni athugun eða greiningu gerir starfsfólk sérfræðiþjónustu sveitarfélags tillögu um viðeigandi úrræði með starfsfólki skóla, svo sem ráðgjöf og fræðslu til kennara og foreldra og viðeigandi stuðning við nemendur eða nemendahópa. Eftirfylgni og mat á árangri er í höndum sérfræðiþjónustu í samstarfi við viðkomandi skóla*“.

- a) Þetta þýðir að ef nemandi á við fötlun að stríða eða getur ekki nýtt sér almenna þjónustu grunnskólans á að fara fram greining sem sérfræðiþjónustan á að sinna. Í drögunum er þetta hlutverk gert óljóst sem er bagalegt gagnvart öllum aðilum, þ.e. foreldrum, skólanum og sérfræðiþjónustunni.
 - b) Einnig er óljóst í drögunum hvernig sérfræðiþjónustunni er ætlað að fylgjast með úrbótum og meta árangur. Eins og staðan er í dag eru sérkennsluúrræði aðgreind frá sérfræðiþjónustunni og henni því gert erfitt að sinna þessu hlutverki. Börn eru í sérúrræðum t.d. sérskólum eða sérdeildum án þess að formleg samvinna sé við sérfræðiþjónustu í öllum málum. Þetta er óviðunandi ef miðað er við ákvæði laganna. Sömuleiðis er þetta óheppilegt ef miðað er við þarfir barnanna og foreldra. Börn sem eru í sérúrræði eru oft einnig með stuðningsþjónustu frá þjónustumiðstöð. Samvinna og samspil á milli slíks stuðnings ætti að vera öllum til góðs.
 - c) Ekki er aðili frá sérfræðiþjónustu í inntökuteymum í sérskólum eða sérdeildum hvað þá að samráð sé við sérfræðiþjónustuna um æskilega uppbyggingu á þessum sérúrræðum. Einn deildarstjóri var skipaður í inntökuteymi Brúarskóla fyrir 7 árum en hefur aldrei verið boðaður á fund.
4. **Úthlutun fjármagns.** Við mat á úthlutun er stuðst við reglur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Þessar reglur eru um margt óheppilegar. Þær eru mjög læknisfræðilega miðaðar, eins og bent er á í nánari skýringum í drögunum, og taka lítið mið af hegðunarerfiðleikum og hvernig gengur að vinna með barn í aðstæðum. Börn sem eru eins skilgreind og fá sömu úthlutun geta verið mjög mismunandi hvað varðar umönnunarþarfir og hæfni til náms. Í reglunum er of lítill munur gerður á umönnunarþörf barna annars vegar og kennslu- og þjálfunarþörf barnanna hins vegar.
5. **Ráðgjafarþjónusta sérskóla og sérúrræða.** Hugmynd um sérfræðiþjónustu sérskóla og sérúrræða í stefnuþætti 5.2 er sérkennileg í ljósi þess að Reykjavíkurborg hefur skipulagt sérfræðiþjónustu á þjónustumiðstöðvum sbr. lög og reglugerð þar um. Með þessu virðist sem verið sé að setja á stofn aðra sérfræðiþjónustu til hliðar við hana. Þarfnast þessi stefnuþáttur nánari útskýringar við. Æskilegra virðist að skýra samstarfsbrautir betur á milli starfseininga Reykjavíkurborgar sem sinna þjónustu við börn og efla þá sérfræðiþjónustu sem fyrir er sbr. stefnuþátt 5.1. m.a. með aukinni fjölbreytni.
6. **Afrakstur samvinnu og samstarfs:** Sérfræðiþjónusta leik- og grunnskóla á þjónustumiðstöðvum hefur á síðustu misserum átt samstarf við SFS um ýmsa verkferla og leiðbeiningar um samvinnu á milli þjónustumiðstöðva, grunnskóla, SFS, Barnaverndar og fleiri aðila. Ekki er að sjá að tillit sé tekið til þess nema að hluta.

7. **Kaflí 7: Innleiðing, framkvæmd og mat.** Kaflinn er afar óljós og varðar beint og óbeint starfsemi sem sérfræðiþjónustan á að sinna samkvæmt grunnskólalögum og reglugerð um sérfræðiþjónustu. Kaflinn þarf að vera skýrari, sérstaklega varðandi aðkomu sérfræðiþjónustunnar.

Niðurlag:

Velferðarsvið fagnar því mjög að ný sérkennslustefna líti dagsins ljós og að við samningu hennar hafi mið verið tekið af samningi Sameinuðu Þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Velferðarsvið sér um framkvæmd sérfræðiþjónustu skóla samkvæmt núverandi skipulagi Reykjavíkurborgar. Óljós stefnumörkun í því sambandi hefur hamlað þjónustunni undanfarin ár. Það hefur skortur á fjármagni einnig gert.

Það er reynsla Velferðarsviðs að í kjölfar efnahagsvanda hafi flækjustig í þjónustu við einstaklinga aukist. Mál þau sem Velferðarsvið sinnir, hvort sem litið er til félagsþjónustu, barnaverndarþjónustu eða sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla eru þyngri, flóknari og erfiðari úrlausnar en áður. Hvert og eitt mál tekur því meiri tíma sérfræðinga. Stefnumörkun um aukna og bættu þjónustu við börn er því gleðiefni og Velferðarsvið gengur út frá því að það sé grunnstef stefnudraga þessara.

Þó er bent á að skýra má ákveðna stefnuþætti nánar, enda má lesa suma þeirra þannig að ætlunin sé að dreifa kröftum í sérfræðiþjónustu á fleiri staði en nú er. Sé það markmiðið er hætta á því að þjónusta muni veikjast frekar en eflast og að framkvæmdin verði úr takti við núverandi stefnumörkun borgarinnar.

Loks bendir Velferðarsvið á að það vekur furðu að framtíðarstefnumörkun í þjónustu skóla við fötluð börn skuli ekki taka mið af nýsamþykktri Framtíðarsýn Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk. Þjónusta grunnskóla er aðeins einn hluti af þeirri þjónustu sem Reykjavíkurborg veitir fötluðum börnum. Það er gríðarnauðsynlegt að þau svið sem bera ábyrgð á þjónustunni samhæfi stefnu sína og framkvæmd þjónustu og hafi samstarf sín á milli sem skilar sér í heildstæðri og markvissri aðstoð við fötluð börn og fjölskyldur þeirra. Aðeins þannig mun takast að ná fram markmiðum með yfirfærslu málaflokks fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga og koma betur til móts við þarfir barna og fjölskyldna þeirra.

F.h. Velferðarsviðs


Ellý A. Þorsteinsdóttir, sviðsstjóri

Fylgiskjal 18

JÖFNUNUNARSJÓÐUR SVEITARFÉLAGA

Vinnureglur I

Víðmiðunarstig fatlana vegna greiðslna úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga
(Miðað við alþjóðlega skilgreiningu á viðkomandi fötlun og að viðkomandi falli undir lög um málefni fatlaðra, nr. 52/1992)

Flokkur	I.	II.	III.	IV.	V.	VI.
	Hreyfihamlaðir	Þroskahamlaðir	Málhamlaðir	Gagn. þroskaraskanir	Skynhamlaðir I	Skynhamlaðir II.
1	Alvarleg hreyfihömlun, bundin(n) hjólastól, háður öðrum um ferli, athafnir daglegs lífs, tjáskipti. Nokkur fjölbreyttra hjálpartækja, aðlögun á húsnæði og aðstöðu, auk sérkennslu. Þörf á sérhæfðri ráðgjöf. Hefur notið þjónustu svæðisskrifstofu	Alvarleg þroskahömlun, mikið aðstoð í athöfnum daglegs lífs, þjálfun í daglegri færni og aðlögun, mikið eðlirit eða styring, atferlismeðferð, auk sérkennslu. Þörf á sérhæfðri ráðgjöf. Hefur notið þjónustu svæðisskrifstofu		Einhverfa og ódæmigerð einhverfa, alvarleg einkenni, auk þroskahömlun. Mikil aðstoð og eðlirit í daglegu lífi, sérhæfð einstaklingsbundin þjálfun og meðferð vegna einhverfu, mikið eðlirit utan skólastofu, auk sérkennslu. Þörf á sérhæfðri ráðgjöf. Hefur notið þjónustu svæðisskrifstofu.	Blinda. Aðstoð við ferðisál, umferli í skóla og við ýmsar athafnir daglegs lífs. Sérhæfð sérkennsla og kennsluáðgjöf, blindalestur, umtalsverður kostnaður vegna hjálpartækja. Þörf á sérhæfðri ráðgjöf. Hefur notið þjónustu svæðisskrifstofu.	Alvarleg heyrnarskerðing. Táknið í samskiptum. Veruleg sérhæfð sérkennsla. Reglulegt sérfræðilegt mat á námslegri/félagslegri stöðu og ráðstafanir skv. því. Hjálpartæki við kennslu. Aðlögun skólaumhverfis.
2	Miðlungs hreyfihömlun, stafir eða hækjur, háar spælkur. Umaltisverð aðstoð við athafnir daglegs lífs (klæðnað, þrif) og við daglegt ferli, aðlögun á vinnuáðstöðu og húsnæði, nokkur aðstoð utan skólastofu, auk sérkennslu. Þörf á sérhæfðri ráðgjöf. Hefur notið þjónustu svæðisskrifstofu	Væg til miðlungsalvarleg þroskahömlun, talsverð aðstoð við margar athafnir daglegs lífs, þjálfun í félagsfærni og í aðlögunarfærni, umtalsverð styring í hóp, atferlissvandi, aðstoð í frimíndum, auk sérkennslu. Þörf á sérhæfðri ráðgjöf. Hefur notið þjónustu svæðisskrifstofu	Alvarleg málhömlun, málleg greindarvísitala eins og um þroskahömlun sé að ræða (ytt greindarvísitala <70), þörf á verulegri aðstöð við félagslega aðlögun og samskipti, nokkur óhefðbundinna tjáskiptaleiða, auk sérkennslu. Þörf á sérhæfðri ráðgjöf. Hefur notið þjónustu svæðisskrifstofu.	Alvarleg einkenni á einhverfurófi, sem leiða til verulegs félagslegs stuðnings og þjálfunar í samskiptum og félagsfærni, eðlirit og stuðnings utan skólastofu, auk sérkennslu. Þörf á sérhæfðri ráðgjöf. Roskun hefur leitt til tilvísunar á sérhæfða greiningarstofnun. Hefur notið þjónustu svæðisskrifstofu.	Veruleg sjónskerðing, nokkun hjálpartækja, aðlögun á húsnæði og námsumhverfi. Nokkur aðstoð við ferli. Aðlögun á námsferni vegna sjónskerðingar. Þörf á sérhæfðri ráðgjöf. Hefur notið þjónustu svæðisskrifstofu.	Veruleg heyrnarskerðing. Heyrnartæki. Stuðningskennsla. Aðlögun skólastofu. Hjálpartæki við kennslu. Reglulegt sérfræðilegt mat á námslegri/félagslegri stöðu.

1.11.2002

Fylgiskjal 19

JÖFNUNUNARSJÓÐUR SVEITARFÉLAGA

Vinnureglur II.

Viðmiðunarstig þroska- og geðraskana vegna greiðslna úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga
(Miðað er við alþjóðlega skilgreiningu á viðkomandi röskun og að greiningargögn séu megin hjá Barna- og unglingageðdeild Landspítalans,
sbr. 4. gr. A, reglugerð um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla, nr. 351/2002)

Flokkur	VII. Fjölpáttta hegðunartruflun	VIII. Gagnræður þroskaraskanir	IX. Geðlofi og geðhvarfasyki	X. Verulegar truflanir er varða tilfinningar og félagslega aðlögun
1			Viðvarandi og alvarleg einkenni geðrofs eða geðhvarfa, þörf á miklum félagslegum stuðningi í skóla, þjálfun í félagsfærni, aðstoð og eftirlit utan skólastofu. Þörf á sérhæfðri ráðgjöf. Röskunin hefur leitt til tilvísunar á sérhæfða greiningarstofnun.	
2	Alvarleg ofvirkniröskun, athyglisbrestur með ofvirkni eða hegðunaröskun, ásamt fylgiröskunum, sem leiða til umfangsmikils stuðnings í hóp og einstaklingsbundinnar atferlismóðferðar, virks eftirlits utan kennistofu, auk sérkennslu. Þörf á sérhæfðri ráðgjöf. Röskun hefur leitt til tilvísunar á sérhæfða greiningarstofnun*. Endurnmat á forsendum greiðslu eftir 3 ár.	Þessi flokkur hefur verið samneinaður IV-2.	Viðvarandi íþyngjandi einkenni geðrofs eða geðhvarfa, þörf á untalsverðum félagslegum og tilfinningalegum stuðningi í skóla, þjálfun í félagsfærni, aðstoð og eftirlit utan skólastofu. Þörf á sérhæfðri ráðgjöf. Röskunin hefur leitt til tilvísunar á sérhæfða greiningarstofnun*.	Alvarleg og viðvarandi íþyngjandi einkenni tilfinningaröskunar svo sem kvíða og þunglyndis, alvarlegrar áráttu- og þráhyggjuröskunar. Þörf á verulegum félagslegum og tilfinningalegum stuðningi í skóla, þjálfun í félagsfærni, aðstoð og eftirlit utan skólastofu. Þörf á sérhæfðri ráðgjöf. Röskunin hefur leitt til tilvísunar á sérhæfða greiningarstofnun*. Endurnmat á forsendum greiðslu eftir 3 ár.

* Með sérhæfðum greiningarstofnunum vegna geð- og hegðunarraskana er átt við Barna- og unglingageðdeild og Barnadeild FSA 1.11.2002